

Milli mála

Milli mála

Tímarit um erlend
tungumál og menningu

15. ÁRGANGUR

Ritstjórar
Geir Þórarinn Þórarinsson
Þórhildur Oddsdóttir



STOFNUN
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

*Styrktarsjóði SVF er þakkaður
stuðningur við útgáfu tímaritsins*

*Milli mála er ritrýnt tímarit
og er ritrýnum þakkað þeirra framlag*

Háskólaútgáfan
Reykjavík 2023

© Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og höfundar/þýðendur efnis.

Umbrot: Valgerður Jónasdóttir
Hönnun kápu: Ragnar Helgi Ólafsson
Prentun: Litlaprent ehf.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

U201404
ISBN 978-9935-23-026-3
ISSN 2298-7215

Efni

Frá ritstjórum	7
--------------------------	---

RITRÝNDAR GREINAR

Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir

Menning, staðhættir og saga sem endurspeglast í föstum orðasamböndum í íslensku, spænsku og þýsku	11
--	----

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir

<i>Es þak glaðaspraða?</i> Um uppbyggingu íslensks skordýramáls, tilbúin tungumál og bullmál	48
---	----

Katelin Marit Parsons

Svar við bréfi Fríðu: Skáldkonan Arnfríður Sigurgeirsdóttir og frænkan í vestrinu	83
--	----

Lara Wilhelmine Hoffmann, Markus Hermann Meckl, Yvonne Höller

Predictors of satisfaction / dissatisfaction with Icelandic language course and Icelandic proficiency among adult immigrants in Iceland	106
---	-----

Þórbildur Oddsdóttir og Brynbildur Anna Ragnarsdóttir

Dansk som transitsprog for islændinge ind i Norden. Kan dansk fungere som nøgle til svensk og norsk?	141
---	-----

Marion Lerner

Verschollen, wiedergefunden und missverstanden. Ein Reisebericht aus Island, vermeintliche Tagebücher und andere Manuskripte im Nachlass von J.C. Poestion	171
--	-----

ÓRITRÝNT EFNI

Bergþóra Kristjánsdóttir

Norðurlönd, tungumál þeirra og menning í námsgögnum 211

ÞÝÐINGAR

Hólmfríður Garðarsdóttir

Um Cristinu Civalé 219

Cristina Civalé

Malbec 222

Bloody Mary. 227

Höfundar, þýðendur og ritstjórar. 232

Frá ritstjórum

Annað árið í röð koma út tvö hefti af ritinu *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu*. Fyrra hefti ársins kom út í júlí og ber yfirskriftina *Skáldið, taóíð og dulspekin* og fjallar um áhrif daoisma og dulspeki í verkum Halldórs Laxness og túlkun hans á þeim. Gestaritstjóri er Geir Sigurðsson. Sérhefti næsta árs verður helgað smásögum og öðrum stuttum textum. Gestaritstjóri verður Kristín Guðrún Jónsdóttir.

Heftið sem hér birtist er annað hefti 15. árgangs. Að þessu sinni birtum við sex ritrýndar greinar um málvísindi, tungumálakennslu, bókmenntir og menningu, auk einnar óritrýndrar greinar (sem er þýdd úr dönsku), og tveggja þýddra smásagna ásamt kynningu á höfundi þeirra.

Þrjár fyrstu greinarnar eru á íslensku. Í fyrstu greininni fylgja þær Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir eftir tveimur greinum um orðasambönd í íslensku, spænsku og þýsku sem birtust í 13. og 14. árgangi ritsins. Að þessu sinni fjalla þær um föst orðasambönd sem endurspeгла menningu, staðhætti og sögu í íslensku, spænsku og þýsku.

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir fjallar um barnabók, sem samin var á ensku skordýramáli og þýdd á íslenskt skordýramál. Jafnframt gerir hún grein fyrir tilbúnum tungumálum og bullmálum, tilurð þeirra og uppbyggingu. Grein hennar nefnist „Es þak glaðaspraða?“ og eru þar m.a. tekin dæmi af uppbyggingu og málfræði þessa nýja tungumáls í samanburði við raunveruleg/þekkt tungumál.

Grein Katelin Marit Parsons, „Svar við bréfi Friðu: Skáldkonan Arnfriður Sigurgeirsdóttir og frænkan í vestrinu,“ fjallar um stöðu (tveggja) kvenna á dögum Vesturferða – þeirra sem fóru og þeirra sem fóru hvergi – sem og möguleikum kvenna til að koma skáldskap sínum á framfæri.

Lara Hoffmann, Markus Meckl og Yvonne Höller fjalla á ensku um forspár tengdar framförum í máltileinkun og misjafna ánægju

fullorðinna innflytjenda með námskeið í íslensku. Gerð er grein fyrir rannsóknnum höfunda norðan heiða og niðurstöðum þeirra.

Í grein Þórhildar Oddsdóttur og Brynhildar Önnu Ragnarsdóttur er fjallað á dönsku um rannsókn á því hversu vel íslenskir tíundubekkingar séu líklegir til að skilja orðaforða í texta á sænsku miðað við sama texta á dönsku. Til grundvallar rannsókninni liggur sú fullyrðing að kunnátta í dönsku sé lykill Íslendinga að skandinavísku málunum norsku og sænsku.

Marion Lerner ritar á þýsku um Íslandsferð J.C. Poestion árið 1906 og kynni hans af landi og fyrimönnum á þeim tíma. Að baki liggja ítarlegar rannsóknir á dagbókum eignaðar honum sem og öðrum handritum sem eftir hann liggja.

Þá er í heftinu þýðing á áður birtri grein eftir Bergþóru Kristjánsdóttur um kennslu og kynningu á skandinavískum málum á Norðurlöndum í anda Helsinkisáttmálans. Hvar gætir þessa í námskrám landanna og hvaða mynd fá unglingar af Norðurlöndunum út frá því námsefni sem í boði er?

Að lokum birtast í heftinu tvær smásagnabýðingar eftir argentinnska rithöfundinn Cristinu Civalé. Hólmfríður Garðarsdóttir þýðir og fjallar um Civalé í inngangi. Sögurnar sem hér birtast heita Malbec og Bloody Mary og eru báðar úr smásagnasafninu *Fyllerísögur*.

Ýmsir eiga þakkir skildar og er rétt að geta þeirra: höfundar, þýðendur og ónafngreindir ritrýnar fara þar fremstir í flokki en án þeirra væri útgáfa tímaritsins ómöguleg. Einnig færum við prófarkalesurum Sigríði Harðardóttur, Gísla Magnússyni, Gunnhildi Jónatansdóttur, Julian Meldon D'Arcy, sem og umbrotsmanni, Valgerði Jónasdóttur, bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Minnt er á skilafrest greina og þýðinga í næsta hefti – sem er 1. apríl 2024 fyrir næsta desemberhefti. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu tímaritsins: millimala.hi.is

*Geir Þórarinn Þórarinsson
Þórbildur Oddsdóttir*

Ritrýndar greinar

Menning, staðhættir og saga sem endurspeglast í föstum orðasamböndum í íslensku, spænsku og þýsku

1. Inngangur

Nábýli tungumála í Evrópu og menningarleg, söguleg og pólitísk tengsl milli málsvæða hafa í aldanna rás gert það að verkum að ekki einungis hafa orð borist með beinum eða óbeinum hætti á milli mála heldur einnig orðasambönd. Fyrir vikið eiga mörg tungumál ýmislegt sameiginlegt. Líkindi tungumála hafa vakið athygli fræðimanna um allan heim og hafa þeir í auknum mæli beint sjónum að samanburði mála á ýmsum sviðum, m.a. á sviði orðfræði og orðasambandafræði.

Í þessari grein er fjallað um föst orðasambönd (orðtök, orðapör, orðastæður, fleyg orð, málshætti o.s.frv.) og fellur umfjöllunin undir orðasambandafræði eða fraseólógíu. Þess ber að geta að föst orðasambönd eru viðfangsefni rannsókna innan ýmissa annarra fræðigreina, til dæmis í orðabókarfræði, innan sögulegra málvísinda, málsögu og þýðingarfræði. Hér verða föst orðasambönd í íslensku, spænsku og þýsku borin saman. Íslenska er annars vegar borin saman við rómanskt mál (spænsku) og hins vegar annað germanskt tungumál (þýsku). Þar með má skipa rannsókninni á svið með öðrum samanburðarannsóknum í málvísindum.

Föst orðasambönd eru alla jafna skilgreind sem fleiryrtar einingar, þ.e. „þau samanstanda [...] af mismörgum orðum og merking þeirra

getur ýmist verið summa af merkingu einstakra eininga orðasambandsins eða yfirfærð“ (Oddný Sverrisdóttir 2009, 3).¹ Flestar rannsóknir í orðasambandafræði hafa hverfst um að lýsa gerð og byggingu orðasambanda og flokkun þeirra eftir merkingarsviði (Piirainen 2012, 47; Corpas Pastor 2003, 39–55). Rússneski orðasambandafræðingurinn Dobrovol'skij og þýski málvísindamaðurinn Piirainen (2000, 2006, 2009, 2010, 2018; Piirainen 2005, 2011, 2012, 2016) brjóta blað í rannsóknum á orðasamböndum þegar þau leggja til aðra nálgun í flokkun og rannsóknum á þeim. Þau líta svo á að menning sé grunnstef í orðasamböndum og telja að þau endurspegli menningu þess samfélags sem þau eru sprottin úr. Þá leggja þau uppruna og fyrstu heimildir til grundvallar flokkun á orðasamböndum með það fyrir augum að kortleggja orðasambönd sem kalla mætti algild (e. *universal*), þ.e. þau koma fyrir í mörgum og jafnvel ólíkum tungumálum. Niðurstaða rannsókna þeirra er í stuttu máli sú að mörg orðasambönd sem fyrirfinnast í mismunandi tungumálum eiga sér sömu rætur og má rekja til sömu heimildar.

Almennt er talið að sérkenni hvers tungumáls felist m.a. í föstum orðasamböndum sem bera ákveðinni menningu málhafa, atvinnuháttum, veðráttu, o.s.frv. vitni og eru ekki sprottin af sama meði þó vissulega geti þau átt sér merkingarlega samsvörun í öðru tungumáli. Föst orðasambönd af þessu tagi eru svæðisbundin eða sértæk (e. *particular*), þ.e. bundin við eitt tungumál eða málsvæði þar sem þau koma sjaldnast eða ekki fyrir utan viðkomandi málsvæðis.

Í þessari grein er ætlunin að beina athyglinni að því hvernig menning, staðhættir og saga endurspeglast í orðasamböndum í tungumálunum sem urðu fyrir valinu: íslenska í Norður-Evrópu, þýska í Mið-Evrópu og spænska í Suður-Evrópu. Sjónarhornið er tvíþætt. Í fyrri hlutanum er ætlunin að reifa orðasambönd sem eru algild, þ.e.a.s. koma fyrir í mörgum tungumálum, litið verður til uppruna þeirra og í hvaða heimildum eða textum þau koma fyrst fyrir. Mörg föst orðasambönd hafa borist í þýðingum úr einu máli í annað en oft má rekja uppruna þeirra til sameiginlegra heimilda. Til að mynda hafa Biblían, sameiginlegur menningararfur, bókmenntir og mannkynssagan verið uppspretta margra fastra orðasambanda. Í

1 Eiginleikar fastra orðasambanda eru fleiryðiseðli, festa og orðtakseðli. Í þessari grein er ekki farið nánar í flokkun, gerð og eðli fastra orðasambanda heldur er vísað í Burger (2015), Corpas Pastor (1997), García-Pagé (2008), Sverrisdóttir (2009; 2012), Erlendsdóttir, Sverrisdóttir (2021); Erlendsdóttir, Sverrisdóttir (2022) þar sem fjallað er ítarlega um þessi atriði.

seinni hlutanum er gerð grein fyrir svæðisbundnum orðasamböndum í tungumálunum þremur. Augu beinast að þáttum sem liggja til grundvallar föstum orðasamböndum í þessum tungumálum og sem koma alla jafna ekki fyrir í öðrum málum.

Efnisskipan greinarinnar er þannig að í öðrum kafla er vikið að skilgreiningum og hugmyndum um menningu. Þá er sagt frá flokkun menningarbundinna orðasambanda. Fyrst er gerð grein fyrir algildum orðasamböndum (e. *universal*) og dæmi gefin um uppruna og sögu valinna orðasambanda. Þá verður litið á orðasambönd sem koma einungis fyrir í þeim tungumálum sem eru í brennidepli, íslensku, spænsku og þýsku, og kalla mætti svæðisbundin orðasambönd (e. *particular*). Í síðasta kafla er samantekt í lokaorðum.

2. Tungumál og menning

Tungumálið varðveitir sögu okkar og menningu og endurspeglar jafnframt menningarsögulegan veruleika og umhverfi málnotenda hverju sinni. Þess sér til að mynda glögg merki í þeim orðasamböndum sem spretta af ýmsum sviðum þjóðlífs og menningar.

Menning er víðfeðmt hugtak sem má skilgreina og skilja á ýmsa vegu. Í *Íslenskri orðabók* (2002) er fyrsta skilgreining orðsins „þroski mannlegra eiginleika mannsins, þjálfun mannsins, þjálfun hugans, verkleg kunnátta, andlegt líf, sameiginlegur arfur (venjulega skapaður af mörgum kynslóðum)“ og önnur er „rótgróinn háttur, siður“ (ÍO). Hér beinast sjónir fyrir það fyrsta að því sem lýtur að (1) verklegri kunnáttu, (2) andlegu lífi og (3) sameiginlegum arfi; og í annan stað því sem er rótgróinn háttur eða siður. *Íslensk nútímamálsorðabók* skilgreinir *menningu* sem „þroska- eða þróunarstig mannlegs samfélags, andlegt líf þess og efnisleg gæði“ (ÍNO), þ.e. það sem einkennir mannlegt samfélag. Ef flett er upp í *Íslenskri alfræðiorðabók* má lesa að *menning* sé „heild þekkingar, siðferðis, trúar og tákna sem er undirstaða mannlegs samfélags“ (ÍA) og Ásgeir Blöndal Magnússon gerir í stuttu máli grein fyrir uppruna orðsins *menning* í orðsifjabók sinni þar sem kunnur kemur að *menning* sé „þroski hugar og handa; arf- tekin list og kunnátta, oft í líki ýmissa hluta og verka [...] no. leitt af so. *menna*“ (ÍOS).

Gauti Sigþórsson menningarfræðingur segir að *menningu* megi skilgreina á tvo vegu: annarsvegar merkir hugtakið „það besta sem hugsað og sagt hefur verið“ og hinsvegar „nær það yfir það sem tiltekinn hópur fólks gerir“ og er hér vísað til „hefða, tungumáls, lista, trúarbragða og annars sem einkennir tiltekinn hóp eða þjóð“. Einnig bendir hann á að menning geti „átt við það sem hópar eða þjóðir eiga sameiginlegt“ og kallast alþjóðamenning (2006). Arnar Árnason mannfræðingur tekur í sama streng og nefnir hugmyndina „um menningu sem rótgróinn sið, sameiginlegan arf“ sem gjarnan er tengdur „hugtakinu þjóðmenning“, þ.e. að „hver þjóð eigi sérstaka menningu“ (2003).

Wierzbicka (1992, 1996) er þeirrar skoðunar að menningu skuli skilgreina vítt og segir hún að „almost everything in language reveals a certain degree of cultural specifics“ (í Piirainen 2012, 48).

3. Menningarfyrirbæri sem endurspeglast í orðasamböndum

Orðasambönd og orðtök eru hluti af menningu hvers samfélags og endurspeгла trú, hefðir og siði þess. Til að geta túlkað rétt yfirfærða merkingu orðasambanda er nauðsynlegt að þekkja vel þann jarðveg sem þau spretta úr, hvort sem hann er sögulegur eða menningarlegs eðlis, (Castillo Carballo 2003) þar sem mörg myndhverfð orðasambönd tengjast ýmsum menningarlegum þáttum.

3.1. Flokkun menningarbundinna orðasambanda: algild og sértæk orðasambönd

Menning spannar vítt svið eins og hér hefur verið vikið að. Fjölbreytileiki menningar birtist jafnt í orðum sem orðasamböndum í tungumálum heims. Orðasambönd sem endurspeгла einhvern þátt sem lýtur að menningu mætti kalla menningarbundin orðasambönd. Þeim má skipta í tvo hópa eftir því hvort þau eru alþjóðleg eða algild (e. *universal*), þ.e. fyrirfinnast í mörgum tungumálum heims, eða svæðisbundin (e. *particular*), þ.e. koma einungis fyrir hjá afmörkuðum hópi eða þjóð (Luque Durán og Manjón Pozas 1998a). Dæmi um hið fyrrnefnda eru orðasambönd sem eiga rætur í vestrænni menningu

eða kristinni trú. Hér má nefna orðasambandið *enginn er spámaður í sínu fæðurlandi* sem merkir að „oft sé erfitt að ná eyrum samlanda sinna“, á spænsku er sagt *nadie es profeta en su tierra* og á þýsku *der Prophet im eigenen Land ist nichts wert*. Orðasambandið er á ensku *the prophet in your own country is worth nothing*, og á dönsku er það *profeten i dit eget land er intet værd*. Annað alþjóðlegt menningarbundið orðasamband er *vera í sjöunda himni*, sem á þýsku er *im siebten Himmel sein*, og spænsku *estar en el séptimo cielo*. Ef litið er til annarra tungumála má nefna að á ensku er sagt *to be in seventh heaven* og á dönsku *være i syvende himmel* (sjá Piirainen 2012, 27–28).

Hér má spyrja sig hvað liggi að baki þessum orðasamböndum, hvaðan þau komi og af hverju þau fyrirfinnist í svo mörgum tungumálum sem raun ber vitni. Því er til að svara að í flestum tilfellum eiga þau sameiginlegan uppruna, og þau sem hér voru nefnd sem dæmi eiga rætur í Biblíunni. Piirainen og Dobrovol'skij mörkuðu ákveðin spor í rannsóknum á menningarbundnum orðasamböndum og stóð Piirainen fyrir viðfeðmri rannsókn á orðasamböndum í evrópskum tungumálum og víðar í heiminum. Fékk hún sérfræðinga frá 73 málsvæðum til liðs við sig og voru á fjórða hundrað orðasambönd borin saman á milli mála. Niðurstaða rannsóknarinnar kom út í tveimur bókum á árunum 2012 og 2016.

Menningarbundin orðasambönd sem fyrirfinnast hjá afmörkuðum hópi tengjast menningarlegum sérkennum hópsins sem á í hlut, eða siðum og hefðum. Dæmi um slíkt eru orðasambönd sem lúta að nautaati og fyrirfinnast í spænsku. Orðasambandið *bramar como un toro*, sem merkir bókstaflega „rymja eins og naut“, hefur yfirfærðu merkinguna „að verða fókvondur“. Annað orðasamband er *hablemos de toros* sem merkir „skiptum um umræðuefni“ en þýðir bókstaflega „tölum um nautaat“. Sérþýsk menningarbundin orðasambönd eru til dæmis þau sem lúta að matarmenningu og hernaðarlist, hér má nefna *nur Bahnhof verstehen*, skilja ekki neitt í neinu, sem á rætur sínar að rekja til örmagna hermannanna sem þráðu það eitt að komast í lest og halda heim (Röhrich 1982). Ef litið er til íslensks málsamfélags má nefna orðasambönd sem lúta að sjómannamáli eins og *sitja við sinn keip*, vera fastur fyrir, óhagganlegur, þrjóskur, eða tengjast íslenska hestinum og reiðmennsku, *ríða á vaðið*, verða fyrstur, og veðurfari, *vita ekki hvaðan á sig stendur veðrið*, eitthvað kemur algerlega á óvart (ÍNO).

3.2. Flokkun menningarbundinna orðasambanda: heimildir og uppruni

Margir orðasambandafræðingar hafa freistað þess að flokka menningarbundin orðasambönd eftir því úr hvaða jarðvegi þau spretta og hvaða sviði þau tilheyra: bókmenntum eða sögu, siðum eða hefðum o.s.frv. Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir helstu flokkunum.

Fræðimennirnir Luque Durán og Manjón Pozas eru meðal þeirra fyrstu á Spáni til að flokka menningarbundin orðasambönd (1998a). Þeir skipa þeim niður í eftirfarandi fjóra flokka: (1) þau sem eiga uppruna sinn í Biblíunni (t.d. *auga fyrir auga og tönn fyrir tönn*), (2) þau sem koma úr klassískum textum og bókmenntaverkum (t.d. *finna hvar skórin kreppir að*), (3) þau sem eiga uppruna á ákveðnu málsvæði eða innan ákveðinna landamæra (t.d. þau sem lúta að nautaati á Spáni), og (4) þau sem eiga uppruna í fordómum af ýmsu tagi, t.d. kynþáttafordómum, kvenfyrirlitningu m.m. (t.d. *spyrja eins og fávís kona*).

Dobrovol'skij og Piirainen (2006 og 2009) skipa menningarfyrirbærum sem liggja menningarbundnum orðasamböndum til grundvallar í eftirfarandi fimm flokka: (1) samfélagslegir þættir, (2) efnislegir þættir, (3) textar og tilvitnanir, (4) þættir sem falla undir yfirnáttúruleg fyrirbæri og (5) þættir sem lúta að ýmsum menningartáknum. Nú skal litið nánar á flokkun þeirra.

Áður en sjónum er beint að fyrsta flokknum má geta þess að rússneski fræðimaðurinn Zholobova (2015) telur að bæta megi nokkrum atriðum í flokkun Dobrovo'skijs og Piirainen. Í fyrsta lagi leggur hún til að fyrsti flokkurinn kallist samfélagslegir og sögulegir þættir menningar, þ.e. að hinum sögulega þætti sé bætt hér við. Þá telur hún nauðsynlegt að skipa tveimur liðum til viðbótar undir þetta svið: annarsvegar atvinnuháttum og hinsvegar venjum og hefðum. Í þennan flokk, sem við kjósum nú að kalla „samfélagslegir og sögulegir þættir“, fellur að auki allt það sem lýtur að félagslegri hegðun og samskiptum fólks. Dæmigerð orðasambönd í þessum flokki væru þau sem lýsa daglegum athöfnum, t.d. *a quien madruga Dios le ayuda* í spænsku og samsvarandi orðasambönd í íslensku *morgunstund gefur gull í mund* og þýsku *Morgenstund hat Gold im Mund*.

(2) Annar flokkur vísar til efnislegra þátta menningar eins og klæðnaðar, matar og drykkjar. Á spænsku er sagt *cortar el bacalao*,

bókstaflega „skera saltfiskinn“, þegar riðið er á vaðið í einhverju máli eða einhver *hefur frumkvæðið* eða *tekur af skarið* (DiLEA). Dæmi úr þýsku er *Tomaten auf den Augen haben* sem merkir ‚taka ekki eftir einhverju, vera heimskur‘, orðasamband sem vísar til þess að vera með rauðþrútin augu af þreytu. Í íslensku mætti nefna orðasambandið *draga ýsur* ‚dorma, dotta‘ (ÍOnet; ÍNO).

(3) Í þriðja flokkinn falla skírskotanir í texta af ýmsu tagi. Hér má nefna tilvitnanir í kvikmyndir, söngtexta, auglýsingar, góðsagnir, þjóðsögur og ævintýri, klassískar bókmenntir og sögu m.m. Sem dæmi má nefna að í spænsku er gjarnan sagt *la alegría de la huerta* (‚fögnuður í jurtagarðinum‘) þegar gleðin er við völd en hér er vísað í þekkta spænska óperettu. Vísun í bókmenntatexta er t.d. orðasambandið *luchar contra los molinos de viento* ‚berjast við vindmyllur“ úr Don Kíkóta eftir Miguel de Cervantes. Úr íslenskum bókmenntatexta er nú falla vötn öll til *Dýrafjarðar* úr Gísla sögu Súrssonar. Í þýsku má benda á orðasambandið *da wird der Hund in der Pfanne verrückt* (‚hundurinn verður óður á pönnunni‘) ‚verða mjög hissa‘ sem á rætur sínar að rekja í söguna um Till Eulenspiegel (Röhrich 1982).

(4) Fjórdi flokkinn mætti kalla yfirnáttúruleg fyrirbæri. Undir þetta svið falla fyrirbrigði eins og þjóðtrú, hjátrú, alþýðutrú, yfirnáttúra, átrúnaður og tilbeiðsla m.m. Á spænsku er gjarnan sagt þegar einhver er eldgamall að viðkomandi sé *más viejo que Carracuca* ‚miklu eldri en Carracuca‘ en Carracuca er spænsk þjóðsagnapersóna. Í íslensku heyrðust áður fyrr orð og orðasambönd eins og *kommúnista-grýla* og að einhver væri *eins og leppalúði*, ‚tötralegur til fara‘. Ósjaldan heyrast sagt að einhver sé *eins og álfur út úr hól*, ‚vera viðutan‘, og að *ekki séu allar dísir dauðar* þegar ‚það er ekki öll von úti‘. Í þessum orðasamböndum er vísað til yfirnáttúrulegra vera í íslenskri þjóðtrú. Þýska orðasambandið *von allen guten Geistern verlassen* þýðir bókstaflega ‚allar góðar vættir hafa yfirgefið einhvern“ en merkir ‚vera ekki með öllum mjalla‘ mætti flokka með þessum orðasamböndum.

(5) Til fimmta flokksins teljast ýmis menningarleg tákn eins og *brauð* sem víða í Evrópu táknar ‚lífsviðurværi‘, samanber *vort daglega brauð* (sjá Piirainen 2012, 230) og orðasambönd eins og að *strita fyrir [hinu] daglega brauði*.

Hér í greininni verður stuðst við þessar helstu flokkanir sem hafa verið nefndar til sögunnar. Fyrst eru menningarbundin orðasambönd flokkuð eftir því hvort þau eru algild (e. *universal*) eða sértæk (e. *particular*). Þau sem falla í flokk algildra orðasambanda er síðan skipað í hópa eftir því hver uppruni þeirra er. Þar eru orðasambönd sem eiga sameiginlegan uppruna í tungumálunum þremur. Hjá sértækum orðasamböndum verður litið til uppruna orðasambanda í hverju tungumáli fyrir sig, íslensku, spænsku og þýsku, með það fyrir augum að draga upp mynd af sérkennum hvers málsvæðis.

4. Menningarbundin orðasambönd í íslensku, þýsku og spænsku

Í næstu köflum verður sjónum beint að tungumálunum þremur sem eru hér í brennidepli: íslensku, þýsku og spænsku. Til að byrja með verður litið til menningarbundinna orðasambanda sem eiga sér sama eða svipaðan uppruna og fyrirfinnast í þessum tungumálum. Þá verður fjallað um orðasambönd sem endurspegla menningarleg fyrirbæri hvers málsvæðis fyrir sig og koma alla jafna ekki fyrir utan landamæra þeirra.

4.1. Dæmi um algild menningarbundin orðasambönd í íslensku, þýsku og spænsku

Eins og áður var vikið að koma orðasambönd með sömu byggingu og merkingu fyrir í mörgum tungumálum heims. Að baki geta legið textatengsl af ýmsum toga en oft eiga þau sér sama uppruna, þ.e. koma fyrir í grísk-latneskum textum, Biblíunni, bókmenntaverkum, þjóðsögum, ævintýrum og goðsögum. Einnig dæmisögum, fábúlum og dýrasögum, svo dæmi séu nefnd. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum völdum sviðum.

4.1.1. Dæmi um orðasambönd úr Biblíunni

Biblían, sem hefur verið þýdd á ótal tungumál, er uppspretta orðasambanda sem lúta á einn eða annan hátt að gildum kristinnar trúar

eða vísa til dæmisagna úr kristnisögu. Orðasambönd sem rekja má til heilagrar ritningar má finna í mörgum Evrópumálum, m.a. íslensku, þýsku og spænsku eins og dæmin hér á eftir sanna.

Að baki orðasambandinu *kasta perlum fyrir svín* í merkingunni ‚sóa verðmætum í þann sem kann ekki að meta þau‘, í spænsku *echar perlas a los cerdos* og þýsku *Perlen vor die Säue werfen*, liggja orð úr Matteusarguðspjalli, 7. kafla, vers 6: „Gefið ekki hundum það sem heilagt er, og kastið eigi perlum yðar fyrir svín. Þau munu troða þær undir fótum, og þeir snúa sér við og rífa yður í sig“ (*Hið íslenska biblíufélag*) sem vísa í vanhelgun þess, sem heilagt er (sjá einnig Piirainen 2012).

Annað þekkt orðasamband er *þvo hendur sínar af e-u* og merkir ‚firra sig ábyrgð á e-u‘, ‚telja sig ekki bera ábyrgð á e-u‘ (*ÍNO*). Hér er vísað í Biblíuna. Þar segir að þegar lýðurinn krafðist að Jesús yrði krossfestur hafi Pílatus þvegið hendur sína í auglýsingu viðstaddra til að sýna að hann ætlaði ekki að axla ábyrgð á dauða Jesú. Piirainen (2012, 203–204) bendir á að þessi athöfn sé nefnd í lögum Móse og komi fyrir í bæði Gamla og Nýja testamentinu. Jafnframt nefnir hún að um forna hefð meðal Gyðinga sé að ræða. Á spænsku merkir orðasambandið *lavarse las manos* (Fundación para la Difusión de la Lengua y Cultura Española) það sama og í íslensku. Á þýsku er sagt *seine Hände in Unschuld waschen*.

Í Matteusarguðspjalli (7. kafla) er klausa um flísina í auga náungans. Þar segir: „En hví sér þú flísina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í auga þínu?“ (*Hið íslenska biblíufélag*). Orðin sem liggja að baki orðasambandinu *sjá flísina í auga náungans en ekki bjálkann í eigin auga* sem fyrirfinnast víða, t.d. í spænsku: *vemos la paja en el ojo ajeno y no vemos la viga en la nuestra* og þýsku: *den Splitter im fremden Auge, aber nicht den Balken im eigenen sehen*. Í öllum tilvikum er merking orðasambandsins sú að ‚sjá veikleika annarra en líta framhjá eigin veikleika‘. Piirainen (2012) telur að orðasambandið sé frá fornum tímum en nái fyrst útbreiðslu með þýðingu Biblíunnar.

Að *dansa í kringum gullkálfinn* ‚sækjast eftir ríkidæmi‘ ‚eftirsókn í peninga‘ (*ÍNO*) er orðasamband sem á rætur í frásögninni um gullkálfinn í 32. kafla í 2. Mósebók. Þar segir frá því að þegar Móses kom niður af Sínaifjalli með sáttmálann sá hann að fólkíð tilbað gullkálfi: „Þegar Móse nálgadist búðirnar og sá kálfinn og hringdansinn blossom

aði reiði hans upp“ og hann lét brenna gullkálfinn í eldi. „Morguninn eftir sagði Móse við fólkidi: „Þið hafið drýgt stóra synd. Nú ætla ég að fara upp til Drottins. Ef til vill get ég friðþægt fyrir synd ykkar“. Móse sneri því aftur til Drottins og sagði: „Þetta fólk hefur drýgt stóra synd. Það hefur gert sér guð úr gulli. Nú bið ég að þú fyrirgefir synd þess“ (*Hið íslenska biblíufélag*). Þessi frásögn hefur orðið kveikjan að orðasambandinu sem hér er rætt um og á sér samsvörun í mörgum Evrópumálum, til að mynda þýsku, *der Tanz um das goldene Kalb*, og spænsku, *adorar el becerro de oro* (*DLE*). Önnur dæmi úr Biblíunni má sjá hér í Töflu 1.

Tafla 1. Dæmi um orðasambönd úr Biblíunni

Íslenska	Þýska	Spænska
auga fyrir auga, tönn fyrir tönn	Auge um Auge, Zahn um Zahn	ojo por ojo, diente por diente
bera sinn kross/sína byrði	sein Kreuz tragen	llevar alguien su cruz
bjóða hinn vangann	die andere Wange hinhalten	dar la otra mejilla
dýrka gullkálfinn/dansa í kringum gullkálfinn	der Tanz um das goldene Kalb	adorar el becerro de oro
fara frá Heródes til Pilatusar	von Pilatus zu Herodes	ir de Herodes a Pilatos
hið daglega brauð	das tägliche Brot	el pan nuestro de cada día
hrópandinn í eyðimörkinni	ein Rufer in der Wüste	voz que grita en el desierto
kasta fyrsta steininum	den ersten Stein werfen	el que esté sin pecado, que le tire la primera piedra
kasta perlum fyrir svín	Perlen vor die Säue werfen	echar perlas a los cerdos
komast í gegnum nálarauga	eher geht ein Kamel durch ein Nadelohr	meterse/entrar/pasar por el ojo de una aguja
reisa hús á sandi	Haus auf Sand bauen	construir/edificar en/sobre arena
Salómónsdómur	Urteil des Salomon	decisión/sentencia salomónica
skilja hismið frá korninu/hveitinu/kjarnanum	die Spreu von Weizen trennen	separar el trigo de la cizaña
vera í sjöunda himni	im siebten Himmel sein	estar en el séptimo cielo
þvo hendur sínar af e-u	seine Hände in Unschuld waschen	lavarse las manos

4.1.2. *Dæmi um orðasambönd úr fornum klassískum textum, göðsögum og bókmenntum*

Orðasambönd eiga mörg uppruna sinn í klassískum grískum eða latneskum textum. Slík orðasambönd krefjast ákveðinnar þekkingar af hálfu viðmælanda, hann þarf að vera víðlesinn og þekkja til uppruna orðasambandsins til að túlka það sem sagt er. Hér má nefna *trójubest*, hugtak sem hefur mikið verið notað í heimi forritunar. Samkvæmt *Íslenskri nútímamálsorðabók* merkir orðið í fyrsta lagi þann eða þá „sem laumar sér inn í félagsskap með það að markmiði að valda þar skaða“ og í öðru lagi er um forrit að ræða „sem villir á sér heimildir og gerir annað en notandinn býst við“ (*ÍNO*; sjá einnig *ÍOB*). Að baki liggur sagan um fall Tróju í fornöld sem m.a. er sagt frá í kvæðum Hómers. Grikkir sátu um Trójuborg í hinu svokallaða Trójustríði. Eftir langt umsátur tókst þeim með ráðsnilld að ná borginni á sitt vald eins og Geir Þórarinsson (2005) útskýrir í grein sinni um atburðinn:

Í Ódysseífskviðu og víðar er sagt frá hvernig Grikkjum tókst að komast inn fyrir borgarmúrana. Hinum ráðkæna Ódysseifi datt það snjallræði í hug að smíða stóran tréhest og skilja hann eftir sem gjöf handa Tróverjum. Inn í hestinum leyndust Grikkir sem áttu að opna borgarhliðið innan frá og hleypa inn herliði Grikkja, sem hafði yfirgefið herbúðir sínar og faldist á öðrum stað. Áform Grikkjanna tókust og Trója féll eftir áratugs langt umsátur.

Í spænsku er orðasambandið *caballo de Troya* og er merking þess sú sama og í íslensku. Í þýsku er hið sama uppi á teningnum en þar kemur *das trojanische Pferd* fyrir í sömu merkingu og í fyrrnefndum tungumálum.

Nýverið var haft eftir seðlabankastjóra Íslands að hann hefði áhyggjur af þróun vinnumarkaðarins: „Ég óttast að þar sé akkilesarhæll Íslands í baráttunni gegn verðbólgu nú.“ (Inga Þóra Pálsdóttir, 2023). *Akkilesarhæll* merkir samkvæmt *Íslenskri nútímamálsorðabók* „veikur hlekkur, viðkvæmur blettur“ (*ÍNO*). Í spænsku er sagt *ser el talón de Aquiles* og er merking orðatiltækisins „viðkvæmur blettur á einhverju eða einhverjum“ (*DLE*). Í þýsku fyrirfinnst samsetta orðið *Achillesferse* og orðasambandið er *etwas ist jemandes Achillesferse*. Hér er

vísun í forna goðsögu frá Grikklandi sem segir frá Akkilesi, hetju Akkea í Trójustríðinu. Sagan segir að móðir hans hafi dýft honum á barnsaldri í fljótið Stix til að gera hann ódauðlegan. Hún hélt um hæl hans á meðan hún baðaði hann í fljótinu þannig að vatnið náði ekki að væta hælinn og fyrir vikið varð hælinn hans viðkvæmi blettur. Eitraðri ör sem var skotið í hæl hans varð honum síðar að aldurtíla (Jón Gunnar Þorsteinsson 2003).

Orðasambandið *sjá (vital/finna) hvar skórin kreppir (að)* ,sjá hvar erfiðleikarnir, vandamálín eru‘ (ÍNO), á sér samsvörun í þýsku, *jeder weiß am besten, wo ihn der Schuh drückt*, og spænsku, *cada uno sabe dónde le aprieta el zapato*. Það á uppruna sinn í texta Plutarks, *Coniugalia Praecepta* (‘Um hjónabandið’), frá 1. öld e. Kr. en þar segir frá Rómverjanum Aemilius Paulus sem var ávítaður fyrir að skilja við fagra og undirgefna eiginkonu sína. Hann brást við með því að benda á nýjan skó á fæti sér og segja að enginn vissi hvar skórin krepti nema hann (Piirainen 2011, 120).

Gráta krókódílatárum ,gráta án þess að nokkur sorg liggi að baki, gráta af hrænsni‘ (ÍNO), er orðasamband sem á sér samsvörun í þýsku *Krokodilstränen weinen/vergießen* og spænsku *lágrimas de cocodrilo* (DLE). Í fornum sögum er sagt frá því að krókódílar veini átakanlega og úthelli tárur þegar þeir sitja fyrir fórnarlambi sínu og þegar þeir rífa það í sig. Þessar fornu sögur eru taldar eiga rætur í klassískum tíma. Í textum eftir Plíníus eldri og Seneca er voli krókódíla lýst á ýktan hátt. Lýsingin barst síðar inn í vísindatexta síns tíma, m.a. *Das Buch der Natur* (um 1350) eftir Konrad von Megenberg. Þá kemur sagan einnig fyrir í ferðasögu Mandevilles, *The Travels of Sir John Mandeville*, frá miðri 14. öld, í textum húmanista víða í Evrópu, í skrifum Erasmusar og annarra áhrifamikilla höfundar í álfunni (Piirainen 2011, 130).

Dæmi um orðasambönd af umræddum uppruna eru í Töflu 2.

Tafla 2. Dæmi um orðasambönd úr klassískum textum, goðsögum og bókmenntum

Íslenska	Þýska	Spænska
að hræðast sinn eigin skugga	sich vor seinem eigenen Schatten fürchten	tener miedo hasta de su propia sombra
ein svala gerir ekki vor	eine Schwalbe macht keinen Sommer	una golondrina no hace verano

eitthvað er Akkillesarhæll einhvers	etwas ist jemandes Achillesferse	ser el talón de Aquiles
gráta/skæla krókódílatárum	Krokodilstränen weinen/ vergießen	lágrimas de cocodrilo
hafa Damóklesarsverð yfir höfði sér	das Schwert von Damokles hängt/schwebt über jemandem	la espada de Damocles
sagt og gert	gesagt, getan	dicho y hecho
stinga höfðinu í sandinn	den Kopf in den Sand stecken	esconder la cabeza como el avestruz
trójuhestur	das trojanische Pferd	caballo de Troya
úlfur í sauðagæru	Wolf in Schafspelz	un lobo con piel de oveja
undantekning(in) frá reglunni	die Ausnahme von der Regel	La excepción de la regla
vita (sjá/finna) hvar skórinn krepur (að)	wissen wo jemanden der Schuh drückt	cada uno sabe dónde le aprieta el zapato

4.1.3. Dæmi um orðasambönd úr mannkynssögu

Mörg orðasambönd tengjast atburðum úr mannkynssögunni allt frá fornum til nýrri tíma. Hér verður stiklað á stóru.

Orðasambandið *höggva á hnútinn* merkir „losa um erfiða stöðu með ákvörðun“. Á spænsku er sagt *cortar el nudo gordiano* („höggva á Gordionshnútinn“) og á þýsku *den Knoten durchschlagen/lösen*. Merking orðasambandanna í spænsku og þýsku er svipuð eða sú sama og í íslensku: „leysa mál af ákveðni og einurð“. Sagan á bak við orðasambandið er að hluta ævaforð grísk goðsaga. Geir Þórarinnsson (2009) segir að því hafi verið spáð fyrir Frýgíumönnum að konungur þeirra kæmi í vagni:

Þeir töldu spádóminn hafa ræst þegar Gordíós nokkurn bar að garði í vagni sínum. Gordíós var umsvifalaust gerður að konungi Frýgíumanna og nafni borgarinnar breytt í Gordíon. Hann á þá að hafa tileinkað Seifi vagninn sem æ síðan var að finna á háborg Gordíóns. Við vagninn var festur klafi með miklum hnút sem var talinn vera óleysanlegur.

Það var trú fólks að sá sem gæti leyst hnútinn mikla myndi ríkja yfir bæði Evrópu og Asíu. Þegar Alexander mikli kom til Gordionsborgar árið 333 f.Kr. var hann hvattur til að leysa hnútinn. Hann gerði sér

lítið fyrir, tók upp sverð sitt og hjó hann í sundur og leysti þar með (Geir Þórarinnsson 2009).

Þekkt eru orð rómverska herforingjans Júlíusar Sesars, *kom, sá og sigraði*, sem hann notaði þegar hann lýsti sigri sínum í orustunni í Zela fyrir rómverska öldungaráðinu. Þetta orðasamband fyrirfinnst víða, t.d. í spænsku: *vine, vi y vencí* og á þýsku er það *ich kam, ich sah und ich siegte* ,ég kom, ég sá og ég sigraði‘.

Orðasambandið *etwas kommt jemandem spanisch vor* ,eitthvað kemur spánskt fyrir sjónir‘ er frá tímum Karls 5. keisara hins Heilaga rómverska ríkis. Á sínum tíma var hann einnig krýndur konungur á Spáni og ríkti þar sem Karl 1. Við hirð hans í Norður Evrópu varð vart spænskra áhrifa og ýmislegt sem var spænskt komst í tísku enda lagði hinn nýkrýndi keisari sig í líma við að innleiða spænska siði við hirðina. Einnig urðu ýmsar spænskar vörur eftirsóttar og spænskur fatastíll komst í móð. Ýmislegt kom norðanmönnum undarlega fyrir sjónir af því sem var spænskt að uppruna og af því spratt orðasambandið að *etwas kommt jemandem spanisch vor*. Orðasambandið barst úr þýsku yfir í önnur tungumál eins og dönsku *det kommer mig spansk for* og þaðan yfir í íslensku. Orðasambandið merkir að ,eitthvað komi undarlega fyrir sjónir‘ (Corbacho Sánchez 2012; Guðrún Kvaran 2003).

Hitta naglann á höfuðið, á þýsku *den Nagel auf den Kopf treffen* og spænsku *dar en el clavo*, er notað í merkingunni að ,hafa á réttu að standa‘. Sú mynd sem kemur upp í huga fólks nú á dögum tengist hamri og nagla og má flokka sem alþýðuskýringu. Orðasambandið á sér hinsvegar aðra skýringu eins og Piirainen (2016; sjá einnig Dobrovol’skij og Piirainen 2010, 83) bendir á þegar hún segir frá uppruna og sögu þess. Orðasambandið má rekja til riddara miðalda og bogfimi þeirra. Þegar keppt var í bogfimi var skotið á skotskífu sem var fest upp með nagla og var naglinn fyrir miðri skífunni. Bestu bogmennirnir hittu oft naglann á höfuðið á miðri skífunni. Ekki er vitað með vissu hvenær myndhverfingin breyttist, þ.e. sviptist frá bogfimi yfir í handverkstólin hamar og nagla. Má á það benda að í þýskum texta Martins Lúther frá 1541 er vísað í bogfimi: „das ein guter schütze den pflock odder nagel treffe“ (Piirainen 2016, 104). Orðasambandið *skjóta yfir markið*, á þýsku *übers Ziel hinausschießen* og spænsku *pasarse de la raya*, er af svipuðum toga og á rætur í textum frá miðöldum.

Orðasambandið *að vera með blátt blóð í æðum* má rekja til Spánar. Samkvæmt *Íslenskri nútímamálsorðabók* merkir orðasambandið ‚vera aðalsmaður eða konungborinn‘ (*ÍNO*). Þetta orðasamband fyrirfinnst í þýsku, *blaues Blut (in den Adern) haben*, og einnig í spænsku þar sem það á í rauninni uppruna sinn, *tener la sangre azul*. Sumir telja að það megi rekja til þess tíma er Márar réðu ríkjum á Íberíuskaganum (711–1492) (García Sánchez 2011). Blátt blóð vísaði til þeirra sem voru af hreinum kastillískum ættum, þ.e. ekki með blandað blóð í æðum. Ýmsar kenningar um uppruna orðasambandsins hafa skotið upp kollinum í tímans rás. Meðal annars sú sem finna má í orðabók Oxford (*OED* 1989): „*blue blood*: [...] the expression probably originated in the blueness of the veins of people of fair complexion as compared with those of dark skin“. García Sánchez (2011) bendir hinsvegar á að samkvæmt rannsóknum Eugenio Coseriu muni hér líklegast vera á ferðinni röng þýðing á setningu úr texta eftir rómverska sagnfræðinginn Tacitus (56–um 120 e.Kr.). Spænskir húmanistar munu hafa þýtt setninguna *caelesti sanguine ortam* rangt þar sem *celestial* ‚himneskt‘ og *celeste* eru samheiti í spænsku en seinna lýsingarorðið er alla jafna notað yfir lit himinsins: *azul celeste* eða ‚himinblár‘ og í þýðingu Carlos Coloma frá 1629 varð úr *blátt blóð* í stað *af himneskum uppruna* (García Sánchez 2011, 52–54).

Armur laganna er útskýrt sem ‚lögreglan‘ í *Íslenskri nútímamálsorðabók* (*ÍNO*). Í *Íslensku orðaneti* er samheiti orðasambandsins *armur réttvísinnar* (*ÍOnet*). Þetta orðasamband er til í þýsku, *der lange Arm des Gesetzes*, og spænsku, *el brazo largo de la ley*. Svipað orðasamband kemur fyrir í verki Óvíds, „*Epistulae Heroidum*“. Í bréfi til Parísar skrifar Helena „*An nescias longas regibus esse manus?*“ eða ‚vissir þú ekki að konungar hafa langa arma?‘. Svipaða setningu er að finna í *Adagia*, verki Erasmusar frá Rotterdam, en þar stendur skrifað „*Longae regum manus*“ ‚konungar hafa langa arma‘. Ekki er ólíklegt að orðasambandið hafi borist yfir í önnur málsamfélög í verki Erasmusar (Piirainen 2016, 87). Dæmi um markverð orðasambönd og fleyg orð má sjá hér að neðan í Töflu 3.

Tafla 3. Dæmi um orðasambönd úr mannkynssögunni.

Íslenska	Þýska	Spænska
egg Kóлумbusar	das Ei von Kolumbus	el huevo de Colón
hún snýst nú samt!	Und sie bewegt sich doch!	Y sin embargo, se mueve
kom, sá og sigraði	ich kam, ich sah, ich siegte	vine, vi, vencé
koma spánskt fyrir sjónir	spanisch vorkommen	---
Róm var ekki byggð á einum degi	Rom wurde nicht an einem Tag erbaut	Roma no se hizo en un día
nafli alheimsins	der Nabel der Welt	el ombligo del mundo
armur laganna	der lange Arm des Gesetzes	el largo brazo de la ley
vera með blátt blóð (í æðum)	blaues Blut (in den Adern) haben	tener la sangre azul
hitta naglann á höfuðið	den Nagel auf den Kopf treffen	dar en el clavo
stjórna með harðri hendi	mit eiserner Hand/Faust regieren	gobernar con mano de hierro
taka við stjórnartaumunum (halda um stjórnartaum-ana)	die Zügel (fest) in die Hand nehmen	tomar/llevar las riendas (en la mano)

4.1.4. Dæmi um orðasambönd úr bókmenntatextum, þjóðsögum og ævintýrum

Undir þessum lið finnast menningarbundin orðasambönd sem má rekja til þekktra bókmenntaverka eða þjóðsagna og ævintýra sem hafa verið þýdd á ótal tungumál. Hér, eins og í fyrri tilvikum, liggur til grundvallar ákveðin þekking á bókmennta-, ævintýra- og þjóðsagnaarfi veraldar sem gerir málnotanda kleift að túlka orðasambandið í ræðu og riti. Dobrovol'skij og Piirainen (2018) nefna í þessu tilfelli eftirfarandi dæmi á ensku: *to keep the wolf from the door*. Hér er án efa vísun í ævintýrið um Úlfinn og kiðlingana sjö. Kiðlingunum hafði verið uppálagt að opna ekki dyrnar að heimilinu því ef úlfurinn kæmist inn væri hætta á ferðum. Merking orðasambandsins á íslensku er að ‚bægja frá aðsteðjandi þrengingum eða hættu‘ (ÍNO).

Í myrkrri eru allir kettir gráir er á þýsku *Bei Nacht sind alle Katzen grau* (‚að nóttu eru allir kettir gráir‘) og á spænsku *de noche, todos los gatos son pardos* (‚að nóttu eru allir kettir dökkir‘). Hér er á ferðinni spænskt

orðasamband sem kemur fyrst fyrir í skáldsögunni *Don Kíkóta* (öðrum hluta frá 1615) eftir Miguel de Cervantes (CVC). Merking þess í flestum tungumálum er að „allt lítur eins út í myrkrunu“ og að „ekki sé hægt að greina útlit og galla einhvers í myrkri“ (ÍNO).

Annað orðasamband úr spænskum bókmenntum er að *berjast við vindmyllur* en því til grundvallar er saga úr *Don Kíkóta* þar sem segir frá riddaranum sjónumhrygga leggja til atlögu við vindmyllur sem hann hélt vera tröll. *Gegen Windmühlen kämpfen* er sömu merkingar í þýsku og í íslensku. Á spænsku er sagt *luchar contra molinos de viento*.

Orðasambönd úr Grimmsævintýrum eru t.d. *eitthvað er eins og að leita að nál í heystakki* sem fengið er úr sögunni um heimska Hans. Í þýsku er sagt *die Nadel im Heubausen suchen* og á spænsku er *buscar una aguja en un pajar*. Merking orðasambandsins í þessum málum er: „leita að einhverju sem er mjög erfitt að finna“. Sagan er um ungan mann og óttalegan aulaskap hans. Að morgni dags kveður hann móður sína og heldur í heimsókn til kærustunnar. Kæran gefur honum ýmsar gjafir í þessum heimsóknum. Í fyrstu heimsókninni færir hún honum nál sem hann stingur í heystakk. Þegar móðir hans innir hann eftir heimsókninni segist Hans hafa fengið nál að gjöf og útskýrir jafnframt hvað hann gerði við hana. Móðir hans bregst ókát við og segir að hann hefði átt að stinga henni í ermi skyrtu sinnar. Næstu gjöf, hníf, stingur hann í ermina og enn bregst móðir hans ókvæða við yfir heimsku sonar síns. Þannig gengur þetta koll af kolli uns Hans að lokum tapar kærustunni. Dobrovol'skij og Piirainen (2018) telja að þetta orðasamband tengist ýmsum frásögnum og sögum sem voru þekktar á fornum tímum og á miðöldum.

Orðasambandið *vera eins og lifandi lík* er á þýsku *wie eine lebende Leiche aussehen* og á spænsku *parecer un muerto viviente* og merkir „líta illa út“, „vera fögur og fár“, „vera nær dauða en lífi“ (Piirainen 2016, 628). Ekki er vitað neitt með vissu um uppruna þess en í þýsku kemur það fyrst fyrir í verki Friedrichs Schiller frá 18. öld, *Briefe über Don Carlos. Dritter Brief*. Svipað orðasamband er í leikriti eftir Leo Tolstoy sem kom út á rússnesku um 1900 og síðar á ensku undir heitinu „The Living Corpse“. Piirainen bendir á að Sófókles noti áþekkt orðasamband alllöngu áður, eða í harmleiknum *Antígónu* sem er frá um 441 f.Kr. (Piirainen 2016, 628). Dæmi um orðasambönd úr ýmsum sögum og bókmenntatextum má sjá í Töflu 4.

Tafla 4. Dæmi um orðasambönd úr bókmenntatextum, þjóðsögum og ævintýrum.

Íslenska	Þýska	Spænska
berjast við vindmyllur	gegen Windmühlen kämpfen	luchar contra los molinos de viento
eins og fíll í postulínsbúð	wie ein Elefant im Porzellanladen	como un elefante en una cacharrería
í myrkri eru allir kettir gráir	bei Nacht sind alle Katzen grau	de noche todos los gatos son pardos
leita að nál í heystakki	die Nadel im Heuhaufen suchen	buscar una aguja en un pajar
litli ljóti andarunginn	das hässliche Entlein	el patito feo
selja skinnið áður en björninn er unninn	das Fell verteilen, bevor der Bär erlegt ist	vender la piel del oso antes de cazarlo
sjömiðnaskór	Siebenmeilenstiefeln	las botas de siete leguas
skreyta sig með stolnum fjöðrum	sich mit fremden Federn schmücken	adornarse con plumas ajenas
vera eins og lifandi lík	wie eine lebende Leiche aussehen	parecer un muerto viviente

4.1.5. Orðasambönd úr ýmsum áttum

Í mörgum Evrópumálum fyrirfinnast svipuð orðasambönd af ýmsum sviðum og hafa þau í mörgum tilfellum borist mál úr máli, eru svo-kallaðar tökuþýðingar. Áður fyrr bárust orðasambönd milli mála í þýddum textum. Með tilkomu nýrra miðla berast þau nú á dögum mun hraðar á milli málsvæða eins og mörg nýleg orðasambönd eru til vitnis um. Hér má nefna að í íslensku, þýsku og spænsku *fá* menn *grænt ljós* eða *leyfi til einhvers* (*ÍNO*). Í þýsku er sagt *jemandem grünes Licht geben* og á spænsku *dar a alguien luz verde*. Orðasambandið má rekja til notkunar ljósa til að stýra umferð járnbrautarlesta á 18. öld og síðar bílaumferð.

Annað orðasamband sem tengist nýrri tækniöld er að *blaða batteríin* í merkingunni *„safna kröftum og orku“* (*ÍOnet*) sem á þýsku er *seine Batterie (wieder) aufladen* og spænsku *cargar alguien las pilas (DLE)*. Þetta orðasamband er rakið til Winstons Churchill sem í bréfi frá 1921 skrifaði: „and recharging your batteries“ (Piirainen 2016, 175).

Ekki er vitað neitt með vissu um uppruna orðasambandsins *kaldhæðni örlaganna* „gráglettni örlaganna“. Það er talið koma fyrst fyrir í textum frá 20. öld. Á þýsku er sagt *die Ironie des Schicksals* og á

spænsku *la ironía del destino*. Örlög manna eru að margra mati *skrifuð í stjörnunum* og gjarnan haft á orði *að eitthvað stendur/standi í stjörnunum*, 'örlög manna eru ráðin'. Orðasambandið fyrirfinnst í þýsku, *das steht in den Sternen (geschrieben)*, og spænsku, *estar escrito en las estrellas*.

Mörgum verður það á að *grafa sér sína eigin gröf*, það er að segja að ,grafa undan eigin hagsmunum, skemma fyrir sjálfum sér' (ÍNO). Áður fyrr var merking orðasambandsins þrengri og var notað yfir það að ,skaða sjálfan sig með ofáti' og kemur fyrir í þeirri merkingu í enskum textum frá 16. og 17. öld. Í þýsku eru til tvö afbrigði af orðasambandinu; hið fyrra er *sich selbst sein Grab graben* ,grafa sér sína eigin gröf' og hið síðara *sein eigenes Grab schaufeln* ,moka sína eigin gröf'. Í spænsku er sagt *cavar su propia tumbalfosa* ,grafa sér sína eigin gröf' (DiLEA).

Elstu dæmi um orðasambandið *að borga í sömu mynt* í evrópskum tungumálum eru frá miðöldum. Það virðist eiga rætur í viðskiptalífi miðalda þegar mynt var í umferð og hvert umdæmi eða hérað sló sína eigin mynt. Þessi mynt var einungis í gildi í viðkomandi héraði en það gerði kaupmönnum oft erfitt fyrir að borga í eigin eða sömu mynt. *Að gjalda í sömu mynt* merkir ,endurgjalda með sambærilegum hætti' (ÍNO). Í þýsku er orðasambandið *jemandem in/mit gleicher Münze heimzahlen* og á spænsku er sagt *pagar a alguien con/en la misma moneda* (DLE). Hver mynt á sér tvær hliðar eins og orðasamböndin *tvær hliðar á peningi* og *hin hliðin á peningnum* skírskota til. Þau eru sennilega sömu eða svipaðrar merkingar og *tvær hliðar á málinu* og *hin hliðin á málinu* (Málfarsbankinn). Orðasambandið á sér samsvörun í mörgum Evrópumálum, m.a. þýsku, *die Kebrseite der Medaille*, og spænsku, *la otra cara de la medalla* en í spænsku er einnig sagt *el reverso de la medalla* og *el revés de la medalla* (DLE).

Skömmu áður en stormur skellur á er jafnan kyrrt veður eins og athugulir veðurspekúlantar fyrr á tímum tóku eftir. Orðasambandið *lognið á undan storminum* er einnig notað í yfirfærðri merkingu um samband milli fólks. Piirainen (2016) segir að sambærileg orðasambönd komi fyrir í heimildum frá miðöldum, m.a. þýskum textum en þar er sagt *die Ruhe/die Stille vor dem Sturm*. Orðasambandið fyrirfinnst í spænsku og er *la calma antes de la tempestad* en einnig er sagt *la calma que precede a la tormenta*.

Ísland er gjarnan staðsett *á hjara veraldar* eða *á endimörkum mannabyggðar* (ÍNO). Klassískir höfundar eins og Cícero talar um *in ultimas terras* í textum sínum þegar afskekktar byggðir ber á góma. *Hjari veraldar* kemur einnig fyrir í ýmsum þjóðsögum, goðsögum og ævintýrum. Orðasambandið á sér samsvörun í mörgum evrópskum tungumálum, m.a. þýsku: *am Ende der Welt*, og spænsku: *en el lal fin del mundo* (DLE).

Mörgum standa ýmsar dyr opnar þó að sumir skelli hurðinni í andlitið á fólki. Hér eru á ferðinni orðasambönd sem koma fyrir í mörgum Evrópumálum í svipaðri eða sömu merkingu. *Einhverjum standa allar dyr opnar* merkir að hafa alla möguleika, að ekkert muni hindra viðkomandi í að ná settu marki (ÍNO). Í þýsku er sagt *jemandem stehen alle Türen offen* og á spænsku *tener todas las puertas abiertas*. Hins vegar kemur fyrir að fólk komi að lokuðum dyrum eða að *hurðinni* sé í óeiginlegri merkingu *skellt í andlitið á fólki* í merkingunni að *aðili* neiti að ræða við viðkomandi eða honum hafnað á harkalegan hátt (ÍNO). Í þýsku er orðasambandið sambærilegt: *jemandem die Tür vor der Nase zugeschlagen* eða *skella hurðinni á nefið á einhverjum*. Í spænsku er sagt *dar a alguien con la puerta en las narices*. Hér eins og í þýsku er hurðinni skellt á nef einhvers (Piirainen 2011, 2016; Dobrovol'skij og Piirainen 2010; 2018).

Að lokum má nefna orðasambandið *taka hatt sinn*, eða *taka hatt sinn og staf*, sem sprettur af þeirri venju karlmanna áður fyrr að vera með hatt á höfði sem þeir tóku ofan þegar gengið var inn fyrir dyr. Þegar þeir svo fóru út tóku þeir hatt sinn og settu upp. Nú hefur orðasambandið fengið yfirfærðu merkinguna að *þakka saman*; *taka [saman] þjónkur sínar* (ÍOnet). Á þýsku er til eftirfarandi samsvarandi orðasamband *den Hut nehmen* sem merkir *að hætta*, segja upp störfum. Í spænsku er sagt *tomar el sombrero* *fara*, gera sig líklegan til að fara (DLE). Orðasambandið var upphaflega einungis notað um karlmenn þar sem konum bar ekki að taka niður hatta sína innandyra (sjá Dobrovol'skij og Piirainen 2006, 37).

4.2. Sértæk menningarbundin orðasambönd í íslensku, þýsku og spænsku

Í þessum kafla eru sértæk menningarbundin orðasambönd til umfjöllunar. Fyrst er fjallað um orðasambönd í germönsku tungumál-

unum íslensku og þýsku en síðan fjallað um þau spænsku sem eru af rómönskum uppruna. Í hverju tungumáli voru valin þrjú svið og dæmigerð orðasambönd sem tilheyra þeim reifuð.

4.2.1. Dæmi um menningarbundin orðasambönd í íslensku

Í þessum kafla verður í stuttu máli fjallað um menningarbundin orðasambönd í íslensku. Sviðin sem urðu fyrir valinu lúta að sjómannamáli, íslenska hestinum og hestamennsku og að lokum beinast sjónir að orðasamböndum sem eiga uppruna sinn í veðurfari.

Það er ekki að undra að í íslensku eru til fjöldi fastra orðasambanda sem eiga uppruna sinn í sjómennsku, fiskveiðum, siglingum og sjómannamáli. Á flestum stöðum landsins hefur verið stunduð sjósókn og því margir sem þekkja til vinnubragða sem henni tengjast. Þá eru einnig flestir þéttbýlisstaðir ekki langt frá sjó og sjósókn mikill hluti af íslenskri atvinnusögu. Föst orðasambönd úr sjómannamáli eru mun fleiri í íslensku en t.d. í þýsku (Sverrisdóttir, 1987). Þó að þessi föstu orðasambönd séu mjög algeng í íslensku er uppruni þeirra ekki öllum málnotendum kunnugur. Oft heyrir *að einhver sé komin(n) á fremsta blunn með eitthvað* ,eitthvað vofir yfir, er í þann veginn að gerast. Hlunnur er tré eða bein sem skotið var undir skip þegar það var dregið á land. (Jón G. Friðjónsson 2006). Þegar ,einhver verður fyrir óvæntu happi' þá *bleypur á snærið hjá einhverjum*. Þarna er vísað til snæris sem færi og er líkingin dregin af fiskveiðum. Þegar illa gengur er unnt að *verða fyrir skakkaföllum/skakkafalli*. Skakkafall er annað tveggja ,alda sem fellur á ská á skip eða bát' eða við lendingu skips þegar straumhart er' (Jón Friðjónsson 2006).

Húfur í orðasambandinu *vera heill á húfi* merkir skip og merking þess er ,vera óskaddaður', *e-ð/mikið er í húfi* ,það veltur á miklu'. Þegar *babb kemur í bátinn* þá ,bjátar á eða hindrun kemur upp'. Babb er þarna í merkingunni ,hindrun, truflun'. Þegar *eitthvað dregst úr hömlu* ,dregst það á langinn, eða eitthvað fer úrskaiðis'. Hamla er lykka sem heldur árinni við háinn og það veldur töf við róðurinn ef árin rennur út úr henni. Þegar *sleginn er varnagli* er hafður ,fyrirvari á e-u' en varnagli er aukanagli sem rekinn er í dragreipi seglskipa. *Að vera/sitja í fyrirrúmi* merkir að ,eitthvað hefur forgang, er mikilvægara en annað'. Fyrirrúm er framarlega á skipum og vísar líkingin því til þess hvernig mönnum er raðað niður í skipum.

Hlutur í merkingunni ‚aflahlutur‘ kemur fyrir í fjölmörgum orðasamböndum, s.s. *bera hærri blut frá borði* ‚sigrá, hafa betur‘, *bera skarðan blut frá borði* ‚bera lítið úr bítum‘ og *lata eitthvað liggja á milli hluta* ‚ekki taka afstöðu til‘. Ár eða árar koma fyrir í ýmsum orðasamböndum t.d. *leggja árar í bát* ‚gefast upp‘ en sú líking er dregin af því þegar árar eru lagðar í bátinn að loknum róðri. *Leggjast á árarnar með einhverjum* vísar til þess að einhverjum er hjálpað við róðurinn og merkir ‚hjálpa eða liðsinna‘.

Fjöldi orðasambanda inniheldur orðið *bátur* svo sem *vera einn á báti*, *vera á sama báti*, *vera klár í bátana*, *rugga bátnum* og *gefa eitthvað upp á bátinn* svo nokkur dæmi séu nefnd sem ekki þarfnast nánari skýringar við.

Svo sem vitað er hefur íslenski hesturinn verið hinn þarfasti þjónn í íslensku samfélagi í tímans rás. Allt frá landnámi hefur hann gert Íslendingunum kleift að fara um landið ásamt því að flytja vörur og varning á milli staða. Mörg orðasambönd sem tengjast hestinum og hestamennsku hafa orðið til bæði fyrr og nú og má segja að slík orðasambönd séu sérkennandi fyrir íslenska tungu. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra.

Gjarnan er sagt að *einhver ríði ekki feitum bestu frá einhverju* þegar ‚einhver fer ekki vel út úr viðskiptum, eða fær lítið út úr þeim‘ (ÍNO) eða ‚einhver kemst ekki vel frá einhverju‘. Þess skal getið að áður fyrr var feitur hestur tákn velmegunar. Annað orðasamband sem er allmikið notað í daglegu máli er *ríða á vaðið*. Merking þess er ‚að vera fyrstur til einhvers‘. Annað orðasamband sem tengist því sem er til umfjöllunar er *að hafa vaðið fyrir neðan sig* og merkir ‚að vera varkár‘. Í báðum tilvikum er vísað til þess að farið sé ríðandi yfir á eða fljót. Sá sem ríður fyrstur á vaðið er sá sem fer fremstur yfir þar sem virðist vera greið leið yfir vatnsfall.

Áður fyrr fóru hestalestir um landið með varning og farangur en einnig voru hestar notaðir til að koma heyi í hlöðu. Á langri göngu gátu hestar helst úr lestinni. Nú á dögum er orðasambandið *beltast úr lestinni* notað þegar ‚einhver hættir eða hverfur úr hópnum‘ (ÍNO).

Orðasambandið *ríða ekki við einteyming* merkir að ‚eitthvað sé engu líkt‘, og ‚að eitthvað sé stórt og mjög mikið‘ (ÍNO). Hér er vísað til þess er menn höfðu einfaldan taum í hesti öðru megin við hnakka er þeir ríðu við einteyming og var taumurinn yfirleitt heldur ómerkelegur miðað við venjuleg beisli (Guðrún Kvaran 2010).

Oft verður góður bestur úr göldnum fola merkir að „oft rætist úr unghesti“. Þegar einhverjir eigast við, heyja keppni eða baráttu er gjarnan sagt að menn *leiði saman besta sína* (ÍNO). *Vera eins og danskur bestur* merkir að „vera við hestaheilsu eða mjög góða heilsu“ (ÍOnet)

Veðrið er Íslendingum allajafna hugleikið og ber yfirleitt á góma þar sem tveir eða fleiri taka tal saman eða *ræða um veður og vind*, orðasamband sem merkir að spjalla um daginn og veginn. Ekki skal neinn undra að veðrið beri á góma þegar fólk hittist; þjóðin er háð veðri og hér á landi *er allra veðra von*, þ.e. að „búast má við ýmiss konar veðri og yfirleitt ekki góðu“ (ÍNO). Mörg orðasambönd sem tengjast veðri hafa fengið yfirfærða merkingu eins og dæmin hér að neðan sýna. Í samræðum *láta* margir staðreyndir *sem vind um eyru þjóta*, þ.e. láta sem þeir heyri þær ekki. Viðmælendur þeirra *vita ekki hvaðan á þá stendur veðrið*, sem merkir að eitthvað „kemur þeim gjör-samlega á óvart“, en þeir *gera ekki veður út af því*, með öðrum orðum „gera ekki mikið úr því“, eða *svara út í veður og vind*, „svara út í hött“. Ef einhverjum hefur orðið á í messunni og móðgað viðmælanda sinn má *biðja um gott veður*, eða að friður og sátt ríki. Önnur orðasambönd sem lúta að veðri eru *láta eitthvað í veðri vaka*, „gefa eitthvað í skyn“, *hafa veður af einhverju*, „berast fréttir af einhverju“ og *sækja í sig veðrið*, „eflast, styrkjast“. Einnig má nefna að orðasambandið *fljótt skipast veður í lofti* er notað til að benda á að „hlutir geti breyst skyndilega og yfirleitt til hins verra“ (ÍNO; ÍOnet).

4.2.2. Dæmi um menningarbundin orðasambönd í þýsku

Í þessum kafla verður sjónum beint að orðasamböndum sem sprottin eru úr menningu, staðhátum og réttarfari þýska málsvæðisins. Eftirfarandi flokkar urðu fyrir valinu: lífið á miðöldum, föst orðasambönd sem rekja má til annarra tungumála eða mállyskna og loks flokkurinn matur og matarmenning.

Mikill fjöldi fastra orðasambanda á rætur sínar að rekja til daglegs lífs, siða og venja miðalda en einnig réttarfarsins. Lífið við hirð fursta eða konunga í köstulum miðalda, lénskipulagið, riddara- og skjaldsveinar sem slegnir voru til riddara að ógleymdum burtreiðum geymast í mörgum orðasamböndum. Þá gátu refsingar og pyntingar komið við sögu. *Steinreich sein* „vera forríkur“ vísar til þess að á mið-

öldum voru það einungis þeir efnameiri sem gátu reist hús úr steini, þeir efnaminni byggðu hús sín úr timbri eða leir. Þegar farið var að minnka í pyngjum fólks var sagt *auf den Hund gekommen* (merkir bókstaflega „koma niður á hundinn“) ‚ganga illa‘. Um tilurð orðasambandsins eru ýmsar tilgátur, m.a. að í stríðsrekstri hafi botn peningakista verið skreyttur með hundamyndum og þegar þær fóru að sjást fór efnahagurinn þverrandi. Einnig er bent á að í þýsku mállyskunni svabísku hafi heimanmundur verið geymdur í kistum, *Hund* sé í orðasambandinu ekki í merkingunni ‚hundur‘ heldur sé um atviksorðið *hunden* ‚neðst, niðri‘ að ræða svo nefndar séu tvær mögulegar skýringar. Staðreynd er hins vegar að orðið *Hund* ‚hundur‘ er notað í neikvæðri merkingu í ýmsum orðum eins og *Hundeleben* ‚hundalíf‘, *Hundewetter* ‚hundaveður‘, *hundemüde* ‚dauðþreyttur‘ (Röhrich 1982, 446).

Orðasambandið *für jemanden die Hand ins Feuer legen* (orðrétt ‚leggja hönd sína á eldinn fyrir einhvern‘) ‚ábyrgjast einhvern‘, á uppruna sinn á miðöldum þegar menn urðu að leggja hendur sínar í eldinn til þess að sanna sakleysi sitt. Brenndust þeir ekki voru þeir saklausir (Röhrich 1982, 381).

Þegar eitthvað er *Gang nach Canossa* eiginlega ‚gangan til Canossa‘, eitthvað er erfitt fyrir einhvern, vera þrautarganga‘ er verið að vísa til þess atburðar árið 1077 þegar páfinn Gregoríus 7. bannfærði Hinrik 4. þar sem sá síðarnefndi hafði sett biskupa í embætti og þar með farið inn á starfssvið páfans. Hinrik 4. fór fótgangandi og berfættur til Canossa á Ítalíu til að biðja um fyrirgefningu og fá bannfæringunni aflétt (Röhrich 1982).

Orðtakið *etwas aus dem Stegreif reden/machen* er mikið notað í þýsku nútímamáli og merkir ‚gera eitthvað án undirbúnings‘. Orðtakið á rætur sínar að rekja til heitis á ístaði sem í fornháþýsku var ‚stëgreif‘ og miðháþýsku ‚stëgreif‘. *Reif* var hringur eða gjörð sem notuð var þegar stigið var á bak hesti, með breytingum á lögun ístaðsins breyttist heiti þess og er nú *Steigbügel*. Upphaflega merkti orðasambandið því það að ‚gera eitthvað án þess að þurfa að stíga af baki hesti‘ (Röhrich 1982, Sverrisdóttir 2012).

Að baki *etwas auf dem Kerbholz haben* (bókstaflega ‚vera með eitthvað á mælistokknum‘) leynist ævaforð venja frá forsögulegum tíma sem fylgt var í viðskiptum þegar fært var til bókar hver skuldastaða

viðskiptamanna var eða hversu margar vinnustundir menn höfðu innt af hendi. *Kerbholz* (einnig *Kerbstock*) var nokkurs konar kefli eða mælistokkur úr tré þar sem merkt var við hver staða viðskipta á milli kaupanda og seljanda var. Rist var rauf á ákveðinn stað á stokknum því til staðfestingar. Sá sem var með mikið „auf dem Kerbholz“ skuldaði mikið. Nú merkir orðasambandið „að hafa eitthvað á samviskunni“ (Röhrich 1982, Sverrisdóttir 2012).

Etwas im Schilde führen (bókstaflega „vera með eitthvað á skildinum“) merkir að „hafa eitthvað slæmt í huga“. Á miðöldum áttu furstar og aðalsfjölskyldur sín merki sem skreytti skildi þeirra og hjálma. Það var ekki fyrr en komið var nálægt riddaranum sem unnt var að greina hvort um vin eða óvin var að ræða (Röhrich 1982). *Für jemanden eine Lanze brechen* („brjóta lensu sína fyrir einhvern“) „verja einhvern, koma til aðstoðar“. *Lanze* merkir „lensa“ og vísar til þess að í burtreiðum brutu riddarar lensu sína fyrir fursta eða konung sinn (Röhrich 1982).

In der Kreide stehen („upp á krít“) „skulda“. Á öldurhúsum miðalda voru krítartöflur þar sem merkt var við þá drykki sem drukknir voru og ekki var unnt að greiða fyrir strax. Nöfn þeirra sem skulduðu stóðu því á krítartöflunni þar til búið var að greiða skuldinar (Röhrich 1982).

Í þýsku fyrirfinnast föst orðasambönd sem eiga uppruna sinn í öðrum tungumálum, mállyskum eða ákveðnum málsniðum tungumálsins. Jiddíska er tungumál sem talað er af litlum hópi fólks í Evrópu en einnig Bandaríkjunum og Ísrael og stafróf jiddískunnar er hebreska stafrófið. Rætur þessa tungumáls er að finna á 9. og 10. öld. Hluti orðaforðans er þýskur og er töluvert um að föst orðasambönd í þýsku séu upprunninn í jiddísku og fylgja hér nokkur dæmi. *Schmiere stehen* merkir „standa vörð“ en *schmiro* merkir „vörður“ á jiddísku og vísar til þess að þegar þorparar voru að verki var einhver fenginn til að standa vörð og vara við. Ekki er að fullu ljóst hvaðan *es zieht wie Hechtsuppe* „það er mikill dragsúgur“ kemur; möguleg skýring er að hér sé á ferðinni jiddíska orðið *hech supha* sem merkir „mikill vindur, stormur“. *Hals- und Beinbruch* (orðrétt) „gangi þér vel“ er útúrsnúningur úr jiddísku *hatsloche un broche* (hazlachá = Glück; b’rache = Segen) og þýddi upprunalega „viel Glück“. *Hals- und Beinbruch*, orðrétt „háls- og fótbrott“, hefur fest sig í sessi sem ósk um að allt gangi vel, t.d. í skíðaferðum. Áramótakveðjan *Guten Rutch* („góða byrjun“) má

e.t.v. enn fremur rekja til jiddíska orðsins *rosch* í merkingunni ,upphaf, byrjun, þó uppruninn sé að mati sumra fræðimanna óljós.

Fisimatenten machen ,vitleysa, gera eitthvað af sér. Alþýðuskýring orðasambandsins vísar til frönsku *Visitez ma tente* sem talið var vera boð franskra hermanna til þýskra stúlkna um að heimsækja þá í tjöld sín. Þetta er þó af ýmsum fræðimönnum talið rangt og þeir telja líklegra að upphaflega hafi verið um *visae patentes* úr latínu að ræða (Röhrich 1982, 279).

Loks fylgir eitt fast orðasamband eða skammstöfun, *jwd* ,langt í burtu, í buskanum sem upprunnið er í mállýsku frá Berlín og er stytting á *janz weit draußen*. *Janz* er berlíníska fyrir *ganz* ,alveg‘.

Þjóðverjar eru mikil matarþjóð og þekktir fyrir pylsugerð sína, bjórbruggun og brauðgerð, svo nokkur dæmi séu nefnd. Nokkur föst orðasambönd fylgja hér sem tengjast á einn eða annan hátt mat.

Es geht um die Wurst er orðrétt „það snýst um pylsuna“ en merkir ,vera mikilvægt. Orðasambandið á væntanlega rætur sínar að rekja til þess að á mannamótum og mörkuðum, þegar verið var að spreyta sig í ýmsum þrautum, var mjög oft *Wurst* ,pylsa‘ í verðlaun. Verðlaunin í slíkum leikjum fólst sem sagt í því að hreppa pylsuna (Röhrich 1982, 1166).

Tomaten auf den Augen haben (orðrétt „vera með tómata á augunum“) merkir ,vera heimskur. Upprunalega var orðasambandið skírskotun til þess að einhver var með bólgin augu af þreytu. Orðasambandið er fremur nýlegt í málinu og mikið notað af nemendum í skólum. (Röhrich 1982: 1081). Annað orðasamband sem inniheldur *Tomate* er *eine untreue Tomate sein* ,vera óáreiðanlegur á hins vegar uppruna sinn í því þegar tómatauppskeran brást á 19. öld (Röhrich 1982).

Viele Köche verderben den Brei eiginlega ,margir kokkar eyðileggja grautinn, merkir að ,gera eitthvað einn, ef of margir skipta sér af verður ekkert úr einhverju. Þarna er tilvísun í það að ef of margir skipta sér af eldamennskunni er hætta á því að hún mislukkist (Röhrich 1982). *Auch nur mit Wasser kochen* (bókstaflega ,elda líka bara með vatni) þýðir ,vera eins og hinir. Líkingin er dregin að því að hinir efnameiri nota vatn eins og þeir fátækari til eldamennsku.

Etwas ist nicht mein Bier (bókstaflega „eitthvað er ekki bjórinn manns“) ,e-ð kemur einhverjum ekki við. Væntanlega var *Birne* ,pera‘ í merkingunni ,hlutur‘ upphaflega í orðasambandinu en breyttist í

Bier ‚bjór‘ (redensarten-index). *Etwas ist nicht das Gelbe von Ei* (bókstaflega „vera ekki eggjaraudan“) ‚ekki besti kosturinn‘. Í orðasambandinu er vísað til þess að eggjaraudan sé betri hluti eggisins (Röhrich 1982).

Jemandem reinen/klaren Wein einschenken (bókstaflega „gefa einhverjum tært vín“) ‚segja sannleikann, koma heiðarlega fram‘. Orðtakið er frá miðöldum og til í bókmenntatextum (Röhrich 1982, 1133). Væntanlega er upphafið frá þeim tíma þegar óheiðarlegir vertar gripu stundum til þess ráðs að þynna vín með vatni eða ediki, en þeir heiðarlegu ekki.

An (bei) jemandem ist Hopfen und Malz verloren (merkir bókstaflega „hjá einhverjum er humall og malt glatað“) ‚eitthvað er árangurslaust, vonlaust‘ má rekja til þess þegar verið var að brugga bjór. Í heimildum frá 9. öld eru humall og malt nefnd sem meginefni við bjórgerð. Hún gat þó oft verið erfið og ekki gefið að vel tækist til við að brugga bjórinn. Þá gerðist það að *Hopfen* ‚humall‘ og *Malz* ‚malt‘ fóru í súginn. (Röhrich 1982).

Seinen Senf dazu geben (orðrétt „bæta sínu sinnepi við“) ‚skipta sér af einhverju óumbeðinn‘. Á 17. öld voru krydd fátíð og sinnepið mjög dýrt. Orðasambandið vísar til þess að sumir kokkar/vertar tóku upp á því að bera fram sinnep með mat til að selja hann á hærra verði, en það passaði ekki með matnum og smakkaðist hann því illa.

Fasta orðasambandið *mit ihm/ihr ist nicht gut Kirschen essen* merkir eiginlega ‚það er ekki gott að borða kirsuber með einhverjum‘ vísar til þess að persóna sé erfið í umgengni. Kirsuber voru fátíð og dýr á miðöldum og ekki á allra færi að nálgast þau. Óboðnum gestum sem komu í garða þeirra sem þau áttu var vísað burt, steinunum/kjörnunum gjarnan hent í þá, því menn vildu ekki deila kirsuberjunum með þeim óboðnu (Röhrich 1982).

Á tilurð *alles in Butter* („allt í smjöri“) ‚allt í góðu lagi‘ eru mismunandi skýringar. Röhrich telur að orðasambandið megi rekja til þess tíma þegar smjör kom í stað ódýrrar fitu (182). Aðrir skýra rætur þess til þess hvernig dýr glös voru flutt á kerru frá Ítalíu til Þýskalands en oft brotnaði varan, og því var gripið til þess ráðs að flytja brothætta vöru í fljótandi smjöri sem harðnaði og varði vöruna meðan á flutningi stóð.

Etwas wie Sauerbier/saueres Bier anbieten ‚reyna að koma einhverju út, reyna að losa sig við eitthvað‘. Orðasambandið vísar til þess hversu

erfitt er að selja ónýtan bjór, en fyrr á tímum kom oft fyrir að bjór-bruggun misheppnaðist. Orðasambandið kemur fyrir í textum hjá Hans Sachs sem uppi var á 16. öld (Röhrich 1982).

4.2.3. *Dæmi um menningarbundin orðasambönd í spænsku*

Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum menningarbundnum orðasamböndum í spænsku. Fyrst verður litið á orðasambönd sem spretta af nautaati, þjóðaríþrótt Spánverja. Þá verður augum beint að ólífufólgu og ólífum en spænsk matargerð er óhugsandi án þessara hráefna. Síðan verður fjallað um orðasambönd sem tengjast hljóðfærum á Spáni og hér verður sjónum beint að gítar og kastaníettum.

Nautaati á sér allanga sögu í ýmsum löndum við Miðjarðarhafið. Á Spáni er venja að nautaatið fari fram síðdegis á sunnudögum eða á sérstökum helgidögum og hefst tímabilið yfirleitt í lok marsmánaðar eða um páskaleytið og lýkur að jafnaði í október. Nautaati er í augum Spánverja í senn hátíð og listviðburður sem fer yfirleitt fram í nauta-atshring þar sem nautabánar berjast við villt naut. Nautaatið tekur um tvær klukkustundir. Því er skipt í þrjá hluta og í hverjum hluta berst einn nautabani og samstarfsmenn hans við eitt naut. Aftíð deilist í þrjár lotur: í fyrstu fara lensuknapar til móts við nautið, þá koma örvasveinar en þeim er ætlað að koma stuttum fjaðurspjótum fyrir í herðakambi nautsins. Að lokum stígur sjálfur nautabaniinn inn í nauta-atshringinn með rauða dula og sverð sitt. Hans er að drepa nautið eftir að hafa egnt það og þreytt með rauðu dulunni. Takist nautabananum vel upp í viðureign sinni við nautið uppsker hann húrrahróp (*olé*) og annað eyra nautsins eða jafnvel bæði, og hafi hann staðið sig afburðavel þá bætist halinn við (Gunnar Þór Magnússon, 2009).

Nautaati er afar litrík hátíð og af ýmsu sem þar kemur fyrir hafa sprottið orðasambönd. Luque Durán og Manjón Pozas hafa tekið saman lista yfir orðasambönd sem eiga rætur í nautaati og skipta þau hundruðum. Má hér til að mynda nefna *cambiar de tercio* sem merkir bókstaflega að „skipta um lotu“ en yfirfærð merking er að „breyta um umræðuefni“ og jafnvel „breyta um starfsvettvang“. *Cortar orejas* er bókstaflega að „skera eyru af [nautinu]“ en er notað í merkingunni að „ganga vel í vinnu eða því sem e-r tekur sér fyrir hendur“, „njóta vel-

gengni'. Orðasambandið *coger el toro por los cuernos*, sem merkir að 'taka mál í sínar hendur og leysa', 'leysa vandamál' en þýðir bókstaflega að „grípa um hornin á nautinu“, er alla jafna talið eiga uppruna í nautaati á Spáni. Piirainen (2012) nefnir að orðasambandið komi fyrir í textum frá miðöldum og hljóti fyrir vikið að eiga sér aðrar og eldri rætur. *Correr alguien como si un toro corriese tras él* merkir að 'hlaupa sem fætur toga' en bókstaflega þýðir orðasambandið það að „e-r hleypur eins og naut væri á hælum hans“ (Luque Durán og Manjón Pozas 1998b; Torres 1996; DiLEA).

Spánn hefur lengi verið og er enn einn helsti útflytjandi ólífuoílu í heiminum. Í aldaradur hefur ólífuoíla verið notuð í matargerð í landinu og ólífur eru ómissandi hluti af matarmenningu landsmanna. Einnig hefur olían nýst í krem og ýmiss konar snyrtivörur, viðurinn í áhöld og eldivið. Ólífutré vaxa við Miðjarðarhafið og geta orðið ævafor. Ýmsar hefðir og hjátrú tengjast ólífutrjáum á Spáni. Í Andalúsíu, Galísíuhéraði og Kastillu er það trú manna að ólífutrjágrein sem hefur verið blessað yfir á pálmasunnudegi verndi heimilið fyrir illum öndum. Á sumum stöðum í Andalúsíu telja menn að það sé vernd í því að hafa í buxnavasa sínum grein af ólífutré sem hefur verið blessað yfir. Einnig er víða hefð að brenna drumb af ólífutré á vetrarsólstöðum. Ef ólífuoílu var spillt niður var það illt viti. Þá töldu menn að alls kyns iðrakveisu væri hægt að lækna með því að drekka mixtúru lagaða af soðnum laufblöðum af ólífutré og ólífuoílu.

Mörg orðasambönd sem lúta að ólífutrénu og afurðum þess hafa orðið til í tímans rás. Má hér nefna nokkur dæmi: ólífuoílan þykir afbragðs góð við allskyns kvillum eins og þetta orðasamband vitnar um: *aceite de oliva, todo el mal quita* 'ólífuoíla er allra meina bót'. Viður ólífutrésins þykir mjög þolgóður eins og hér segir: *ser más duro que un olivo* 'vera harðari en ólífutré'. *Acudir como lechuzas al aceite* merkir bókstaflega 'sækjast í olíuna eins og uglur' og táknar 'græðgi'. *Distinguir el aceite del pringue* merkir 'að hafa góða dómgreind' en bókstafleg merking er að 'greina á milli ólífuoílu og flots'. Í flestum héruðum Spánar rjóða landsmenn brauð sín með ólífuoílu einkum í suðurhluta landsins. Það sem fer vel saman er *llevarse como el pan y aceite* sem merkir 'að koma vel saman' eða 'eiga vel saman' en þýðir bókstaflega 'að eiga eins vel saman og brauð og olía'. Merking orðasambandsins *ser como el aceite y el vinagre* er svipuð en bókstaflega

þýðir þetta að „vera eins og olía og edik (í salati)“ (Pamies og Tutaeva, 1995). *Tomar el olivo* merkir að „flýja“ eða „komast undan“ en getur einnig þýtt að „kveðja“ eða „koma sér“. Orðasambandið er einnig notað í nautaati í merkingunni að „stökkva í skjól“ og vísar í það þegar nautabani eða aðstoðarmenn hans leita í skjól fyrir nautinu á bak við þar til gerðan vegg.

Hljóðfæri sem gjarnan eru tengd við Spánu eru gítar og kastaníettur. Gítarinn barst til Spánar með málum fyrir mörgum öldum en hefur hinsvegar breyst í tímans rás bæði hvað varðar stærð og strengjafjölda. Hvað sem því líður þá er hann ómissandi þegar kemur að því að spila og dansa spænska þjóddansa eins og flamenkó, fandango, sevillanas o.fl. Einnig hafa Spánverjar átt afburðagóða klassíska gítarleikara. Allmörg orðasambönd í spænsku má tengja gítararnum. Hér má fyrst nefna *fiesta sin guitarra*, *ni es fiesta ni es nada* sem merkir „hátíð án gítars er engin hátíð og ekki neitt neitt“ þ.e. „án gítars er engin hátíð“. Til að lýsa kæti einhvers er gjarnan sagt *como Mateo con la guitarra* „eins og Mateo með gítarinn sinn“. *Venir como guitarra en un entierro* er notað þegar bent er á að eitthvað sé óviðeigandi; orðasambandið þýðir bókstaflega „koma glaður og kátur eins og gítar í jarðarför“. Þegar talað er um að einhver sé í góðu eða vondu skapi er sagt *estar bien/mal templada la guitarra* það er, gítarinn er annaðhvort vel eða illa stilltur. *Ser buena guitarra* merkir að „vera útsmoginn eða loddari“ en bókstafleg merking orðasambandsins er „vera góður gítar“. Orðasambandið *estar una cosa puesta a la guitarra* þýðir að „eitthvað sé vel gert“ á einhverju sviði, t.d. í listum eða tísku (DLE; García-Page 2020).

Annað þekkt hljóðfæri á Spáni eru kastaníettarnar. Hér er á ferðinni ásláttarhljóðfæri úr tré sem líkist tveimur skeljum bundnum saman með bandi, og fellur í lófa þess sem slær taktinn með því að smella þeim saman. Kastaníettarnar eru notaðar með flamenkó og öðrum spænskum þjóddönsum eins og sevillanas, fandango, jota aragonesa o.fl. Óhætt er að segja að þær hafi verið hluti af spænskum menningararfi frá alda öðli. Mörg orðasambönd tengjast þessu ásláttarhljóðfæri og má sem dæmi nefna *estar alegre como unas castañuelas* sem merkir að „vera kátur og glaður eins og kastaníettur“ og er dregið af skellunum frá hljóðfærinu en þeir eru glaðværir og gáskafullir. Í sömu merkingu er orðasambandið *hebeco unas castañuelas*.

Annað orðasamband er *de castañuela y pandereta*, bókstaflega „kastaní-ettur og tambúrína“, merkir að „e-ð sé dæmigert“ eða staðalímynd sem tengist spænskri menningu, siðum og hefðum. *De castañuela* er notað í merkingunni „lítt alvarlegur“ og „yfirmáta yfirborðskenndur“ (DHLE). *No venir el son con la castañeta* er sagt til að benda á ósamræmi eða ósamkvæmni í orðum eða athöfnum og *caridad con trompeta no vale una castañeta* er bókstaflega „kærleiksverk með lúðrablaestri er ekki kastaníettu virði“, merkir að „kærleiksverk eru einskis virði ef viðkomandi stærir sig af þeim“, þ.e. básúnar þau út.

5. Lokaorð

Í þessari grein var fjallað um föst orðasambönd sem m.a. endurspegla menningu, staðhætti og þjóðlíf þjóða og málsvæða. Umfjöllunarefnið voru föst orðasambönd í íslensku, spænsku og þýsku sem kallast algild þar sem unnt er að rekja þau til sameiginlegs uppruna. Þessi sameiginlegi uppruni getur verið af ýmsum toga eins og fram hefur komið. Fleg orð, bókmenntatextar, þjóðsögur og ævintýri að ógleymdri Biblíunni gegna þar miklu hlutverki. Föst orðasambönd eiga enn fremur oft rætur sínar að rekja til sögulegra atburða og þýðinga. Þessi algildu orðasambönd má flokka í nokkra undirflokkar og var í greininni stuðst við flokkun helstu fræðimanna í orðasambandafræði að því leyti. Þá var einnig litið til sérstakra fastra orðasambanda í tungumálunum þremur. Í íslensku urðu sjómannamál, hestamennska og veðurfar. Í þessum orðasamböndum endurspeglast vel staðhættir og atvinna á Íslandi. Nautaat, ólífuoíugerð og tónlist eru uppspretta nokkurra fastra spænskra orðasambanda og var því fjallað um sértæk spænsk orðasambönd af þessum sviðum. Hvað sértæk þýsk orðasambönd varðar eiga föst orðasambönd uppruna á miðöldum, í mállyskum eða sérstökum málsniðum þýskunnar og í matarmenningu fyrir valinu. Vert er að taka fram að oftar en ekki er erfiðara að skýra frá uppruna sértæku orðasambandanna, þar sem uppruninn er oft meira á reiki en hjá þeim algildu. Í sértæku föstu orðasamböndunum koma sérkenni og sérstaða menningar hvers málsvæðis glögglega í ljós. Ekki var um tæmandi umfjöllun um algild og sértæk orðasambönd í íslensku, spænsku og þýsku að ræða enda ljóst að menning endurspeglast í nær öllum föstum orðasamböndum

tungumálanna þriggja. Í greininni var gefin nasasjón af því hversu víðfeðmt sviðið er og ljóst að í fraseólógíu er margvíslegt sem mætti rannsaka nánar, ekki hvað síst með tilliti til samanburðar á íslensku og öðrum tungumálum.

HEIMILDIR

- Arnar Árnason. 2003. Hvað er menning? *Vísindavefurinn*, <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=3156>
- . 2015. *Phraseologie. Eine Einführung am Beispiel des Deutschen*. Berlín: Erich Schmidt Verlag, 5. útg.
- Castillo Carballo, María Auxiliadora. 2003. „Conocimiento cultural en la adquisición de la L2: la fraseología“. Í *Actas del XIII Congreso Internacional de la Asociación para la Enseñanza del Español como Lengua Extranjera, ASELE*, ritstýrt af Manuel Pérez Gutiérrez og José Coloma Maestre, 209–216. *Centro virtual Cervantes*.
- Corbacho Sánchez, Alfonso. 2012. „Spanien in der deutschen Phraseologie. Ausgewählte Phraseologismen und ihre Übersetzung ins Spanische“. Í *Aspects of Literary Translation: Building Linguistic and Cultural Bridge in Past and Present*, ritstýrt af Eva Parra Membrives, Miguel Angel García Peinado, 355–372. Tübingen: Narr-Verlag.
- Corpas Pastor, Gloria. 1997. *Manual de fraseología española*. Madrid: Gredos.
- . 2003. *Diez años de investigación en fraseología: análisis sintáctico-semánticos, contrastivos y traductológicos*. Frankfurt am Main/Madrid: Iberoamericana-Vervuert.
- Dobrovol'skij, Dimitri og Elisabeth Piirainen. 2000. „Sobre los símbolos: aspectos cognitivos y culturales del lenguaje figurativo“. Í *Trabajos de lexicología y fraseología contrastivas* ritstýrt af Anotnio Pamies Bertrán og Juan de Dios Luque Durán, 29–54. Granada: Método Ediciones/Granada Lingüística.
- . 2006. „Cultural Knowledge and Idioms“. *IJES, International Journal of English Studies*, 6, 1: 27–47 https://www.academia.edu/50158424/Cultural_knowledge_and_idioms
- . 2009. *Zur Theorie der Phraseologie. Kognitive und kulturelle Aspekte*. Tübingen: Stauffenburg.
- . 2010. „Idioms: Motivation and Etymology *Yearbook of Phraseology* 1: 73–96.
- . 2018. „Conventional Figurative Language Theory and Idiom Motivation“. *De Gruyter Mouton* 9: 5–30.
- Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir. 2021. „Kurz und bündig, raso y corto eða stutt og laggott. Um orðapör í þýsku, spænsku og íslensku“. *Milli mála* 13, 115–140.
- . 2022. „Hönd í hönd, mano a mano, Hand in Hand. Enn og aftur að orðapörum“. *Milli mála* 14, 3860.
- Fundación para la Difusión de la Lengua y Cultura Española. *Dichos y refranes. Expresiones populares*. Yo me lavo las manos - Dichos y refranes - Expresiones populares - Fundación para la Difusión de la Lengua y la Cultura Española (fundacionlengua.com)
- García-Page, Mario. 2008. *Introducción a la fraseología española. Estudio de las locuciones*. Barcelona: Anthropolos.

- García-Page, Mario. 2020. „Locuciones españolas con nombre de instrumento musical“. *Langue(s) & Parole* 5: 111–134.
- García Sánchez, Jairo Javier. 2011. „Sangre azul, calco semántico y etimológico. Desarrollo de una idea de Eugenio Coseriu“. *Revista Española de Lingüística* 4(1): 45–58.
- Gauti Sigþórsson. 2006. „Hvað merkir menningararfleifð?“ *Vísindavefurinn*, <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5531>
- Geir Þ. Þórarinnsson. 2009. „Hvað var Górdíons-hnúturinn?“ *Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=54206>
- . 2005. Hvernig og hvers vegna var Trójustríðið háð? *Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5323>
- Grimm. 1991. *Kinder- und Hausmärchen*. Darmstadt: Wissenschaftliche Buchgesellschaft.
- Guðrún Kvaran. 2003. „Af hverju segja menn að eitthvað „komi spánskt fyrir sjónir“?“. *Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=3724>
- . 2010. „Hvað merkir að ríða við einteyming?“ *Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=57490>
- Gunnar Þór Magnússon. 2009. „Hvernig fer nautaaf fram?“ *Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=25385>
- Hið íslenska biblíufélag. *Biblíja* 21. aldar. <https://biblian.is/>
- Inga Þóra Pálsdóttir. 2023. „Vinnumarkaðurinn Akkílesarhæll Íslands“. *mbl.is* https://www.mbl.is/frettit/innlent/2023/03/30/vinnumarkadurinn_akkílesarhæll_islands/
- Jón Gunnar Þorsteinsson. 2003. „Hver var Akkíles?“ *Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=3633>
- Luque Durán, Juan de Dios og Francisco José Manjón Pozas. 1998a. „Fraseología, metáfora y lenguaje taurino“. Í *Léxico y fraseología* ritstýrt af Luque Durán, Juan de Dios og Pamies Bertrán, Antonio 43–70. Granada: Método Ediciones.
- . 1998b. „Tipología léxica y tipología fraseológica: universales y particulares.“ Í *Léxico y fraseología* ritstýrt af Juan de Dios Luque Durán og Antonio Pamies Bertrán, 139–153. Granada: Método Ediciones.
- Luque Nadal, Lucía. 2009. „Los culturemas: ¿unidades lingüísticas, ideológicas o culturales?“ *Language Design* 11: 93–120.
- Málfarsbankinn. <https://www.ms.is/malshaettir-og-ordtok>
- Oddný G. Sverrisdóttir. 1987. *Land in Sicht. Eine kontrastive Untersuchung deutscher und isländischer Redensarten aus der Seemannssprache*. Frankfurt am Main/Bern/New York/París: Peter Lang.
- . 2009. „Orð til taks. Af eiginleikum og flokkun fastra orðasambanda“. *Milli mála* 1, 149–172.
- . 2012. „Ein stök orð eða steingervingar tungumálsins. Nokkur stakyrði í föstum orðasamböndum í þýsku“. *Milli mála* 4: 179–192.
- Pamies, Antonio og Kamilla Tutáeva. 1995. „El árbol como referente linguo-cultural y su huella fraseo-paremiológica.“ Í *La fraseografía del siglo XXI. Nuevas propuestas para el español y el alemán* ritstýrt af Carmen Mellado Blanco, Patricia

- Buján Otero, Claudia Herrero Kaczmarek, Nely M. Iglesias og Ana Mansilla Pérez, 169–190. Berlín: Frank Timme Verlag.
- Piirainen, Elisabeth. 2005. „Europeanism, Internationalism or Something Else? Proposal for a Cross-linguistic and Cross-cultural Research Project on Widespread Idioms in Europe and Beyond.“ *Hermes, Journal of Linguistics* 35: 45–75.
- . 2011. „Folk Narratives and Legends as Sources of Widespread Idioms: Toward a Lexicon of Common Figurative Units.“ *Electronic Journal of Folklore*, 48: 117–142. www.folklore.ee/folklore/vol48/piirainen.pdf.
- . 2012. *Widespread Idioms in Europe and Beyond. Toward a Lexicon of Common Figurative Units*. New York, Washington D.C./Baltimore, Bern, Frankfurt, Berlín, Brussel, Vín, Oxford: Peter Lang.
- . 2016. *Lexicon of Common Figurative Units. Widespread Idioms in Europe and Beyond*. New York, Bern, Frankfurt, Berlin, Brussel, Vín, Oxford, Varsjá: Peter Lang.
- Röhrich, Lutz. 1982. *Lexikon der sprichwörtlichen Redensarten*. Bd. 1–4. Freiburg/Basel/Vín: Herder.
- Torres, José Carlos de. 1996. *Diccionario del arte de los toros*. Madrid: Alianza Editorial.
- Zholobova, Anna. 2015. „La fraseología desde la dimension cultural.“ *X Linguae Journal*, 8, 1: 11–27.

Orðabækur og gagnagrunnar

- CVC = *Centro Virtual Cervantes*. <https://cvc.cervantes.es/lengua/refranero/>
- DiLEA = *Diccionario de locuciones idiomáticas del español actual*. 2019. Ritstýrt af Penadés Martínez, Inmaculada. Universidad de Alcalá og Universidad de Cádiz. <http://www.diccionariodilea.es/diccionario> [sótt 15. mars 2023].
- DLE = Real Academia Española. *Diccionario de la lengua española*. Real Academia Española. <http://dle.rae.es> [sótt 15. mars 2023].
- ÍA = *Íslensk alfræðiorðabók*. 1990. Ritstýrt af Dóru Hafsteinsdóttur og Sigríðir Harðardóttur. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- ÍNO = Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Íslensk nútímamálsorðabók*. Ritstýrt af Þórdísi Úlfarsdóttur og Halldóru Jónsdóttur. Árnastofnun. <https://islenskordabok.arnastofnun.is>
- ÍO = *Íslensk orðabók*. 2002. Ritstýrt af Merði Árnasyni. Reykjavík: Edda.
- ÍOB = *Íðorðabanki*. Árnastofnun. <https://idordabanki.arnastofnun.is/faersla/892180>
- ÍOS = Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Jón G. Friðjónsson. 2006. *Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki*. Uppruni, saga og notkun. Reykjavík: Mál og menning, 2. útg.
- ÍOnet = Jón Hilmar Jónsson og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Íslenskt orðanet*. Árnastofnun. <https://ordanet.arnastofnun.is/> [sótt 15. mars 2022].
- OED = Oxford (1989). *Oxford English Dictionary*. Clarendon Press.
- Redensarten-Index. *Wörterbuch für Redensarten, Redewendungen, idiomatische Ausdrücke, Sprichwörter, Umgangssprache*. <https://www.redensarten-index.de/suche.php?useDesktop=1> [sótt 15. mars 2023].

ÚTDRÁTTUR

Menning, staðhættir og saga sem endurspeglast í föstum orðasamböndum í íslensku, spænsku og þýsku

Í þessari grein er fjallað um föst orðasambönd í íslensku, spænsku og þýsku og er hér sjónum beint að því hvernig menning, staðhættir og saga endurspeglast í föstum orðasamböndum tungumálanna þriggja. Unnt er að skipta föstum orðasamböndum í tvo flokka eftir því hvort þau eru alþjóðleg eða algild (e. *universal*), þ.e. fyrirfinnast í mörgum tungumálum heims, sértæk eða svæðisbundin (e. *particular*), þ.e. koma einungis fyrir hjá afmörkuðum hópi eða þjóð. Þá er fjallað um flokkun Dobrovol'skij og Piirainen sem skipa menningarfyrirbærum sem liggja menningarbundnum orðasamböndum til grundvallar í fimm flokka: (1) samfélagslegir þættir, (2) efnislegir þættir, (3) textar og tilvitnanir, (4) þættir sem falla undir yfirnáttúruleg fyrirbæri og (5) þættir sem lúta að ýmsum menningartáknum. Í greininni verður stuðst við þessar helstu flokkanir og nefnd dæmi um algild föst orðasambönd í tungumálunum þremur. Loks er fjallað um sértæk föst orðasambönd í tungumálunum þremur og hvernig uppruni þeirra tengist sögu, staðhættum og menningu hvers málsvæðis fyrir sig. Þar sem um sértæk orðasambönd er að ræða verður litið til uppruna orðasambanda í hverju tungumáli fyrir sig, íslensku, spænsku og þýsku.

Lykilorð: fraseólógía, samanburðarmálvísindi, föst orðasambönd, algild orðasambönd, sértæk orðasambönd., íslenska, spænska, þýska.

ABSTRACT

Culture, tradition and history reflected in fixed phrases in Icelandic, Spanish and German

This article deals with fixed phraseological units in Icelandic, Spanish and German. The focus is on how culture, traditions and history are reflected in the fixed expressions of the three selected languages. Fixed phrases can be divided into two categories depending on whether they are global or universal, i.e. found in many languages of the world, or specific or area bound, i.e. occur only in a specific language or language area. The article also discusses Dobrovol'skij's and Piirainen's classification of cultural phenomena that underlie cultural expressions into five categories: (1) social elements, (2) material elements, (3) texts and quotations, (4) elements that fall under the supernatural phenomena and (5) elements pertaining to various cultural symbols. In the article we will follow these main classifications and give examples of universal fixed phrases in the three languages. Finally, specific fixed expressions in the three languages are discussed and how their origin is related to the history, customs and culture of each language area.

Keywords: phraseology, comparative linguistics, fixed phrases, universal phrases, specific phrases, Icelandic, Spanish, German.

Es þak glaðaspraða?
Um uppbyggingu íslensks skordýramáls,
tilbúin tungumál og bullmál.

1. Inngangur

Í aldanna rás hefur mannfólk oft og tíðum leitað út fyrir ramma tungumála og búið til ný tungumál, hvort sem það er til að auðvelda alþjóðleg samskipti, að leita uppruna mannlegs máls eða einfaldlega sér til skemmtunar. Dæmi um svokölluð „gervimál“ má finna allt aftur til 7. aldar en hugmyndir manna um uppruna tungumála og uppbyggingu þeirra eru líklega jafngamlar mannkyninu sjálfu. Hver sem tilgangur gervimálsins er, þá er ljóst að að baki liggur gríðarleg þekking málhafa á tungumálinu sjálfu og hvaða eiginleika tungumál geta haft – og geta ekki haft til þess að þau virki sem alvöru tungumál. Þessi gríðarlega þekking kemur ekki síst í ljós þegar gervimál er þýtt til þess að nýr hópur málhafa geti auðveldlega skilið það en það er einmitt meginviðfangsefni þessarar greinar.

Hér verður gerð grein fyrir helstu tegundum gervimála og hugmyndafræðinni sem liggur að baki þeim, bæði í alþjóðlegu og íslensku samhengi. Fjallað verður um muninn á tilbúnu tungumáli og bullmáli og þær áskoranir sem þýðendur mæta þegar þeir aðlaga gervimálið að nýjum lesendahópi. Reynt verður að svara spurningunni: Hvað þurfa málhafar að vita um eigið tungumál til að skilja nýtt tungumál? Svarsins verður leitað með því að greina uppbyggingu íslensks skordýramáls í barnabókinni *Kva es þak?* í þýðingu

Sverris Norlands og með því að bera það saman við upprunalega skordýramálið eins og það birtist í bókinni *Du iz tak?* eftir kanadíska myndskreytinn og rithöfundinn Carson Ellis.

Efni greinarinnar er skipað niður með eftirfarandi hætti: Í öðrum kafla verður fjallað um helstu gerðir gervimála og þær ólíku aðstæður sem þau eru sköpuð fyrir. Fjallað verður um muninn á tilbúnu tungumáli og bullmáli og hvaða skilyrði gervimál verða að uppfylla til að teljast vera tungumál. Í þriðja kafla verður stuttlega gerð grein fyrir gervimálum í íslenskri þýðingu og þeim áskorunum sem fylgja slíkum þýðingum. Í fjórða kafla verður gerð ítarleg greining á íslenska skordýramálinu í bókinni *Kva es þak?* í þýðingu Sverris Norlands. Í fimmta kafla verða fáein lokaorð.¹

2. Alþjóðamál, álfamál, bull og vitleysa

Í inngangi var talað um gervimál og ólíkar gerðir þeirra. Ekki eru allir á einu máli um hvernig best sé að skilgreina gervimál, eins og kemur kannski helst fram í umræðum um planmál sem verður fjallað lítillega um í þessum kafla. Í þessari grein er hugtakið gervimál notað sem regnhlífarhugtak yfir allar gerðir tilbúinna tungumála (e. *constructed language*), einnig svokölluð „bullmál“ (e. *nonsense language*). Þetta er gert til að einfalda umfjöllunina þótt aðgreina megji tilbúin tungumál annars vegar og bullmál hins vegar.

2.1 Tilbúin tungumál

Til eru heimildir allt frá 7. öld um hugmyndir fólks og tilraunir til að semja ný tungumál. Elsta þekkta tilbúna tungumálið, sem til eru ríkulegar heimildir um, er baleybelen en það var samið í trúarlegum tilgangi í Tyrkjaveldi á 16. öld (Sanders 2020). Málið er ritað með arabísku lettri og málfræðileg uppbygging að miklu leyti fengin úr arabísku, persnesku og tyrknesku. Til eru eldri dæmi um tilraunir til að semja tungumál og er lingua ignota oft nefnt í því samhengi sem

1 Bestu þakkir fær Sverrir Norland fyrir að veita greinarhöfundi viðtal, fyrir áhugaverðar umræður og hjálplegar upplýsingar sem komu að gagni við undirbúning þessarar greinar. Þakkir fá einnig ritstjórar og tveir nafnlausir ritrýnar fyrir gagnlegar ábendingar.

fyrsta tilbúna tungumálið en það var samið af Hildegard frá Bingen (1098–1179) í upphafi síðasta árþúsunds. Lingua ignota er þó almennt talið líkara kóða en tilbúnu tungumáli þar sem það hefur enga sjálfstæða uppbyggingu óháð latínu sem það var samið út frá (Sanders 2020). Tilbúnum tungumálum fjölgaði talsvert í kjölfar endurreisnarrinnar, með tilkomu svokallaðra heimspekímála (Sanders 2020), en það var á 19. og 20. öld sem þau tilbúnu tungumál sem eru þekktust og enn í einhverri notkun urðu til.

Meðal þessara gerivmála eru t.a.m. svokölluð planmál eða alþjóðleg hjálparmál. Það þekktasta þeirra er líklega esperantó, mál sem Lejzer Zamenhof samdi í byrjun 20. aldar og önnur sambærileg mál sem komu fram á svipuðum tíma, eins og solresol, volapük, ido og interlingua (sjá Baldur Ragnarsson 2000 og ítarlega úttekt hans á planmálum). Þessi mál eru kölluð alþjóðleg hjálparmál (e. *auxiliary language*) vegna þess að tilgangurinn með þeim er að skapa málfræðilega einföld og aðgengileg tungumál sem flestir geta tileinkað sér til að auðvelda samskipti þjóðanna.² Þórbergur Þórðarson notaði fyrstur orðið planmál til að lýsa þessum málum en hann hélt því fram að þau væru í rauninni ekki tilbúin tungumál þar sem þau eru fæst samin frá grunni, heldur sett saman úr ýmsum „frumpörtum þjóðtungnanna“, þ.e.a.s. einingum og málfræðireglum sem þegar eru til í náttúrumálum, en með því hugtaki er átt við raunveruleg tungumál (Þórbergur Þórðarson 1933: 64). Þórbergur hefur væntanlega aðeins verið að hugsa um svokölluð a posteriori-mál, tilbúin tungumál sem líkja að mestu leyti eftir málkerfi náttúrumála og hafa orðaforða sem er einnig valinn úr þeim. Þessi mál eru ólík svokölluðum a priori-málum sem eru samin frá grunni (Baldur Ragnarsson 2000). Gervimálum er alla jafna skipt í þessa tvo grundvallarflokka en að vissu leyti mætti segja að öll tilbúin tungumál fái eiginleika að láni frá náttúrumálunum enda er ekki hlaupið að því að semja málfræðilega formgerð sem ekki er til í mannlegu máli, eins og rætt verður síðar í þessum kafla.

Tuttugasta öldin var ekki aðeins tími alþjóðlegra hjálparmála, heldur varð einnig mikil gróska í tilbúnum tungumálum hliðarveruleikans, bókmenntunum. Þau þekktustu eru líklega álfamál Tolkiens,

2 Planmálin hafa reyndar oft sætt gagnrýni fyrir að vera hvorki einföld né alþjóðleg heldur flókin og evrópsk en það er önnur saga!

sem verður vikið að síðar í þessum kafla, en einnig nýmál sem George Orwell samdi fyrir skáldsöguna *1984* (2021) og nadsat sem andhetjan talar í skáldverkinu *A Clockwork Orange* eftir Anthony Burgess (2011). Barnabókahöfundurinn Roald Dahl þótti einnig einstaklega skapandi á þessu sviði en hann samdi nýyrði og bullorð sem hann notaði í verkum sínum. Svona mætti lengi telja en víkjum nú að málgerð tilbúinna tungumála.

2.2. Málgerðir tilbúinna tungumála

Það sem einkennir tilbúin tungumál er að þau hafa einhvers konar málkerfi, líkt og náttúruleg tungumál. Þau eru byggð upp með einhvers konar setningagerð, málfræðireglum og orðaforða, formgerð sem er tengd við merkingu, sem aðrir málhafar eiga að geta tileinkað sér og notað. Sá sem semur tungumálið velur málgerð þess og þær málfræðilegu formgerðir sem það á að hafa og eru þetta yfirleitt málgerðir og formgerðir sem eru til eða eru a.m.k. hugsanlegar í mannlegu máli, eins og verður rætt betur síðar í þessum kafla. Bâleybelen er t.a.m. einingamál eða viðskeytamál (e. *agglutinative*) sem kemur kannski ekki á óvart þar sem tyrkneska hefur sömu málgerð. Alþjóðlegu hjálparmálin hafa einnig oft einkenni einingamála, og jafnvel rótamála eða stakhlutamála (e. *isolating languages*), enda hefur eitt helsta markmiðið á bak við þau alltaf verið að málin séu beygingarlega einföld til þess að sem flestir málhafar geti tileinkað sér þau auðveldlega.³ Höfundar þessara tungumála hafa því forðast málgerðir sem þeir hafa talið flóknari, eins og samrunamál eða beygingamál (e. *fusional languages*), þ.e.a.s. mál eins og t.d. grísku, latínu, íslensku, pólsku og rússnesku, sem einkennast af aðskeytum og beygingarendingum þar sem ein beygingarending getur táknað margar ólíkar málfræðilegar formdeildir, ólíkt einingamálum eins og finnsku og tyrknesku, þar sem ein beygingarending táknar yfirleitt eina eða í mesta lagi tvær beygingarformdeildir (Baldur Ragnarsson 1999).

3 Þótt tungumálum heims sé gróflega skipt í fjóra meginflokka, þessa þrjá ofangreindu auk innlimunarmála (e. *incorporating languages*), er mikilvægt að árétta að flest tungumál hafa einkenni fleiri en eins flokks. Auk þess má nefna að þótt einingamál hafi ákveðið beygingarlegt gagnsæi fram yfir samrunamál, þá má deila um hvort þau séu nokkuð einfaldari eða hvort það sé auðveldara að læra þau!

Það að hafa málið sem einfaldast svo flestir geti tileinkað sér það er skiljanlegt markmið hjá höfundum planmálanna, sem vilja hafa áhrif á mannlegt samfélag með því að bæta alþjóðasamskipti, en það er auðvitað ekki markmið allra. John R. R. Tolkien samdi fjölmörg tungumál fyrir hina ólíku þjóðflokka sem byggja skáldsagnaheiminn Miðgarð en þau mál sem hann þróaði mest voru álfamálín quenya sem er einingamál, og sindarin sem svipar meira til samrunamála. Höfundurinn sótti innblástur í þau mannlegu mál sem heilluðu hann mest, þ.m.t. velsku, fornensku og finnsku.

Markmið Tolkiens var því fyrst og fremst fagurfræðilegt og tengt áhuga höfundarins á tungumálum en ekki alþjóðasamskiptum. Þetta markmið eiga fleiri höfundar sameiginlegt sem hafa samið tungumál fyrir bókmenntaverk eða fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Sem dæmi má nefna að fyrir hina vinsælu sjónvarpsþætti um Krúnuleikana (e. *Game of Thrones*) var tungumálahöfundurinn David J. Peterson fenginn til að þróa tungumál fyrir þjóðflokka Vesturáss, þ.m.t. valyrísku málin sem eru innblásin af latínu og grísku og hirðingjamálið dothraki en uppbyggingu þess sótti höfundurinn í rússnesku og mongólsku (Faber 2022).

Það er því ljóst að einfaldleiki er ekki alltaf meginmarkmið tungumálahöfunda en fyrir suma er það andstæðan sem heillar. Tungumálið klingon var samið fyrir samnefndan geimverukynþátt í Star Trek heiminum. Höfundurinn lýsti málinu í frumriti um það árið 1985 (Okrand 1992) en hann lagði sig fram við að velja sjaldgæfa málgerðareiginleika fyrir tungumálið til að gera það sérstaklega flókið og erfitt að læra, enda átti málið að vera geimverumál og eins fjarlægt mannlegu máli og hann gat hugsað sér. Sem dæmi má nefna að grundvallarorðaröð í klingon er ASF (andlag – sögn – frumlag) en það er afar sjaldgæf grundvallarorðaröð í tungumálum heims, þótt hún sé vissulega möguleg (Dryer 2013). Í þessu samhengi má einnig nefna loglan, sem var samið til að kanna þolmörk formgerðar í náttúrumálum en það mál átti að vera eins ólíkt þeim og hægt er (Adams 2011: 11).

Þótt tilbúið tungumál sé gert eins flókið og hægt er, og formgerðirnar sem koma fyrir í því séu eins sjaldgæfar og mögulegt er, þá er nánast ómögulegt að semja tungumál sem hefur formgerðir sem fyrirfinnast ekki í náttúrumálum. Það eru alls konar hömlur á því

hvernig mannlegt mál getur verið og hvernig málfræðireglur tungumál getur haft – og getur ekki haft. T.a.m. hefur ekkert náttúrumál setningafræðireglur sem segja til um orðafjölda (t.d. setning verður að innihalda a.m.k. þrjú orð) eða skilyrði um hljóðfræðilega uppbyggingu orða í setningunni (t.d. annað orðið í setningunni verður að innihalda lokhljóð) og ekkert náttúrumál hefur beygingarformdeildir eins og *litur* (þá væri t.d. sérstök beygingarending sem táknar að viðkomandi hlutur sé rauður eða blár) eða *lykt* (þá gæti t.d. sérstök beygingarending táknað að viðkomandi hlutur lykti eins og kanill) (Jóhannes Gísli Jónsson 2013). Þótt ASF-orðaröð sé afar sjaldgæf í tungumálum heims, þá eigum við samt erfitt með að ímynda okkur tungumál sem ekki hefur einhvers konar frumlag, sögn og andlag, sama í hvaða röð þau birtast. Tungumál heimsins eru mörg og fjölbreytileg en þau falla samt öll innan ramma þess sem er mögulegt í mannlegu máli og ímyndunarafl okkar nær ekki langt út fyrir þann ramma. Á þessum grundvelli má færa rök fyrir því að öll tilbúin tungumál séu að vissu leyti a posteriori-mál.

2.3. Tungumálarófið

Michael Adams (2011: 1–16) talar um tvenns konar róf sem gervimál eru staðsett á: sköpunarrófið (e. *the spectrum of invention*) og markmiðsrófið (e. *the spectrum of motives*). Sköpunarrófið felur í sér þá eiginleika sem gervimálið hefur eða hversu mikil sköpun er á bak við það. Á öðrum enda rófsins eru lítil sköpunarverk sem við notum til að skreyta mál okkar dags daglega, eins og slangur, nýyrði, stílbrögð og alls konar taktar og stælar. Á hinum enda rófsins eru heil tungumál eins og quenia og klingon sem eru sköpuð frá grunni, úthugsuð og gríðarleg vinna hefur farið í að útfæra. Markmiðsrófið lýtur svo að tungumálahöfundinum: Til hvers samdi hann tungumálið? Adams talar um að grundvallarmarkmið allra sem semja ný tungumál sé „neikvætt markmið“, þ.e.a.s. þeir eru óánægðir með náttúrumálin eða finnst þau ekki nógu góð fyrir það hlutverk sem þeir ætla gervimálinu. Á rófinu eru þó líka ýmiss konar jákvæð markmið. Til dæmis gæti markmiðið verið að kanna mörk þess hvers konar formgerðir eru mögulegar í tungumálum, sbr. loglan, eða að semja einfalt tungumál sem auðveldar alþjóðasamskipti, sbr. esperantó, en mark-

miðið getur einnig verið fagurfræðilegt, sem var tvímælalaust markmið Tolkiens. Í þessu samhengi má einnig nefna svokölluð „lítil gervimál“ (e. *miniature artificial languages*) sem málfræðingar hafa búið til fyrir tilraunir á máltöku barna. Markmið þeirra er fyrst og fremst vísindalegt, þ.e.a.s. þeim er ætlað að varpa ljósi á það hvernig börn tileinka sér tungumál (sjá t.d. Fedzechkina, Newport og Jaeger 2016 og heimildir sem þau vísa í).

Við þessa greiningu Adams má bæta væntingum tungumálahöfunda um hvað aðrir málhafar eigi að gera við gervimálið. Þetta mætti kalla „notkunarrófið“ (e. *spectrum of use*). Höfundar planmálanna vænta þess t.d. að aðrir málhafar læri þau og noti til eiginlegra samskipta en ekki öll gervimál eru samin með það markmið. Sumir höfundar semja tungumál, t.a.m. fyrir skáldskap eða sjónvarpsefni, án þess að það hvarfli að þeim að einhver vilji brjóta málið niður í afmarkaðar einingar og tileinka sér það. Nadsat var ekki samið til að auðvelda alþjóðasamskipti og höfunda klingon óraði sjálfsagt ekki fyrir því að árlega yrðu haldnar ráðstefnur þar sem fólk kemur saman hvaðanæva að úr heiminum til að tala um klingon – á klingon. Þegar Carson Ellis samdi tungumál fyrir krúttlegu skordýrabókina sína átti hún sjálfsagt ekki von á að einhver myndi reyna að tileinka sér málið, hvað þá að um það yrðu ritaðar fræðigreinar. En hér erum við nú samt.

Tilbúin tungumál eru hönnuð til þess að fólk geti lært þau og notað til samskipta, hvort sem það er eingöngu til yndisauka eða til að skapa umgjörð um tilbúinn veruleika, eins og í skáldskaparheimum, eða til að einfalda alþjóðasamskipti, eins og planmálin eiga að gera. Þótt málin séu misjafnlega flókin verða þau að uppfylla kröfuna um afmörkun (e. *discreteness*) og sköpunarmátt tungumálsins, þ.e.a.s. í tungumálinu verða að vera merkingarlausar einingar sem hægt er að raða saman til að mynda merkingarbærar einingar. T.d. er orðið *lás* í íslensku sett saman úr merkingarlausu einingunum *l*, *á* og *s* en það er líka hægt að raða þessum málhljóðum upp á nýtt og mynda orðin *sál* og *áls*. Sköpunarmáttur mannlegra mála nær svo auðvitað til stærri eininga, t.d. er hægt að setja saman orð og búa til úr þeim ný orð, og hann endurspeglast einnig í því að málnotendur geta notað þær setningafræðireglur sem gilda í viðkomandi máli til að mynda og skilja nýjar setningar sem þeir hafa aldrei sagt eða heyrt

áður. Þetta er einn af grundvallareiginleikum mannlegs máls sem málkunnáttufræði Chomskys leggur mikla áherslu á (Chomsky 1957). Tilbúin tungumál eru auðvitað takmarkaðri en náttúruleg mál að þessu leyti enda eru þetta ekki mál sem hafa þróast í málsamfélagi og þau hafa miklu rýrari orðaforða og minni fjölbreytileika í málfræðireglum en náttúruleg mál. Engu að síður verða málín að vera þannig hönnuð að aðrir málhafar en höfundurinn geti ráðið í gögnin sem til eru, brotið þau niður í smærri einingar og notað þær til að mynda ný orð og setningar (sjá Adger 2019 um sköpunarmátt tilbúinna tungumála). Þessi krafa á hins vegar ekki við um svokölluð bullmál.

2.4. Bullmál

Bullmál eru ólík tilbúnum tungumálum að því leyti að þau eru ekki byggð á raunverulegum málum, eins og t.d. latínu eða tyrknesku, sbr. umfjöllunina í kafla 2.1, og sum þeirra fylgja ekki þeim reglum sem gilda um eðli mannlegs máls. Þau eru yfirleitt hönnuð þannig að þeim svipar til eiginlegs tungumáls (tungumáls þeirra málhafa sem eiga að lesa eða heyra bullmálið) hvað varðar hljóðfræðilega uppbyggingu, orðflokka, setningagerð og rithátt en einingar þeirra, fyrir utan svokölluð kerfisorð (e. *function words*), hafa hins vegar enga þekkta merkingu, sem gerir málhöfum erfitt fyrir að tileinka sér orðaforða. Bullmál eru yfirleitt ekki ætluð til samskipta, heldur eru þau eingöngu samin til skemmtunar. Eitt frægasta bullmál sögunnar var samið af Lewis Carroll á seinni hluta 19. aldar fyrir ljóðið Jabberwocky sem birtist upprunalega í skáldverkinu *Through the Looking Glass* (2010). Í dæmi (1) sjáum við fyrstu tvær línurnar úr Jabberwocky:

- (1) 'Twas brillig, and the slithy toves
Did gyre and gimble in the wabe.

Þetta ljóð hefur ákveðið skemmtanagildi þrátt fyrir að það skorti augljósa merkingu, enda virðast orðin geta átt heima í enskri tungu. Þau eru uppbyggð samkvæmt enskum orðmyndunarreglum og hljóðfræðireglum (rithátturinn gefur það a.m.k. til kynna) og setningarnar fylgja einnig reglum um enska setningagerð. Kerfisorðin

(forsetningar, samtengingar o.s.frv.) eru fengin að láni úr ensku, sem gerir ljóðið einfaldara aflestrar, en inntaksorðin eru tilbúin eða bull. Líklega er það einmitt ástæðan fyrir því að enskir málhafar gætu haft gaman af ljóðinu, því ef formgerðin er sett úr skorðum kárnar gamanið, eins og sést í dæmi (2).

- (2) *Toves slithy the and brillig 'twas
gimble wabe in gyre and did the.

Jabberwocky er oft notað sem dæmi um að hægt sé að lýsa formgerð tungumála óháð merkingu þeirra en það að formgerðin sé kunnugleg er einmitt það sem gerir ljóðið aðgengilegt. Lesandinn fær reyndar skýringu á sumum inntaksorðunum ef hann les lengra í bókinni en það á ekki alltaf við.

Sum bullmál er ómögulegt að greina niður í einingar, eins og t.d. mál Magga mörgæsar (e. *Pingu*) og Línunnar (ít. *La Linea*), sem verður fjallað um í 3. kafla. Auk þess eru ekki öll bullmál hönnuð þannig að þau fylgi formgerðarreglum einhvers náttúrulegs máls (eins og Jabberwocky fylgir ensku) og sum hafa ekki mikla formgerð yfirhöfuð. Þetta á t.a.m. við um mál Skósveinanna (e. *Minions*) í kvikmyndaröðinni *Aulinn ég* (e. *Despicable Me*). Höfundur skósveinamálsins, Pierre Coffin, lýsir málinu þannig að það feli aðallega í sér hljóð og hrynjandi en ekki eiginlega formgerð og merkingu (McGrath 2015). Málið virðist fyrst og fremst samanstanda af upphrópunum og stökum orðum sem eru tekin beint úr ýmsum tungumálum heims, þ.m.t. arabísku, ítölsku og kóresku (3a, b, c) og auk þess má finna í því afbakáðar myndir af enskum orðum sem samsvara þeim í merkingu (3d):

- (3) a. *Bi-do*: „fyrirgefðu“
b. *Gelato*: „ís“
c. *Hana, dul, sæ*: „einn, tveir, þrír“
d. *Poopaye*: „bless“ (sbr. e. *goodbye*)

Þótt vissulega megi tengja einingar skósveinamáls við merkingu, enda eru þær í flestum tilvikum fengnar úr náttúrulegum tungumálum, þá vantar algjörlega formgerð og málfræðireglur sem þýðir að málið uppfyllir ekki kröfur um afmörkun og sköpunarmátt mannlegs máls,

en þetta er aðalatriðið sem greinir bullmál frá tilbúnum tungumálum.

Mörkin eru þó ekki alltaf skýr og ekki er endilega augljóst hvenær bullmál verður að tilbúnu tungumáli. Jabberwocky er ágætis dæmi um þetta enda er það bullmál sem lýtur málfræðireglum enskrar tungu og nýtir kerfisörð enskunnar. Ef til væri gagnasafn með ítarlegum orðaforða fyrir jabberwocky-mál, væri þannig séð ekkert því til fyrirstöðu að kalla það tilbúið tungumál. Í þessu samhengi má einnig líta til strumpamáls, sem hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál, þ.m.t. á íslensku. Íslenskt strumpamál fylgir að mestu leyti íslenskum málfræðireglum en rót inntaksörða er skipt út fyrir svokallaða „strumprót“ (Einar Freyr Sigurðsson og Iris Edda Nowenstein 2023). Þetta sést ágætlega á dæmunum í (4) sem eru fengin frá Höskuldi Þráinssyni (1980: 55).

- (4) a. Strumpanir strumpuðu strumpuna í strympnu strumpi.
- b. Ég er strympnari og strumpulegri en margir strumpar.

Við fyrstu sýn gæti virst svo að strumprótin birtist handahófskennt í máli Strumpanna og að hún sé merkingarlaus en þegar betur er að gæð kemur í ljós að íslenskt strumpamál hefur aðeins flóknari málfræðireglur og gerir eigin kröfur út fyrir ramma íslenskunnar (sjá umfjöllun Einars Freys Sigurðssonar og Irisar Eddu Nowenstein 2023). Það mætti kannski gera grófan greinarmun á málum eins og strumpamáli og bullmálinu í Jabberwocky annars vegar og svo bullmáli Magga mörgæsar og Línunnar hins vegar. Þau fyrrnefndu væri hægt að kalla blendingsbullmál, þar sem þau eru byggð á náttúrulegu grunnmáli, eins og t.d. íslensku eða ensku, og fá lánaða uppbyggingu þess og formgerð. Hin síðarnefndu mætti kalla hrein bullmál þar sem þau hafa enga formgerð og ekki er hægt að brjóta þau niður í smærri einingar, hvað þá raða einungum þeirra saman upp á nýtt. Ef til vill væri betra að stilla þessum tveimur málaflokkum upp sem sitthvorum endanum á bullmálarófi þar sem t.d. skósveinamál er staðsett einhvers staðar þarna á milli. Það sem öll bullmál eiga þó sameiginlegt er að merkinguna er nánast eingöngu hægt að ráða af samhengi.

Að lokum má nefna að bull er ekki eingöngu samið okkur til yndisauka, heldur hefur það ýmsa gagnlega eiginleika. Eins og sagði hér að ofan sýna bullorð að hægt er að lýsa formgerð mála án beinnar tengingar við merkingu þeirra en bullorðapróf eru líka viðurkennd aðferð í málvísindum til að kanna virkni beygingarreglna, m.a. í máli barna (Berko 1958). Blendingsbullmál eins og við sjáum í Jabberwocky og strumpamáli geta því sagt okkur ýmislegt um myndun málfræðireglna í grunnmálinu. Hvort sem gervimál eru búin til í vísindalegum tilgangi, málhöfum til skemmtunar eða til að sameina þjóðir heimsins, er ljóst að þau verða að lúta þeim reglum sem gilda um mannleg tungumál til þess að þau séu gagnleg. Þetta kemur ekki síst í ljós þegar kemur að því að þýða bullmál yfir á annað bullmál en það er einmitt viðfangsefni næsta kafla.

3. Að þýða bull yfir á annað bull

Í kafla 2.4 var talað um Jabberwocky eftir Lewis Carrol, eitt frægasta bullljóð allra tíma, og hvað það segir okkur bæði um bullmál og náttúruleg mál. Í dæmi (5) sjáum við íslenska þýðingu Valdimars Briem (Carroll 2013) á fyrstu tveimur línunum ljóðsins sem hann kallaði *Rausuvokkskviðu*.

- (5) Það leið að stekju, og slýgir gredlar
sig snældu og böluðu um slöffruna.

Hér hefur þýðandanum tekist að semja mjög sambærilegt ljóð við hið upprunalega ljóð Carrolls, sbr. (1). Inntaksorðin hafa hljóðfræðilega uppbyggingu íslensks máls og gætu því verið íslensk inntaksorð, beygingar og setningagerð er sömuleiðis íslensk (a.m.k. er þetta orðaröð sem tíðkast í íslenskri ljóðagerð), auk þess sem kerfisorðin eru íslensk. Í þessu tilviki hafði þýðandinn auðvitað aðgang að eiginlegri merkingu bullorðanna og gat þess vegna auðveldlega fangað stemninguna í ljóðinu. En er alltaf nauðsynlegt að þýða bullmál? Eru þau ekki alþjóðleg að einhverju leyti, fyrst enginn hefur þau að móðurmáli?

3.1. Að þýða upphátt eða í hljóði

Sum bullmál er óþarfi að þýða, eins og verður vikið að í þessum undirkafla. Hvort það er nauðsynlegt að þýða málið eða ekki veltur fyrst og fremst á markmiði tungumálahöfundarins:

- Eiga lesendur að geta ráðið í málið og skilið það?
- Ef svarið við fyrstu spurningunni er jákvætt, hvað er það þá sem gerir málið aðgengilegt fyrir lesendur? Hvað þarf þýðandinn að gera til að tryggja aðgengi lesenda?
- Hvað þurfa málfarar að vita um sitt eigið tungumál til þess að geta ráðið í bullmál?

Eins og þegar hefur verið rætt og verður aftur vikið að síðar, þá skiptir formgerð gervimálsins miklu máli. Það sem er ekki síður mikilvægt er hvernig málinu er miðlað til lesandans. Það getur t.d. haft áhrif hvort málið birtist í bók sem er ætluð til að lesa upphátt eða til að lesa í hljóði. Ef gervimálið birtist í myndasögubók, sem er líklegra að lesendur lesi sjálfir í hljóði, þá er ekki svo mikilvægt að hljóðkerfisleg uppbygging málsins sé einföld og aðgengileg fyrir lesandann (sjá Morillas 2022 og heimildir sem hún vísar í). Þetta skiptir hins vegar höfuðmáli ef gervimálið birtist í bók sem er ætlað að lesa upphátt, ekki síst þegar á að lesa það upphátt fyrir börn. Gillian Lathey færir rök fyrir því að hljóðkerfisleg uppbygging sé lykilatriði í allri þýðingu bókmennta sem á að lesa upphátt og á það ekki síst við um gervimál (2016: 93–111). Málið verður að vera lipurt og þægilegt aflestrar enda er það að lesa upphátt eins konar flutningur, oft óundirbúinn ef bókin er lesin í fyrsta sinn (Oittinen 2014: 39).

Sem dæmi um þýðingu sem tekur ekki sérstakt tillit til hljóðkerfislegrar uppbyggingar eru sýldavíska og bordúríska, tungumál sem Hergé samdi fyrir myndasögubækurnar um Tinna, en þau eru til í íslenski þýðingu Lofts Guðmundssonar. Af þessum tveimur gervimálum er sýldavíska það sem ríkulegustu gögnin eru til um og þótt Hergé hafi sjálfur aldrei gefið frá sér málfræðilýsingu á tungumálinu, hefur tungumálahöfundurinn Marc Rosenfelder (e.d.) ráðið í upprunamálið og sett saman málheild og orðabók fyrir það. Sýldavíska á að vera germanskt mál sem er talað í landinu Sýldavíu á Balkans-

skaganum. Málið hefur þó greinilega orðið fyrir áhrifum frá öðrum Evrópumálum eins og frönsku, pólsku, ungversku og rússnesku og það er ritað bæði með latnesku og kýrillísku lettri (sjá Rosenfelder, e.d.).

Í dæmi (6a) má sjá sýldavíska textabút úr bókinni *Veldissproti Ottókarar konungs* (1974) og í (6b) er íslensk þýðing byggð á enskri þýðingu Rosenfelders (e.d.).

- (6) a. Pir Ottokar, dūs pollsz ez könikstz, dan tronn eszt pho mâ.
Czeillâ czäidâ ön eltcâr alpû: Kzommetz pakkeho lapzâda.
Könikstz itd o alpû klöppz: Staszrvitchz erom szûbel ö.
Dâzsbíck fállta öpp o cârrö.
- b. Faðir Ottókar, þú ert falskur konungur, krúnan er fyrir mig.
Þessi sagði svo við hinn: Komdu og taktu veldissprotann. Þá
sló konungur hann, Staszrvitchz, á höfuðið. Óvinurinn féll
til jarðar.

Textabúturinn í (6a) á að vera úr fornu handriti og er látinn óþýddur í íslensku þýðingunni (Hergé 1974).⁴ Í dæmi (7a, b, c, d) eru textabútar úr sömu bók en í þessu tilviki er málhafinn sýldavískur bóndi sem sér Tinna og Tobba falla til jarðar með bilaða fallhlíf. Íslensk þýðing er aftur byggð á enskri þýðingu Rosenfelders (e.d.).

- (7) a. Zrälùkz!
„Sjáðu!“
- b. Czesztot on klebcz!
„Þetta er hundur!“
- c. Czesztot wzryzkar nietz on waghobontz!
„Þetta er áreiðanlega ekki flækingur!
Czesztot bätczér yhzér kzömmetz noh dascz gendarmaskaia?
„Er ekki betra að hann komi með okkur á lögreglustöðina?“
- d. Kzommet micz omhz, noh dascz gendarmaskaia!
„Komdu með okkur, á lögreglustöðina!“

Eins og sést á textabúتونum í dæmum (6) og (7) er sýldavíska alls ekkert bullmál, heldur er það tilbúið tungumál með málfræðireglum

⁴ Þess má geta að heimildir um sýldavíska er einnig að finna í bókunum *Leynivopnið* (Hergé 1975) og *Eldflaugastöðin* (Hergé 1972).

og orðaforða sem hægt er að ráða í. Þessir textabútar voru þýddir í íslensku útgáfunni (Hergé 1974) yfir á „íslenska“ sýldavísku, eins og sést í dæmi (8).

- (8) a. Zrälùkz!
 „Hrúddzilög!“
 b. Czesztot on klebcz!
 „Úji hröpzí aj tödzja!“
 c. Czesztot wzryzkar nietz on waghabontz!
 „Zeztöt úi rüzzlarsky öj flokkarzky drözzloí.“
 Czesztot bätczer yhzet kzmömetz noh dascz gendarmaskaia?
 Bötz zúj löbbzöm kjúm j úi öj aí pölitzkí zdazíönu.“
 d. Kzommet micz omhz, noh dascz gendarmaskaia!
 „Kzmömet öj kjúm j núj aí pölitzkí zdazíönu! Rönnzötskí!“

Eins og sést á dæmi (8) hefur þýðandinn vikið dálítið frá upprunalega textanum en það er kannski ekki furða enda hefur þýðandinn ekki haft aðgang að þýðingum á sýldavísku. Hann hefur því sjálfur þurft að ráða í málið út frá myndrænu samhengi og að einhverju leyti evrópskum orðaforða sem hann hefur kannski kannast við. Í (8a, b) má ímynda sér að íslenski textinn eigi að þýða „Hræðilegt!“ og „Þeir hropa til dauða!“ sem er ekki fráleit þýðing út frá myndræna samhenginu. Það sést þó greinilega að þýðandinn hefur reynt að búa til vísi að málfræðireglum fyrir sýldavísku, t.d. er forsetningin *aí/laj* (sem þýðir líklega „til“) endurtekin í ólíkum forsetningarliðum, sbr. [aj tödzja] og [aí pölitzkí zdazíönu], *úji* og *kjúmj* virðast vera persónufornöfn sem þýða „þeir“ og „við“ og auk þess eru merki um persónubeygingu í sagnmyndunum *löbbzöm* sem er líklega 1. p. ft. beyging og *Kzmömet* sem virðist vera boðháttarmynd.

Svona mætti lengi halda áfram að greina málfræðilega uppbyggingu sýldavísku en hér verður látið staðar numið að sinni. Það sem þýðandinn gerði ekki var að reyna að laga sýldavíska hljóðkerfið að hinu íslenska til þess að gera það gagnsætt og auðvelt aflestrar. Markmið þýðandans var greinilega að halda tryggð við hljóðfræðilega uppbyggingu upprunamálsins, eins og það endurspeglast í rithættinum, sem minnir íslenska málhafa á framandi miðevrópskt tungumál. Það á að virka útlenskt og flókið og það er í góðu lagi enda er

sýldavíska ekki samín til að vera lesin upphátt. Það á hins vegar við um bókina *Du iz tak?* eftir myndskreytinn og rithöfundinn Carson Ellis (2016) og íslenska þýðingu verksins, *Kva es þak?*, eftir Sverri Norland (Ellis 2021), sem eru viðfangsefni næsta kafla.

3.2. Mörgæsamál og skordýramál

Du iz tak? er lítil saga sem fjallar um hina óendanlegu hringrás lífsins, þar sem söguviðið er lífsferill einnar plöntu og skordýranna sem búa í kringum hana. Sagan hefst með lítilli grænni spíru og prúðbúinni meyarflugu sem bendir á spíruna og spyr „*Du iz tak?*“ Skammt frá stendur önnur prúðbúin meyarfluga hvumsa sem svarar „*Ma nazoot*“. Brátt ber að fleiri skordýr sem virða spíruna fyrir sér en átta sig ekki á því hvað hún er. Spíran vex og verður að plöntu og skordýrin kynnast henni betur. Eftir því sem hún stækkar verður samband skordýranna við plöntuna nánara. Þau sækja stiga til að klifra upp í hana og byggja sér virki þar sem þau una og leika sér alla daga. Á einum tímapunkti er virkinu og skordýrunum ógnað af andstyggilegri kónguló en hún er sjálf hrifsuð burt af ránfugli og skordýrin taka gleði sína á ný. Þau kætast svo og hrópa upp yfir sig af hrifningu þegar plantan blómstrar og út springur dásamlegt blóm. Svo fer að hausta og blómið visnar. Skordýrin kveðja virkið sitt og hverfa á brott. Svo kemur vetur og plantan deyr og þá kemur vorið á ný. Sagan endar þar sem við sjáum margar litlar grænar spíru og prúðbúið skordýr sem horfir á spíurnar og spyr: „*Du iz tak?*“

Eins og fyrr segir er sagan skrifuð af myndskreytinum og rithöfundinum Carson Ellis (2016). Upprunalega átti hún að vera orðalaus myndabók en þegar teikningarnar voru tilbúnar, fannst höfundinum vanta líf í bókina og ákvað þá að semja tungumál fyrir skordýrin (Jan 2017). Ellis sagðist hafa sótt áhrif til barnaþáttanna um Magga mörgæs (e. *Pingu*) en hann talar einmitt líka bullmál. Það sem heillaði höfundinn við þættina um mörgæsirnar var einmitt það að þær tala saman á tungumáli sem áhorfendur skilja ekki en það finnst höfundinum færa áhorfendur nær heimi mörgæsanna þar sem „allir og enginn skilur brandarana þeirra“. Ellis vildi skapa svipuð áhrif fyrir lesendur með skordýramálinu (Jan 2017).

Mörgæsamálið sem Maggi talar er þó talsvert ólíkt skordýramálinu sem Ellis samdi. Mörgæsamálinu er miðlað eingöngu í hljóði, þ.e.a.s. það er ekki til skrifleg útgáfa af því sem áhorfendur geta ráðið í, og það hljómar ekki eins og mannlegt mál þar sem það hefur hvorki greinanleg málhljóð né mállegar einingar eins og orð og setningar. Mörgæsamálið hljómar eins og innihaldslaust röfl, svipað því sem Línán (ít. *La Linea*) er þekkt fyrir. Áhorfendum gefst ekki kostur á því að greina hljóðrunur mörgæsamálsins niður í smærri einingar og skilja merkingu þess, hvað þá tileinka sér það, heldur verða þeir að treysta á tónfall, svipbrigði mörgæsanna, aðstæður og annað myndrænt samhengi til að fá einhverja hugmynd um hvað mörgæsirnar eru að tala um. Mörgæsamálið er því raunverulegt bullmál sem er fyrst og fremst ætlað til að skemmta áhorfendum, svipað og Jabberwocky, en skordýramálið sem Ellis samdi er talsvert flóknara en það.

Ýmislegt skilur að mörgæsamál Magga og skordýramál Ellis. Fyrst má nefna að skordýramálinu er miðlað skriflega en það þýðir að lesendur verða sjálfir að átta sig á því hvernig málið er borið fram og hvaða tónfall er viðeigandi hverju sinni. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að skordýramálið er ætlað til þess að lesa upphátt en ekki í hljóði, eins og hefur verið nefnt. Í öðru lagi bendir ritháttur skordýramálsins til þess að málið megi brjóta niður í mállegar einingar, í orð og setningar. Meðal setninganna má finna bæði spurningar og staðhæfingar, eins og greinamerkjasetningin bendir til, og því getur lesandinn undireins áætlað að skordýrin eigi raunveruleg samskipti þar sem einingar málsins fela í sér merkingu. Auðvitað hefði höfundurinn getað komið því til skila án þess að semja flókið tungumál. Samtal meyarflugnanna sem lýst var í byrjun þessa kafla hefði alveg eins getað verið eins og samtalið í dæmi (9) ef eini tilgangurinn væri að sýna lesandanum að skordýrin gætu talað saman.

- (9) a. „Bzz bzz bzz?“
 b. „Bzz Bzzzz.“

Lesandinn yrði þá að treysta á myndrænt samhengi til að fá einhvern botn í samtal skordýranna og þá væri skordýramálið í rauninni bullmál, alveg eins og mörgæsamál, enda engin leið fyrir lesandann að ráða í það og tengja merkingu við stakar einingar.

Markmið Ellis var hins vegar ekki aðeins að sýna lesandanum að skordýrin gætu talað saman, heldur einnig að lesandinn gæti lært að skilja mál þeirra. Þetta gerir höfundurinn listilega með því að semja orð og setja þau saman á þann hátt að enskumælandi lesandi á að geta ráðið í þau með dálítilli aðstoð, sem er auðvitað alltaf nauðsynleg þegar fólk tileinkar sér nýtt tungumál, hvort sem aðstoðin felst í orðabók, málfræðiriti eða útskýringum kennara. Höfundurinn nýtir sér myndrænar aðstæður sem hún teiknar sjálf, þ.m.t. umhverfi, líkamstjáningu skordýranna, hreina bendivísun (þar sem skordýrin benda á eitthvað og segja hvað það er) og endurtekningu orða til þess að „kenna“ lesandanum tungumál þeirra. Við lok lestrarins ætti lesandinn ekki aðeins að geta skilið samtalið meyrjarflugnanna í (10), heldur ætti hann að hafa skilið og tileinkað sér einingar skordýramálsins nógu vel til að búa til nýja setningu á skordýramáli Ellis.

- (10) a. Du iz tak?
 hvað er þetta
 „Hvað er þetta?“
 b. Ma nazoot.
 ég veit-ekki
 „Ég veit það ekki.“

Af þessu samtali ætti lesandinn að geta dregið þá ályktun að í skordýramáli sé til spurnarorðið *du*, sem þýðir „hvað“, tengisögnin „vera“ sem hefur 3. p. et. beygingarmyndina *iz* og ábendingarfornafnið *tak*, sem þýðir „þetta“. Þar að auki er til 1. persónufornafnið *ma* í þessu máli sem getur staðið í frumlagssæti og sögnin *nazoot* „vita“ sem felur í sér neitun. Það er ekki hægt að ráða af þessum gögnum hvort neitunin er fólgin í aðskeyti, en það er ekki óhugsandi. Sköpunarmáttur skordýramálsins kemur betur í ljós þegar rýnt er í öll gögnin, eins og verður gert í næsta kafla. Af gögnunum er ljóst að skordýramálið er raunverulegt tilbúið tungumál sem hægt er að brjóta niður í smærri einingar til að skapa nýjar segðir, ólíkt bullmáli mörgæsanna. Málið flækist svo þegar skordýramál Ellis, sem var samið fyrir enskumælandi málhafa, er þýtt á önnur tungumál, eins og komið hefur í ljós.

Bókin *Du iz tak?* hefur víðsvegar hlotið athygli og lof og verið þýdd á mörg tungumál, þ.m.t. frönsku, spænsku, þýsku, hollensku,

dönsku, pólsku, kínversku og íslensku. Þýðingu bókarinnar hafa fylgt ýmsar áskoranir. Þegar bókin var fyrst þýdd yfir á frönsku tók höfundurinn eftir ósamræmi í þýðingunni sem m.a. fól í sér skort á endurtekningum. Höfundurinn notaði orðið *ribble*, sem þýðir „stigi“, tvisvar til þess að hjálpa lesendum að átta sig á merkingunni, en í frönsku þýðingunni var ekkert orð endurtekið. Þá kom í ljós að franskri þýðandinn hélt að skordýramálið væri hreint bull og hafði ekki áttað sig á því að það væri regla á galskapnum (Corbett 2017). Þýðandinn verður í raun að semja nýtt tungumál til þess að nýr lesendahópur geti skilið það og þá verðum við að velta fyrir okkur eftirfarandi spurningum:

- Hvað er það sem gerir íslenskt skordýramál aðgengilegt fyrir íslenskumælandi lesendur?
- Hvað þurfa íslenskir málhafar að vita um sitt eigið tungumál til að geta ráðið í íslenskt skordýramál?

Þessum spurningum verður svarað í næsta kafla en til þess að svara þeim munum við rýna í uppbyggingu íslensks skordýramáls, brjóta það niður í merkingarbærar einingar og láta reyna á sköpunarmátt tungumálsins í samanburði við upprunamálið.

4. *Kva es þak?*

Í þessum kafla verður fjallað um íslenskt skordýramál í þýðingu Sverris Norlands *Kva es þak?* (2021) og það greint málfræðilega. Fjallað verður um nálgun þýðandans við að semja nýtt skordýramál fyrir íslenska lesendur og í því samhengi verður gerður samanburður við upprunamálið. Við ritun þessarar greinar var stuðst við gögnin sem birtast í bókinni sjálfri, þýðingarlykil fyrir skordýramálið frá höfundinum, Carson Ellis, sem birtist hér að neðan, og viðtal sem greinarhöfundur tók við þýðandann, Sverri Norland. Í viðtalinu spurði greinarhöfundur þýðandann hver markmið hans hefðu verið þegar hann aðlagði skordýramálið fyrir íslensku og þýðandinn lýsti þeim svo:

- Að skordýramálið hljómaði eins og íslenska.
- Að skordýramálið væri nálægt íslensku málfræðilega séð.
- Að það væri auðvelt fyrir íslenska málhafa að ráða í skordýramálið.

Af þessum markmiðum er ljóst að þýðandinn hafði fyrst og fremst **aðgengileika** í huga þegar hann samdi íslenskt skordýramál en hugsaði ekki mikið um hversu mikinn sköpunarmátt málið hefði. Þetta gefur ástæðu til að ætla að málfræðileg uppbygging tungumálsins byggist að miklu leyti á málvitund þýðandans (e. *meta-linguistic awareness*), frekar en skipulagðri uppbyggingu málkerfis fyrir gervimálið. Skoðum nú uppbyggingu íslensks skordýramáls.

4.1. *Ig pans úf þak se plonk*

Í töflu 1 sjáum við heildaryfirlit yfir málgögnin sem við höfum um hið upprunalega skordýramál sem Carson Ellis samdi (vinstri dálkurinn), íslenskt skordýramál í þýðingu Sverris Norlands (miðjudálkurinn) og þýðingarlykil fyrir skordýramálið frá höfundinum, Carson Ellis, sem birtist hér í íslenskri þýðingu greinarhöfundar. Lítum nú á málgögnin í töflu 1.

Tafla 1 – Skordýramálheildin

Skordýramál Ellis	Íslenskt skordýramál	Íslensk þýðing
Du iz tak?	Kva es þak?	Hvað er þetta?
Ma nazoot.	Ig nað igsi.	Ég veit það ekki.
Ta ta!	Ta ta!	Bless!
Ma ebadow unk plonk.	Ig pans úf þak se plonk.	Ég held að þetta sé planta.
Du kimma plonk?	Kimman plonk?	Hvernig planta?
Ru badda unk ribble.	Ög bamsa himsala.	Við þurfum stiga.
Su.	Sú.	Já.
Bore inkin Icky.	Mörgambsa Igga.	Spyrjum Igga.
Icky!	Iggi!	Iggi!
Unk ribble!	Himsala!	Stigi!
Ru daddin doodin unk furt.	Ög daddi úf dúddí fúrt.	Við ættum að byggja virki.
Rup furt!	Fúrtinn ons!	Virkið okkar!

Voobeck! Booby voobeck!	Vúbbrí! Böbbí vúbbrí!	Kónguló! Heimska kónguló!
Ho, Ooky!	Hó, Ögga!	Hæ, Ögga.
Iz unk gladdenboot!	Þak es glaðaspraða!	Þetta er blóm!
Unk scrivadelly gladdenboot!	Skæjadellí glaðaspraða!	Fallegt blóm!
Iz tak unk gladdenboot?	Es þak glaðaspraða?	Er þetta blóm?
Ta ta, oodas!	Ta ta, spons.	Bless, krakkar.

Við byrjum á að greina samtal meýjarflugnanna af fyrstu blaðsíðu-
unni, fyrsta samtalið í bókinni, en nú á íslensku skordýramáli (11).

- (11) a. Kva es þak?
hvað er þetta
„Hvað er þetta?“
b. Ig nað igsi.
ég það veit-ekki
„Ég veit það ekki.“

Eins og dæmi (11a) sýnir hefur þýðandinn lagað íslenskt skordýramál vel að hljóðkerfislegri uppbyggingu íslensks máls, a.m.k. miðað við ritháttinn. Í íslensku skordýramáli er til spurnarorðið *kva*, sem þýðir „hvað“, tengisögn sem hefur 3. p. beygingarmyndina *es* og ábendingarfornafnið *þak*, sem þýðir „þetta“. Spurnarorðinu svipar til íslenska spurnarfornafnsins „hvað“ og lesandinn getur dregið þá ályktun að framburðurinn sé svipaður. Í íslenskum *hv*-spurnarfornöfnum er framstöðuklasinn *hv*- borinn fram [ʰv] af flestum íslenskum málhöfum (svokallaður kv-framburður er miklu algengari en upprunalegur hv-framburður sem stafsetningin endurspeglar), rétt eins og við getum ímyndað okkur að framstöðuklasinn *kv*- í íslensku skordýramáli sé borinn fram. Spurnarorðið *kva* [ʰva:] er því greinilega innblásið af íslenska spurnarfornafninu „hvað“ [ʰvað].⁵

3. persónumynd tengisagnarinnar *es* svipar einnig til sambærilegrar tengisagnar í íslensku, „vera“, og má ætla að þær gegni svipuðu hlutverki. Loks er það ábendingarfornafnið *þak*, sem er ólíkt íslenska

5 Í viðtalinu las þýðandinn bókina upphátt og hefur greinarhöfundur því áreiðanlega heimild fyrir því hvernig þýðandinn „heyrir“ skordýramálið. Hinn almenni lesandi hefur auðvitað ekki þessar upplýsingar og verður að draga ályktanir út frá rithætti málsins einum saman.

ábendingarfornafninu „þetta“ og líklega hefur þýðandinn viljað halda tryggð við upprunalega orðið *tak*. Orðið *þak* virðist þó hafa hljóðkerfislegu uppbygginguna [‘θa:k] sem samræmist íslensku hljóðkerfi. Þessar tvær orðmyndir koma oftast fyrir í gögnunum sem gefur lesandanum skýra mynd af því hvernig hægt er að nota þær, eins og verður rætt hér að neðan.

Í dæmi (11b) sjáum við 1. persónufornafnið *ig* sem kemur einnig fyrir oftast í gögnunum og virðist sambærilegt 1. persónufornafninu „ég“ í íslensku. Uppbygging þessarar setningar er þó ekki jafngagnsæ og uppbygging þeirrar fyrri. Eins og í upprunamálinu ákvað þýðandinn að hafa neitunina innifalda í sögninni *igsí*. Setningagerðin í (11b) er eins og þýðandinn sjálfur lýsti henni í viðtalinu en höfundur greinarinnar var ekki viss um hvernig ætti að greina hana. Þýðandinn sagðist ekki muna almennilega hvaða hluti sagnmyndarinnar *igsí* væri neitun en minnti að það væri viðskeytið *-i* en ef það er rétt þá ætti 3. p. mynd sagnarinnar án neitunar að vera *igs*, sem þýðir þá „veit“. Við skulum gefa okkur að það sé rétt munað og að neitun í íslensku skordýramáli sé táknuð með *-i* viðskeyti við sögn. Neitunin kemur aðeins fyrir einu sinni í gögnunum, svo ályktunin er dregin af þessari einu setningu og lýsingu þýðandans.

Það sem er athyglisvert við uppbyggingu setningarinnar er hins vegar að á milli frumlagsins og neitandi sagnarinnar er andlagið, persónufornafnið *nað*, sem er sambærilegt 3. persónufornafninu „það“ í íslensku. Við nánari greiningu á gögnunum kemur í ljós að grundvallarorðaröð í íslensku skordýramáli er FSA (frumlag-sögn-andlag) rétt eins og í íslensku, eins og síðar verður vikið að. Í þessari setningagerð hins vegar, þar sem sögnin er neitandi, birtist persónufornafnið á undan sögninni en það gerist ekki annars staðar í gögnunum. Þetta gefur til kynna að í íslensku skordýramáli gangi persónufornöfn undir andlagsstökk, þ.e.a.s. andlagið færast fram fyrir neitunina frá sínum upprunastað sem er á eftir neituninni. Í íslensku ganga áherslulaus persónufornöfn undantekningarlaust undir andlagsstökk (sjá Holmberg 1986 og Höskuld Þráinsson 2005:289). Það sést t.a.m. á dæmi (12b) þar sem áherslulausa fornafrnið [það] er á upprunastað og setningin er ótæk. Í dæmi (12a) hefur áherslulausa fornafrnið færst með andlagsstökki og orðaröðin er eðlileg.

- (12) a. Ég veit [það] ekki.
 b. *Ég veit ekki [það].

Það er ekki fráleitt að þessi regla eigi líka við um íslenskt skordýramál en það er auðvitað erfitt að draga ályktun út frá svona rýrum gögnum. Það þarf líka að hafa í huga að andlagsstökk er skilyrt af því að sögnin færist í svokallaðan beygingarhaus (Holmberg 1986) sem þýðir að hún færist fram yfir setningarneitunina. Í íslensku skordýramáli er neitunin táknuð með viðskeyti og því er ekki augljóst að um sambærilega setningagerð sé að ræða en út frá þeim gögnum sem eru til má samt setja fram þá tilgátu að í íslensku skordýramáli sé andlagsstökk virk regla. Við skoðum möguleikann á virkni andlagsstöcks í íslensku skordýramáli hér að neðan en færum okkur nú að næsta samtali.

Í næsta samtali segir eitt skordýr setninguna *Ig þans úf þak se plonk* („Ég held að þetta sé planta.“). Annað skordýr sem stendur nálægt spyr á móti *Kimman plonk?* („Hvernig planta?“). Fyrri skordýrið svarar aftur með setningu sem við höfum séð áður: *Ig nað igsi* („Ég veit það ekki“). Í fyrstu setningunni, *Ig þans úf þak se plonk*, sjáum við aftur persónufornafnið *ig* og ábendingarfornafnið *þak*. Hér sjáum við líka sagnmyndina *þans* í merkingunni „held“, tenginguna *úf*, sem virðist sambærilegt íslensku skýringartengingunni „að“ og nafnorðið *plonk* sem þýðir „planta“. Loks sjáum við sagnmyndina *se*, sem svipar til sambærilegu sagnmyndarinnar „sé“ (viðtengingarhátt tengisagnarinnar „vera“) í íslensku. Út frá fyrri dæminu má draga þá ályktun að í íslensku skordýramáli sé viðtengingarháttur og að hann sé a.m.k. notaður í skýringarsetningum á eftir efasögninni „halda“, eins og í þessu dæmi.

Í annarri setningunni sjáum við svo spurnarfornafnið *kimman* („hvernig“). Þetta er eina dæmið þar sem þetta spurnarfornafn kemur fyrir en við getum þó borið það saman við spurnarfornafnið *kva*. Þessi tvö fornöfn sýna okkur að hljóðkerfisleg uppbygging spurnarfornafna í íslensku skordýramáli er ekki jafnregluleg og í íslensku. Spurnarfornöfn í íslensku byrja öll á samhljóðaklasanum *hv*- og ef það sama væri uppi á teningnum í skordýramáli, þá gætum við átt von á því að öll spurnarfornöfn í íslensku skordýramáli byrjuðu á samhljóðaklasanum *kv*-, eins og *kva*. Það eru engar vísbendingar í

gögnunum sem gefa til kynna hvort spurnarfornöfn sambeygjast nafnorðunum sem þau standa með, eins og er í mörgum tungumálum, en fyrst svo er ekki í íslensku (þ.e.a.s. spurnarfornafnið beygist ekki í málfræðilegu kyni og falli, sbr. *hvernig bestur* og *hvernig planta/plöntu* o.s.frv.) getum við kannski dregið þá ályktun að spurnarfornöfn hegði sér eins í íslensku skordýramáli.

Það eru ekki margar setningar í gögnunum sem bjóða upp á að prófa þessar tilgátur en nú getum við samt látið reyna á sköpunarmátt skordýramálsins út frá þeirri þekkingu sem við höfum öðlast við greininguna hingað til. Ef viðtengingarháttur er notaður í skýringarsetningum á eftir efasögn, eins og í dæmi (13a), og viðtengingarháttur í íslensku skordýramáli fylgir svipuðum reglum og viðtengingarháttur í íslensku, þá ættum við að geta notað sagnmyndirnar *ígs* („veit“) og *es* („er“) sem við afmörkuðum hér að ofan og búið til samþæfilega setningu þar sem sögn skýringarsetningarinnar er í fram-söguhætti, eins og í (13b).

- (13) a. Ig þak úf þak se þonk.
 ég held að þetta sé planta
 „Ég held að þetta sé planta.“
 b. Ig igs úf þak es þonk.
 ég veit að þetta er planta
 „Ég veit að þetta er planta.“

Við gætum meira að segja gengið lengra, bara með gögnin sem hafa verið greind hingað til, og búið til splunkunýjar setningar, sbr. (14a, b) og (15a, b).

- (14) a. Ig igs kva þak es.
 ég veit hvað þetta er
 „Ég veit hvað þetta er.“
 b. Ig igsi kva þak es.
 ég veit-ekki hvað þetta er
 „Ég veit ekki hvað þetta er.“

- (15) a. Ig igs kimman þonk þak es.
 ég veit hvernig planta þetta er
 „Ég veit hvernig planta þetta er“

- b. Ig igsi kimman plonk þak es.
 ég veit-ekki hvernig planta þetta er
 „Ég veit ekki hvernig planta þetta er.“

Á dæmunum í þessu samtali má sjá að það er talsvert auðveldara að afmarka einingar íslenska skordýramálsins en upprunalegs skordýramáls Ellis. Skoðum dæmi (16) til samanburðar:

- (16) a. Ma ebadow unk plonk.
 ég held-að-þetta-sé óákv.gr. planta
 „Ég held að þetta sé planta.“
 b. Du kimma plonk?
 hvað tegund planta
 „Hvernig planta?“

Eins og dæmi (16a) sýnir eru gríðarlega miklar málfræðilegar upplýsingar fólgnar í sögninni *ebadow* og það er hvorki augljóst hvernig á að brjóta hana niður í smærri einingar né eru frekari vísbendingar í gögnunum um það, ólíkt íslenska skordýramálinu. Í (16b) þekkjum við aftur spurnarfornafnið *du* („hvað“) og svo fylgir því orðið *kimma* sem má álykta að sé nafnorð sem þýðir „tegund“ eða „gerð“.⁶ Það má vissulega brjóta skordýramál Ellis niður og búa til nýjar segðir en af þessum dæmum er ljóst að sköpunarmáttur íslensks skordýramáls er talsvert meiri en upprunamálsins.

Í næsta samtali fáum við meiri upplýsingar um sagnbeygingu og nafnorðabeygingu í íslensku skordýramáli. Skoðum setningarnar í dæmi (17).

- (17) a. Ög bamsa himsala.
 við þurfum stiga
 „Við þurfum stiga.“
 b. Mörgambsa Igga.
 spyrjum Igga
 „Spyrjum Igga.“

6 Í glósunum frá höfundinum var þýðing þessarar setningar á ensku „What kind of plant?“ sem rennir stoðum undir þessa greiningu. Í ensku er þó forsetningarliður [of plant] sem fylgir en það er enga forsetningu að sjá í skordýramálinu, svo uppbyggingin er ekki alveg sambærileg.

Setningarnar í dæmi (17) sýna greinilega að sagnir persónubeygjast í íslensku skordýramáli. Sagnmyndirnar *bamsa* („þurfum“) og *mörgambsa* („spyrjum“) eru báðar 1. p. ft. sagnir og þær hafa svipaða uppbyggingu. Þær deila endingunni *-sa* sem er líklega beygingarendingin fyrir 1. p. ft. Eðlilegasta ályktunin út frá þessum tveimur dæmum er að stofn sagnarinnar *bamsa* („þurfa“) sé *bam-* og að stofn sagnarinnar *mörgambsa* („spyrja“) sé *mörgamb-* en málið gæti auðvitað verið flóknara. Sögnin *mörgambsa* gæti t.d. falið í sér aðskeyti sem táknar hvatningarátt en það eru einfaldlega ekki næg gögn til að skera úr um það. Í dæmi (17a) sjáum við persónufornafnið ög („við“) í fyrsta sinn en það kemur aftur fyrir seinna í setningunni Ög *daddi úf dúddi fúrt* („Við ættum að byggja virki“), sbr. (19). Dæmin í (17) gefa okkur líka fyrstu vísbendingarnar um fall andlaga í íslensku skordýramáli.

Í dæmi (17a) er beygingarmyndin *himsala* („stigi“) beint andlag sagnarinnar en í dæmi (17b) er það beygingarmyndin *Igga*. Á næstu síðum fáum við meiri upplýsingar um þessi nafnorð í gegnum endurtekningu. Skordýrin berja á dyrnar á trjádrumbi og kalla: „Iggi!“ Til dyra kemur miðaldra tólffótungur sem virðist á öllu vera karl og skordýrin segja við hann: „Iggi, ög *bamsa himsala*.“ („Iggi, okkur vantar stiga“). Tólffótungurinn Iggi gengur út um dyrnar með langan stiga og maríuhænan hrópar glöð: „*Himsala!*“ Þessi dæmi gefa til kynna að nafnorð fall- og kynbeygist í íslensku skordýramáli, rétt eins og í íslensku. Það má draga þá ályktun að Iggi sé karlmannsnafn sem fær beygingarendinguna *-a* í aukafalli, sem er sambærilegt veikri karlkynsbeygingu í íslensku. Ef við gefum okkur að önnur nafnorð í íslensku skordýramáli beygist eins og nafnorð í íslensku, þá er hægt að draga þá ályktun að *himsala* sé hvorugkynsorð sem beygist eins og *auga* í íslensku. Síðar í textanum kynnumst við eiginkonu Igga sem ber nafnið Ögga (sbr. *Hó, Ögga!*). Það eru engar vísbendingar í gögnunum um kvenkynsbeygingu en ef greiningin er rétt, þá gæti nafnið Ögga fengið beygingarendinguna *-u* í aukafalli (*Öggu*). Þessar ályktanir eru auðvitað dregnar af mjög rýrum gögnum en ef greiningin er rétt, þá gætum við búið til setningar á borð við dæmin í (18).

- (18) a. Ög bamsa Igga.
við þurfum Igga
„Við þurfum Igga.“

- b. Ög bamsa Öggu
við þurfum Öggu
„Við þurfum Öggu.“
- c. Ig igsi kimman himsala þak es.
ég veit-ekki hvernig stigi þetta er
„Ég veit ekki hvernig stigi þetta er.“
- d. Ig pans úf þak se himsala.
ég held að þetta sé stigi
„Ég held að þetta sé stigi.“
- e. Ig pansi úf þak se himsala.
ég held-ekki að þetta sé stigi
„Ég held ekki að þetta sé stigi.“
- f. Ig igs úf ög bamsa himsala.
ég veit að við þurfum stiga
„Ég veit að við þurfum stiga.“

Í næstu samskiptum skordýranna fáum við frekari upplýsingar um fall nafnorða og sagnorðabeygingu.

4.2. *Þak es glaðaspraða!*

Á næstu síðu sjáum við skordýrin sitja sæl á blöðum plöntunnar og þar eiga þau eftirfarandi samtal:

- (19) a. Ög daddi úf dúddí fúrt
við ættum að byggja virki
„Við ættum að byggja virki.“
- b. Sú!
já
„Já!“

Í (19a) þekkjum við aftur persónufornafnið *ög* („við“) og smáorð sem minnir á skýringartenginguna *úf* („að“) en er líklegast nafnháttarmerki í þessu samhengi. Hér bætast við ýmsar nýjar upplýsingar. Sagnmyndin *daddi* („ættum“) hefur t.a.m. ekki beygingarendinguna *-sa* sem við höfum séð í öðrum sagnmyndum 1. p. ft. Þetta gefur til kynna að háttarsagnir í viðtengingarhætti fái sérstaka beygingarend-

ingu. Beygingarmynd sagnarinnar *dúddí* („byggja“) hefur endinguna *-í* sem er þá mögulega nafnháttarending í íslensku skordýramáli.

Loks sjáum við nafnorðið *fúrt* („virki“) sem er andlag sagnarinnar *dúddí*. Ef við höldum okkur við þá greiningu að kynbeyging nafnorða sé svipuð í íslensku skordýramáli og íslensku, þá er líklegast að orðið *fúrt* sé hvorugkynsorð, sbr. íslenska hvorugkynsorðið *port*. Á næstu síðu sjáum við virkið sem skordýrin hafa byggt í krónu plöntunnar sem vex og vex. Eitt skordýrið sveiflar sér í kaðli sem hangir neðan úr virkinu og hrópar:

- (20) Fúrtinn ons!
virkið okkar
„Virkið okkar!“

Hér sjáum við orðið *fúrt* aftur í nýju umhverfi en skv. þessum dæmum eru tvær leiðir til að greina það. Ef við reiknum með að íslenskt skordýramál hafi ákveðinn greini eins og íslenska og að ákveðni greinirinn sé alveg eins og í íslensku, þá hlýtur nafnorðið *fúrt* að vera karlkynsorð sem er eins í nefnifalli og þolfalli og tekur karlkyns greininn *-inn* (nf. *fúrt-inn*, þf. *fúrt-inn*, sbr. *ísl.* nf. *skúr-inn*, þf. *skúr-inn*). Ef íslenskt skordýramál hefur engan ákveðinn greini, þá er nefnifallsmynd orðsins *fúrtinn* og þolfallsmyndin er þá *fúrt* (sbr. nf. *best-ur*, þf. *best-Ø*). Gögnin gefa engar frekari vísbendingar um ákveðinn greini svo það er erfitt að draga nákvæmar ályktanir um þetta. Setningin *Fúrtinn ons!* er svo eina dæmið sem við höfum um eignarfornöfn í íslensku skordýramáli. Enn á ný getum við gefið okkur að fornafnið hegði sér eins og eignarfornöfn í íslensku sem þýðir að það ætti að vera það sama fyrir eintölu- og fleirtöluorð (sbr. *virkið okkar* og *virkin okkar*).

Á næstu síðu kynnumst við nafnorðinu *vúbbí* („kónguló“) og lýsingarorðinu *böbbí* („heimskur“). Nú hefur stór kónguló tekið yfir virki skordýranna og spunnið yfir það kóngulóarvef. Skordýrin standa á jörðinni, steyta hnefana og garga:

- (21) a. Vúbbí!
kónguló
„Kónguló!“

- b. Böbbí vúbbí!
 heimska kónguló
 „Heimska kónguló!“

Í íslensku er til hópur nafnorða sem endar á *-í* og eru flest orð sem tilheyra þeim hópi hvorugkynsorð (sbr. *bakarí, partí, brokkolí* o.s.frv.) Ef nafnorðabeyging í íslensku skordýramáli samsvarar nafnorðabeygingu í íslensku algjörlega, þá má ætla að nafnorðið *vúbbí* sé hvorugkynsorð. Lýsingarorðsendingin *-í* gefur enga vísbendingu um málfræðilegt kyn nafnorðsins enda sjáum við sömu endingu á lýsingarorðinu *skæjadellí* („fallegur“), sbr. (22b).

- (22) a. Þak es glaðaspraða!
 þetta er blóm
 „Þetta er blóm!“
 b. Skæjadellí glaðaspraða!
 fallett blóm
 „Fallett blóm!“
 c. Es þak glaðaspraða?
 er þetta blóm
 „Er þetta blóm?“

Í dæmi (22) sjáum við síðasta samtal skordýranna sem á sér stað þegar blómið springur út. Hér sjáum við kunnuglegan orðaforða, sagnmyndina *es* og ábendingarfornafnið *þak*, nýja lýsingarorðið *skæjadellí* og nafnorðið *glaðaspraða* („blóm“). Nafnorðið hefur *-a* endingu eins og við höfum séð áður í nafnorðinu *himsala* svo þetta gæti værið hvorugkynsorð en það gæti auðvitað líka verið kvenkynsorð eins og kvenmannsnafnið Ögga.

Greinarhöfundur telur, út frá eigin máltilfinningu gagnvart íslensku, að líklega sé þetta kvenkynsorð sem beygist eins og *aða*. Í viðtalinu staðfesti þýðandinn að *glaðaspraða* sé kvenkynsorð og að aukafallsmyndin af því sé *glaðaspröðu*. Þetta eru auðvitað ekki upplýsingar sem hinn almenni lesandi hefur aðgang að en þó er þetta ekki ósennileg ályktun sem lesandinn getur dregið af öllu sem hann er búinn að læra um íslenskt skordýramál hingað til og það sem málið á sameiginlegt með íslensku. Af þessum upplýsingum getum við svo ályktað að *-í* sé algeng lýsingarorðsending í íslensku skor-

dýramáli, a.m.k. er hún eina endingin sem við höfum séð, og að lýsingarorð hafi ekki endilega sömu endingu og nafnorðið sem það stendur með. Með alla þessa vitneskju getum við búið til nokkrar setningar í viðbót, sbr. (23).

- (23) a. Es þak fúrtinn ons?
er þetta virkið okkar
„Er þetta virkið okkar?“
- b. Ig pansi úf þak se fúrtinn ons.
ég held-ekki að þetta sé virkið okkar
„Ég held ekki að þetta sé virkið okkar.“
- c. Es þak vúbbí?
er þetta kónguló
„Er þetta kónguló?“
- d. Ig pans úf þak se skæjadellí vúbbí.
ég held að þetta sé falleg kónguló
„Ég held að þetta sé falleg kónguló.“

Fleiri samtöl er ekki að finna í bókinni, a.m.k. ekki með heilum setningum. Iggi og Ögga kveðja skordýrin með orðunum *Ta ta, spons* („Bless, krakkar“) og síðar kveðja skordýrin visnandi blómið með orðunum *Ta ta, fúrt* („Bless, virki“). Þar með eru málöggnin sem við höfum um íslenskt skordýramál uppurin. Setningarnar sem við bjuggum til eru ekki tæmandi, það er hægt að nýta efniviðinn til að búa til talsvert fleiri segðir en hér hafa verið skráðar. Vissulega má gera það líka með upprunamálið, skordýramál Ellis, og draga ýmsar ályktanir um málkerfi þess. Við vitum t.d. að skordýramál Ellis hefur lausa greininn *unk*, sbr. *unk plonk* („planta“) og *unk furt* („virki“), og að eins og í ensku þá kemur lýsingarorðið á milli lausa greinisins og nafnorðsins, sbr. *unk scrivadelly gladdenboot* („fallegt blóm“). Eins og áður hefur komið fram eru málfræðireglur upprunamálsins ekki alveg jafngegnsæjar og málfræðireglur íslensks skordýramáls, sbr. (24).

- (24) a. Iz unk gladdenboot!
er óákv.gr. blóm
“Þetta er blóm!”

- b. Iz tak unk gladdenboot?
 er þetta óákv.gr. blóm
 “Er þetta blóm?”

Eins og dæmið í (24a) sýnir er ekki nauðsynlegt að hafa ábendingar-fornafn, eða neitt frumlag yfir höfuð, í setningunni (sem þýðir bók-staflega „Er blóm!“) en fornafnið *tak* („þetta“) verður að vera til staðar í spurningunni í dæmi (24b). Svona óregluleiki er auðvitað ekki óhugsandi en eins og við sáum í (22a, c) er íslenska skordýra-málið fyrirsjáanlegra að þessu leyti, þ.e.a.s. reglurnar um það hvernig staðhæfingu er breytt í spurningu eru skýrari.

Markmið Ellis virðist hafa verið að semja mál sem er tiltölulega einfalt og auðvelt að lesa upphátt en líklega hefur höfundurinn einn-ig viljað að málið virki dálítið framandi og öðruvísi. Aðgengileiki skordýramáls Ellis er að hluta til fölginn í hljóðkerfislegri uppbyggingu og tónfalli þess sem minnir á ensku. Í sumum tilfellum bitnar þessi viðleitni á málfræðilegri afmörkun málsins, eins og sést t.d. á setningunum í (24a) og (16b). Það er mögulegt að þegar Ellis samdi skordýramálið hafi hún fyrst og fremst hugsað um það hvernig málið hljómar þegar það er lesið upphátt og að uppbygging þess hafi svo komið út frá því en auðvitað er erfitt að segja til um það út frá svo rýrum gögnum.

5. Lokaorð

Markmið þýðandans var að íslenska skordýramálið hljómaði eins og íslenska og að það væri auðvelt fyrir íslenska lesendur að skilja það. Eins og rætt var í byrjun þessa kafla var aðgengileiki helsta markmið þýðandans þegar hann aðlagði skordýramálið að íslensku. Því er athyglisvert að íslenskt skordýramál skuli vera talsvert flóknara frá málfræðilegu sjónarhorni en upprunamálið. Það hefur ríkulegri beygingu, framsöguhátt og viðtengingarhátt og fjölbreytilega setningagerð sem býður upp á töluverða regluvirkni. Á þessum tímapunkti er við-eigandi að endurtaka spurningarnar sem var varpað fram í lok þriðja kafla:

- Hvað er það sem gerir íslenskt skordýramál aðgengilegt fyrir íslenskumælandi lesendur?
- Hvað þurfa íslenskir málhavar að vita um sitt eigið tungumál til að geta ráðið í íslenskt skordýramál?

Svarið er fólgið í málvitund þýðandans sem gerir sér grein fyrir því, meðvitað eða ómeðvitað, að til þess að gera málið einfaldara fyrir íslenska málhafa, þá þarf það að vera **flóknara**. Ólíkt enskum málhöfum eiga íslenskir málhavar nefnilega von á ríkulegri beygingu: Þeir vita að nafnorð beygjast í föllum og að sagnir fá ólíkar beygingarendingar í persónuháttum og fallháttum. Þeir vita að aukasetningar eru oft afmarkaðar með tengiorðum og að stundum verður sögnin að vera í viðtengingarhætti í aukasetningu, sérstaklega ef á undan fer efasögn. Þetta og svo ótrúlega margt fleira vita íslenskir málhavar um sitt eigið tungumál, þótt þessi þekking sé ekki meðvituð og þeir geti kannski ekki allir greint frá þessari þekkingu eins og málfræðingar gera. Með alla þessa vitneskju að vopni er lítið mál fyrir íslenska málhafa að ráða í íslenskt skordýramál.

HEIMILDIR

- Adams, Michael. 2011. „The spectrum of invention“. Michael Adams (ritstj.): *From Elvish to Klingon: Exploring Invented Languages*, bls. 1–16. Oxford University Press.
- Adger, David. 2019. *Language Unlimited: The Science Behind Our Most Creative Power*. Oxford University Press.
- Baldur Ragnarsson. 2000. „Planmál“. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 22: 1–62.
- Baldur Ragnarsson. 1999. *Tungumál veraldar*. Háskólaútgáfan.
- Berko, Jean. 1958. „The Child’s Learning of English Morphology“. *Word* 14, 2–3: 150–177.
- Burgess, Anthony. 2011. *A Clockwork Orange*. Penguin Books.
- Carroll, Lewis. 2013. *Í gegnum spegilinn* (Valdimar Briem þýddi). Skrudda.
- Carroll, Lewis. 2010. *Through the looking glass*. William Collins.
- Chomsky, Noam. 1957. *Syntactic Structures*. Mouton.
- Corbett, Sue. 2017. Working out the bugs: adventures in translating Carson Ellis’s *Du Iz Tak?* *Publishers Weekly*. Sótt af: <https://www.publish-ersweekly.com/pw/by-topic/childrens/childrens-book-news/article/73993-working-out-the-bugs-adventures-in-translating-carson-ellis-s-du-iz-tak.html>
- Dryer, Matthew S. 2013. „Order of Subject, Object and Verb“. Dryer, Matthew S. og Martin Haspelmath, (ritstj.): *WALS Online* (v2020.3) [Data set]. Zenodo. <https://doi.org/10.5281/zenodo.7385533>. (Aðgengilegt á <http://wals.info/chapter/81>, sótt: 29. okt. 2023.)
- Einar Freyr Sigurðsson og Iris Edda Nowenstein. 2023. „How do you smurf that to Icelandic? Translation without roots“. Fyrirlestur fluttur á ársfundi LSA, Denver, 8. janúar, 2023.
- Ellis, Carson. 2016. *Du Iz Tak?* Walker Books.
- Ellis, Carson. 2021. *Kva es þak?* (Sverrir Norland þýddi). Am forlag.
- Faber, Robert. 2022. „Languages of Game of Thrones and House of the Dragon – High Valyrian, Dothraki and more“. Sótt af: <https://vasco-electronics.com/articles/languages/languages-of-game-of-thrones-and-house-of-the-dragon/>
- Fedzechkina, Maryia, Elissa. L. Newport, og Florian T. Jaeger. 2016. “Miniature artificial language learning as a complement to typological data”. *The Usage-based Study of Language Learning and Multilingualism*, 211–232.
- Hergé. 1972. *Eldflaugastöðin*. (Loftur Guðmundsson þýddi). Fjölvaútgáfan. (Upphaflega gefið út 1953.)
- Hergé. 1974. *Veldissproti Ottókars konungs*. (Loftur Guðmundsson þýddi). Fjölvaútgáfan. (Upphaflega gefið út 1939.)
- Hergé. 1975. *Leynivopnið* (Loftur Guðmundsson þýddi). Fjölvaútgáfan. (Upphaflega gefið út 1956.)
- Holmberg, Anders. 1986. *Word Order and Syntactic Features in the Scandinavian Languages and English*. Doktorsritgerð. University of Stockholm.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Íslensk tunga III: Setningar*. Almenna bókafélagið.

- Höskuldur Þráinsson. 1980. „Tilvísunarfornöfn?“ *Íslenskt mál og almenn málfræði* 2: 53–96.
- Jan, Cecilia. 2017. „El idioma inventado de los insectos. *El País* 28/12/2017. Sótt af: <https://elpais.com/cultura/2017/12/28/actualidad/1514457599_953602.html>.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2013. „Er eitthvert vit í algildismálfræðinni?“ Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton (ritstj.): *Chomsky: Mál, sál og samfélag*, bls. 247–264. Háskólaútgáfan.
- Lathey, Gillian. 2016. *Translating Children's Literature*. Routledge.
- Oittinen, Riitta. 2014. „No innocent act. On the ethics of translating for children“. Van Coillie, Jan og Walter P. Verschueren (ritstj.): *Children's literature in translation. Challenges and strategies*, bls. 35–45. Routledge.
- Okrand, Marc. 1992. *The Klingon Dictionary: The Official Guide to Klingon Words and Phrases*. Simon and Schuster.
- Orwell, George. 2021. *Nineteen Eighty-Four*. Penguin Classics.
- Morillas, Esther. 2022. “Reading aloud and invented languages: translating Du iz tak?, by Carson Ellis”. Valero Cuadra, Pino, Gisela Marcelo Wirnitzer og Nuria Pérez Vicente (ritstj.): *Traducción e intermedialidad en literatura infantil y juvenil (LIJ): orígenes, evolución y nuevas tendencias*, bls. 386–405.
- McGrath, Nick. 2015. *Pierre Coffin: Me and My Minions*. Sótt af: <https://www.theguardian.com/lifeandstyle/2015/jun/26/pierre-coffin-me-and-my-minions>
- Rosenfelder, Marc. Engin dagsetning/ ártal. *Herge's Syldavian: A Grammar*. Sótt af: <https://www.zompist.com/syldavian.html#corpus>
- Sanders, Nathan. 2020. „A primer on constructed languages“. Jeffrey Punske, Nathan Sanders og Amy V. Fountain (ritstj.): *Language Invention in Linguistics Pedagogy*. Oxford, Vefútgáfa, Oxford Academic, sótt 22. okt. 2020. Vefslóð: <https://doi.org/10.1093/oso/9780198829874.003.0002>
- Þórbergur Þórðarson. 1993. *Alþjóðamál og málleysur*. Bókadeild Menningarsjóðs.

ÚTDRÁTTUR

*Es þak glaðaspraða?*Um uppbyggingu íslensks skordýramáls,
tilbúin tungumál og bullmál

Að baki gervimáli liggur gríðarleg þekking málhafa á tungumálinu sjálfu og þekking á því hvaða eiginleika tungumál geta haft – og geta ekki haft til þess að þau virki sem alvöru mál. Þessi mikla þekking málhafa kemur ekki síst í ljós þegar gervimál er þýtt til þess að nýr hópur málhafa geti auðveldlega skilið það en það er meginviðfangsefni þessarar greinar. Hér er rýnt í uppbyggingu íslensks skordýramáls eins og það birtist í barnabókinni *Kva es þak?* í þýðingu Sverris Norlands og samanburður er gerður við upprunalega skordýramálið eins og það birtist í frumritinu *Du iz tak?* eftir Carson Ellis. Fjallað er um muninn á tilbúnu tungumáli og bullmáli og þær áskoranir sem þýðendur mæta þegar þeir aðlaga gervimál fyrir nýjan lesendahóp sem talar annað tungumál. Reynt er að svara spurningunni: Hvað þurfa málhafar að vita um sitt eigið tungumál til að skilja tilbúið tungumál?

Lykilorð: tilbúin tungumál, bullmál, málvitund, málgerðarfræði, þýðingar

ABSTRACT

*Es þak glaðaspraða?*On the structure of Icelandic Insectese,
constructed languages and nonsense languages

Behind an invented language is an enormous amount of knowledge the speaker has of the language itself and which features a human language can – and cannot have to work as a real language. This knowledge is revealed when the invented language is translated so that a new group of speakers may easily understand it, which is the main topic of this article. The article analyses the structure of Icelandic Insectese as it appears in the children's book *Kva es þak?*, translated by Sverrir Norland, and compares it to the original Insectese that Carson Ellis created for her book *Du iz tak?* The article describes the difference between invented languages and nonsense languages and the challenges that translators face when they try to adjust invented languages for a new group of readers that speak a different language. The article attempts to answer the question: What do speakers need to know about their own language to learn an invented language?

Keywords: invented languages, nonsense languages, metalinguistic awareness, linguistic typology, translation

Svar við bréfi Fríðu: Skáldkonan Arnfríður Sigurgeirsdóttir og frænkan í vestrinu¹

1. Inngangur.

Íslenskar skáldkonur úr alþýðustétt áttu erfitt uppdráttar á seinni hluta nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu. Árið 1876 kom út fyrsta ljóðabókin eftir íslenska konu, *Stúlka* eftir Júlíönu Jónsdóttur (1838–1917). Eins og Guðrún Ingólfsdóttir hefur bent á var þó algengara að efni eftir skáldkonur frá 19. öld varðveittist eingöngu í handritum ef ljóð þeirra varðveittust yfir höfuð á skriflegu formi.² Jafnvel innan efri stétta samfélagsins þótti ekki við hæfi að konur fengjust við skriftir að því marki að það bitnaði á bústörfum þeirra, en fyrsta barnabókin sem kom út á prenti innihélt viðvörðunarsögu þess efnis.³ Einstæðar alþýðukonur sem unnu fyrir kaupi sínu voru ekki endilega undir eins ströngu „eftirliti“ og gátu vissulega ráðstafað tekjum sínum eins og þær vildu, en líf þeirra einkenndist af sleitulausri vinnuhörku eins og hið magnaða kvæði „Kveðið við spuna“ eftir Herdísí Andrédóttur (1858–1939) ber vitni um.⁴

1 Kærar þakkir til Margrétar Eggertsdóttur og ónafngreindu ritrýnendanna fyrir gagnlegar ábendingar. Greinin byggist á rannsóknnum mínum um bréf og handrit innflytjenda í Norður-Ameríku í verkefninu Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi.

2 Guðrún Ingólfsdóttir, *Skáldkona gengur laus: erindi nítjándu aldar skáldkvenna við heiminn*.

3 Guðlaug Gísladóttir, „Það var vel artað barn og hafði fengið hreina sálu“: fyrsta þýdda barnabókin á íslensku“.

4 Soffía Auður Birgisdóttir, „Þar var Herdís: um ljóðagerð Herdísar Andrédóttur (1858–1939)“.

Margar íslenskra skáldkvenna og rithöfunda sem fæddust á 19. öld tóku ákvörðun um að flytja til Norður-Ameríku þar sem fjöldi starfa var í boði fyrir konur. Fyrst þeirra var trúlega Helga Steinvör Baldvinsdóttir eða Undína (1858–1941) sem var í hópi þeirra sem fluttu vestur um haf í ágúst 1873 og orti kveðju vesturfarans „Á burtsigling frá Íslandi 1873“ fyrir 150 árum á gufuskipinu *Queen*.⁵ Skáldkonan Pálína Ketilsdóttir (1849–1886) fór vestur árið 1875 ásamt manni sínum og ungum syni og ætlaði að setjast að við Gravenhurst í Ontario-fylki en hraktist til Nýja Íslands árið eftir. Hún varð því miður ekki gömul en náði þó að birta kvæði eftir sig í vesturfarablaðinu *Leifi*. Torfhildur Hólm (1845–1918) kom síðan til Nýja Íslands beint frá Íslandi 1876 og hóf að gefa út sögur eftir sig tveimur árum seinna í blaðinu *Framfari*. Guðrún Þórðardóttir frá Valshamri (1816/1817–1896) flutti vestur ásamt fjölskyldunni árið 1883.⁶ Júlíana Jónsdóttir kom ein til Vesturheims árið 1887 og settist að á Vesturströndinni eftir að búa fyrst í Dakóta en Helga Kress færir rök fyrir því að Júlíana hafi lengi hugsað sér til hreyfings og ort um það opinskátt í ljóðabókinni *Stúlka*.⁷ Anna Þórdís Eggertsdóttir Eldon eða Gerður (1858–1936) flutti til Winnipeg árið eftir en hún var meðal allra fyrstu kvenna til þess að birta skrif í blöðum um kvenréttindamál á Íslandi og strax við komuna til Winnipeg fór hún að birta greinar eftir sig um réttindi kvenna í vikublaðinu *Heimskringlu*.⁸

Aðstæður þessara skáldkvenna voru mjög misjafnar á Íslandi sem og í Norður-Ameríku en sjaldgæft er að finna heimildir um hvað veldur því að þær fara vestur, annaðhvort einar (eins og Júlíana Jónsdóttir) eða sem hluti af stærri fjölskylduhópi. Eins og Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir hafa fjallað um voru ýmis

5 Birna Bjarnadóttir, „Another Emigrant Ship Crossing the Atlantic: The Poetics of Migration in the Poetry of Undína and Stephan G. Stephansson“; Birna Bjarnadóttir, „Við erum hér, en hugur okkar er heima: um líf og skáldskap Undínu“; Wolf, „Western Icelandic Women Writers: Their Contribution to the Literary Canon“.

6 Helga Kress, „Ein á fjallatindum: skáldkonan Guðrún Þórðardóttir frá Valshamri“.

7 Helga Kress, „Stúlka án pilts: um líf og ljóð skáldkonunnar Júlíönu Jónsdóttur, þeirrar fyrstu sem gaf út ljóðabók á Íslandi“.

8 Aðalheiður B. Ormsdóttir, „Pá var ekki latína stúlknafeða: kvenréttindakonan Þórdís Eggertsdóttir“. Aðrar íslenskar skáldkonur sem fóru vestur voru m.a. Guðrún H. Finnsdóttir (1884–1946) og Jakóbína Sigurbjörnsdóttir Johnson (1883–1977) en sú síðarnefnda kom til Kanada barn að aldri og settist seinna að í Seattle þar sem hún dó.

tækifæri fyrir íslenskar konur í Vesturheimi sem buðust þeim ekki heima, ekki síst fyrir einhleypar konur og ekkjur.⁹ Konur voru útilokaðar frá mörgum störfum í kanadíska nýlendusamfélaginu en gátu m.a. unnið umönnunarstörf og fengið ágæt laun miðað við það sem þekktist á Íslandi.¹⁰ Þær sem höfðu hlotið betri menntun (eins og Torfhildur Hólm og Anna Eldon) gátu starfað sem kennarar barna íslenskra innflytjenda eða sem sjálfstætt starfandi kennslukonur. Konur gátu sjaldnast tekið beinan þátt í verkefnum í boði kanadískra yfirvalda, þar sem miðað var við að úthluta innflytjendum frá Evrópu bújörðum í vesturhluta landsins á mjög hagstæðum kjörum, en von um rými fyrir sig og sköpunargáfuna gat engu að síður verið sterkur hvati til að flytja út.

Skáldkonan Arnfríður Sigurgeirsdóttir (f. 1. ágúst 1880, d. 8. mars 1954), sem birti ljóðin sín undir gælunafninu Fríða, fæddist og dó í Mývatnssveit. Hún byrjaði að yrkja opinberlega um tvítugt eftir að rithöfundurinn Jón Stefánsson á Litluströnd eða Þorgils gjallandi skoraði á hana að flytja kvæði á samkomu.¹¹ Um þetta leyti vann hún á Akureyri en eftir tvö ár í þéttbýli sneri hún aftur í Mývatnssveit þar sem hún giftist bóndasyninum Þorláki Jónssyni (1884–1930) og settist að á Skútustöðum. Þar orti hún mest tækifæriskvæði um atburði í nærsamfélaginu eða innan eigin fjölskyldu. Bréfaskipti hennar við Petrínu Guðmundsdóttur, föðursystur sína í Norður-Ameríku, varpa hins vegar ljósi á það hvernig togstreita skapaðist í lífi hennar við upphaf 2. áratugs 20. aldar. Hún var þá einstæð kona á fertugsaldri en hafði orðið fyrir því sára áfalli að missa yngri systur, móður og föður. Petrína hvatti hana eindregið til þess að koma til sín og svo er að sjá að Arnfríður hafi velt því alvarlega fyrir sér að flytja til Saskatchewan um tíma.

9 Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarisdóttir, „Single women who emigrated from Iceland to North America, 1870–1914: Forgotten women with agency?“,

10 Eins og sést skýrt í Canada's Early Women Writers-gagnagrunninum (Canadian Writing Research Collaboratory, <https://cwrc.ca/project/canadas-early-women-writers>), sem nær til kvenna sem birtu skrif á ensku í Kanada, var t.d. afar lítið um það að aðfluttar konur sem áttu ekki enskan bakgrunn gætu tekið þátt í útgáfustörfum utan eigin innflytjendasamfélags. Laura Goodman Salverson (1890–1970), Vera Lysenko (1910–1975) og aðrar konur af annarri kynslóð innflytjenda ruddu að mörgu leyti brautina í þeim efnum.

11 Sbr. inngang Karls Kristjánssonar að einni ljóðabók Fríðu. Arnfríður Sigurgeirsdóttir, *Séð að heiman: ævisögurþættir, minni og ljóð*, 13. Um Fríðu hefur fátt verið skrifað en sjá þó Helga Kress, *Strálka. Ljóð eftir íslenskar konur*, 198.

Ekkert varð úr áformum frændfólksins um að Arnfríður færi til Ameríku og bréf hennar hafa ekki varðveist svo vitað sé. Hún geymdi hins vegar vandlega bréfin sem bárust frá ættingjum í Norður-Ameríku í áranna rás.¹² Áhugavert er að skoða þessi bréf og ekki síst hvernig þau endurspegla bæði samband hennar við nærumhverfið og flókna stöðu hennar innan stórfjölskyldu sem bjó á víð og dreif um heiminn. Hún var stödd við jaðar kröftugs iðustráums fólksflutninga og þó svo að hún hafi kosið að halda sig á bökkum æskuslóðanna virðist hún hafa verið mjög nálægt því að fara vestur um tíma.

Í stað þess að rannsaka bréfin til Fríðu sem heimild um hvers vegna ættingjar hennar kusu að fara af landi brott, má velta fyrir sér hvers vegna hún sjálf fór hvergi þrátt fyrir hvatninguna og aðstöðina sem henni bauðst. Í umræðu um sögulega fólksflutninga milli landa og heimsálfa hafa konur oft verið afgreiddar sem „fylgifiskar“ karla, þ.e. að þær hafi flutt búferlum fyrst og fremst vegna ákvarðana fedra og eiginmanna. Kyn er þó sífellt mikilvægari breyta í rannsóknnum um fólksflutninga, enda ljóst að tækifæri einstaklinga til þess að setjast að í nýju landi litast mjög af ólíkum samfélagslegum viðhorfum til kynja og kynjahlutverka, bæði í heimalandi og í móttökulandi.¹³ Í þessari grein eru sendibréf Petrínu föðursystur Arnfríðar þannig nýtt sem töl til þess að kanna það hvernig tvær náskyldar konur finna sér stað í tilverunni.

Frænkurnar Petrína og Arnfríður


Petrína Guðmundsdóttir, kölluð Petra, fæddist á jóladag árið 1855 á Kálfaströnd í Mývatnssveit. Hún var yngsta barn Guðmundar Tómassonar (1811–1888) og konu hans Kristínar Jónsdóttur (1813–1893) en Kristín var 42 ára þegar hún fæddist. Næstyngstur í barnahópnum var Sigurgeir (1853–1911) en þau Petrína ólust upp saman og virðast hafa verið nán alla tíð. Hjónin fóstruðu einnig Guðfinnu Sigurðardóttur, systurdóttur Guðmundar, (1842–1922) frá unga aldri.

12 Innilegar þakkir til Arnfríðar Sigurðardóttur í Seattle fyrir að veita aðgang að þessum bréfum sem eru í eigu hennar. Þakkir einnig til Ólafs Arnar Sveinssonar fyrir að mynda bréfin í ferð til Seattle á vegum verkefnisins Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi.

13 Sjá t.d. Christou og Kofman, *Gender and Migration*, IMISCOE Research Series; Boyd og Grieco, „Women and Migration: Incorporating Gender into International Migration Theory“.

Eftir að Guðfinna giftist bóndanum Sigurði Magnússyni (1840–1928) fluttist hún að Arnarvatni í Mývatnssveit. Sigurgeir kom þangað sem vinnuhjú og varð Arnarvatn heimili hans upp frá þessu. Sigurgeir giftist vinnukonunni Kristínu Sigurðardóttur (1854–1895) sem var í húsmennsku á Arnarvatni og þau eignuðust tvær dætur með áratugsmillibili, Arnfríði skáldkonu og Guðfinnu (1890–1896).

Árið 1878 giftist Petrína Steingrími Þorsteinssyni (1855–1940) og stunduðu þau búskap fyrst um sinn á Narfastöðum en fluttu síðan á Daðastaði í Reykjadal. Jón, elsti sonur þeirra, dó í frumbersku en þrír yngri synir komust til ára, þeir Jón (f. 1882), Þorsteinn (f. 1887) og Pétur (f. 1889). Fjölskyldan flutti til Ameríku árið 1893 frá Daðastöðum og settist að í sveitinni skammt frá bænum Eyford í Norður-Dakóta. Nokkuð stór hópur fór til Dakóta það ár og meðal þeirra var annar bróðir Petrínu, Metúsalem eða Sali (1847–1928), sem tók ættarnafnið Goodman(n) við komuna, en Steingrímur og Petrína kusu sér ættarnafnið Thorsteinson. Elsti bróðirinn, Pétur (1843–1935), bjó áfram í Mývatnssveit. Aldrei kemur fram í bréfum Petrínu hvers vegna hjónin ákváðu að fara vestur en mágkona og svili Petrínu, þau Kristín Þorsteinsdóttir (1853–1942) og Sigurður Kráksson eða Krakson (1853–1903), höfðu sest að í svokallaðri Þingvallabyggð í Dakóta eftir að þau fluttu til Nýja Íslands í Kanada 1878 og þau aðstoðuðu fjölskyldu Petrínu við komuna. Úlfar Bragason hefur bent á að stór hópur vesturfara tengdist Arnarvatni í Mývatnssveit og voru úr ætt Petrínu og Arnfríðar, m.a. má nefna Jón Halldórsson í Nebraska sem fór vestur strax árið 1872 en þau Petrína voru systkina-börn.¹⁴



Mynd 1. Ættartengsl Petrínu og Arnfríðar

14 Úlfar Bragason, *Frelsi, menning, framför: um bréf og greinar Jóns Halldórssonar*, 92–94.

Ákvörðunin um að flytja vestur var oft tekin innan fjölskyldu og snerist ekki endilega um hag einstaklingsins heldur um stöðu heildarinnar.¹⁵ Líkt og nú gat tilfinningaleg togstreita skapast milli fjölskyldumeðlima sem fóru og þeirra sem urðu eftir í heimalandinu en aðskilnaðurinn leiddi þó ekki til þess að böndin slitnuðu.¹⁶

Vægi fjölskyldunetsins og fjölskyldu í fólksflutningum til Norður-Ameríku hefur fengið aukna athygli á undanförunum áratugum.¹⁷ Þegar frásagnir vesturfaranna eru skoðaðar sést að sameining stórfjölskyldunnar var oft langtímamarkmið en þessi draumur um sameiningu rættist oft aldrei. Þegar innflytjandi var orðinn nógu vel staður til þess að aðstoða fleiri ættingja við það að koma var uppbyggingin á svæðinu oft orðin það mikil að það var erfitt fyrir nýbúana að stofna heimili í mikilli nálægð enda dýrt að koma sér vel fyrir. Vissulega eru dæmi um vel heppnaða „fjölskyldusameiningu“ en oft enduðu slíkar tilraunir þannig að ættingjarnir tvístruðust innan Norður-Ameríku í leit að betri afkomu og stórfjölskyldur enduðu á víð og dreif um heimsálfuna.

Ekki gekk vel hjá Petrínu og Steingrími að eignast góða bújörð í Dakóta enda höfðu bitastæðustu jarðirnar þegar verið teknar til ábúðar. Þau freistuðu því þess að flytja til Minnesóta-ríkis. Þar gekk enn verr vegna vatnsflóða og þau sneru aftur allslaus til Dakóta. Eins og rætt verður hér að neðan er það aðeins Jón sonur hennar sem segir frá ógöngum fjölskyldunnar í Minnesóta. Eftir sjö ára dvöl í Bandaríkjunum slóst Thorsteinson-fjölskyldan í hóp íslenskra „landleysingja“ – eins og Petrína kallar sig – sem fóru norður til Kanada árið 1900 í leit að hagstæðari kjörum. Metúsalem og Jakobína kona hans voru einnig með í förinni.

Hópurinn settist að við Red Deer Point við Lake Winnipegosis, rúma 300 kílómetra norðaustur af Winnipeg í Manitoba. Svæðið hafði árþúsundum saman verið heimkynni frumbyggjaþjóða. Nafn vatnsins kemur úr Anishinabemowin-málinu en við suðvesturbakkana bjó Minegoziibe Anishinabe-þjóðin. Þar stóð einnig nýlegur fjögurra hæða heimavistarskóli úr hleðslusteini fyrir börn af frum-

15 Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Burt og meir og bæjarleið: dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari bluta 19. aldar*, 52.

16 Bryceson, „Transnational families negotiating migration and care life cycles across nation-state borders“

17 Glick, „Connecting Complex Processes: A Decade of Research on Immigrant Families“.

byggjakyni en slíkir heimavistarskólar voru liður í þjóðarmorði. Börn voru aðskilin frá foreldrum sínum með valdi frá fimm eða sex ára aldri og vistuð á skólastofnunum þar sem þau urðu fyrir alvarlegu ofbeldi og vanrækslu. Vitað er fyrir víst að yfir fjögur þúsund börn létust í skólunum en það er bara á síðustu þremur árum sem skipulögð leit hófst að leiðum þeirra sem voru grafin í skólagrafreitum í ómerktum gröfum.¹⁸ Börnunum var refsað fyrir að nota móðurmál sitt og máttu ekki rækta tengslin við fjölskyldur sínar eða eigin menningu.¹⁹

Afkoma Thorsteinson-fjölskyldunnar batnaði í Red Deer Point þar sem hægt var að hafa tekjur af fiskveiðum en ekki var um að ræða eiginlegt landnám því svæðið hafði ekki verið skilgreint af kanadískum yfirvöldum sem eignarland til landtöku. Landbúnaður var í forgrunni í nýlendustefnu Kanada og sér í lagi akuryrkja.²⁰ Ekki er þó hægt að sjá af frásögnum Petrínu og annarra að kanadísk yfirvöld hafi skipt sér af óformlegu byggðinni sem leystist upp af sjálfu sér á örfáum árum með því að flestar fjölskyldurnar fluttu annaðhvort inn í Winnipegosis-þorpið, sem var sunnan við Red Deer Point, eða til Saskatchewan.²¹ Grátbroslegt er að lesa í bréfum Petrínu að einn hvati til þess að flytja þaðan var skólaleysi – en af sjálfsgöðu fengu innflytjendabörnin ekki aðgang að risastóra heimavistarskólunum sem stóð skammt frá, enda reynt af fremsta megni að koma í veg fyrir blöndun innflytjenda og frumbyggja.²² Synir Petrínu þurftu þannig að leita menntunar suður í Winnipeg.

18 National Centre for Truth and Reconciliation. Sjá einnig Hamilton, „Where are the Children buried?“

19 Young, „Anishinabemowin: A Way of Seeing the World: Reclaiming My Identity“. Mary Young gekk í umrædda skólann (sem hét Pine Creek Residential School) á 7. áratug 20. aldar en honum var lokað 1969. Jafnvel þá var þessi stefna viðhöfð í skólanum.

20 Frumbyggjaþjóðir stunduðu lengi og víða landbúnað meðfram veiði en notuðu sjálfbærari aðferðir sem kanadíska ríkisstjórnin var treg til þess að viðurkenna, sbr. Russell, *How Agriculture Made Canada: Farming in the Nineteenth Century*, 209–228. Innflytjendur frá Íslandi máttu færa sig um set, kæmi í ljós að þeir hefðu fengið úthlutað landskika á misheppnuðum stað, en eftir 1885 var ferðafrelsi frumbyggja innan Kanada einnig afar takmarkað. Eins og Russell fjallar um er enn útbreidd söguskoðun í Kanada að frumbyggjaþjóðir hafi ekki sýnt landbúnaði áhuga þrátt fyrir einlæggar tilraunir ríkisstjórnarinnar en raunin er sú að ríkisstjórnin gróf markvisst undan getu frumbyggja til þess að taka þátt í akuryrkju, m.a. með því að koma kerfisbundið í veg fyrir vélvæðingu. Sjá einnig Carter, *Lost Harvests: Prairie Indian Reserve Farmers and Government Policy*.

21 Finnþogi Hjálmarsson, „Safn til landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi: landnámssöguþættir frá Íslendingum í Winnipegosis“. Um Thorsteinson-fjölskylduna sjá bls. 116.

22 Sjá einnig um nýlendustefnu kanadískra yfirvalda: Eyford, *White Settler Reserve: New Iceland and the Colonization of the Canadian West*.

Þegar gott orð fór að berast af nýlendu við Quill Lakes í Saskatchewan-fylki þar sem innflytjendur gátu sótt um land til eignar á hagstæðum kjörum í boði kanadískra yfirvalda ákváðu Petrína og Steingrímur að freista gæfunnar. Vorið 1905 fluttu þau frá Winnipegosis til þessarar nýlendu með miðsoninn Þorstein en hinir synir þeirra, Jón og Pétur, komu árið á eftir. Vatnabyggðin var aldrei alíslensk nýlenda en þangað fóru margir íslenskir vesturfarar sem höfðu áður reynt að gerast bændur í Norður-Dakóta, þ.á.m. margt kunningjafólk Petrínu úr Þingeyjarsýslu. Í Saskatchewan áttu þau Petrína og Steingrímur eftir að eyða ævidögum sínum á heimilis-réttarlandi sínu sunnan við Big Quill Lake (NW 24-32-17), skammt frá eyðiborpinu Kandahar og rúma sex kílómetra vestur af smábænum Wynyard.²³ Synir Petrínu og Steingríms námu land skammt frá foreldrum sínum.

Synir Petrínu töluðu reiprennandi ensku, enda börn að aldri þegar þeir fóru vestur. Jón og Þorsteinn giftust konum af íslenskum uppruna en Elizabeth Readman, kona Péturs, var enskumælandi – þau kynntust þegar þau gengu saman í gagnfræðaskóla í Saskatoon. Petrína segist sjálf í bréfum sínum ekki hafa náð almennilegum tókum á ensku. Samskipti hennar virðast aðallega vera við aðra íslenska innflytjendur á svæðinu en hún lýsir Elizabeth eða Lissi tengdadóttur sinni af einstakri hlýju.

Thorsteinson-fjölskyldan hélt áfram að rækta tengslin við ættingja í Dakóta og víðar innan Norður-Ameríku, m.a. við Metúsalem og Jakóbínu sem settust að við Manitobavatn ásamt Kjartani syni þeirra sem giftist konu af íslenskum ættum.²⁴ Ekkert þeirra átti eftir að snúa aftur til Íslands þó svo að a.m.k. eitt barnabarn þeirra, Raymond eða Ray Thorsteinson (1921–2012) lærði að tala og lesa íslensku til þess að geta átt í samskiptum við ömmu sína og afa.²⁵ Ferðalög stórfjölskyldunnar innan heimsálfunnar voru tíðari og Jón Halldórsson

23 Hér er miðað við Library and Archives Canada, *Land Grants of Western Canada, 1870–1930*, sótt 13. febrúar 2023 á <https://www.bac-lac.gc.ca/eng/discover/land/land-grants-western-canada-1870-1930/Pages/land-grants-western-canada.aspx>. Um fjölskylduna má lesa í byggðarsögum um Wynyard-svæðið, *Reflections by the Quills*, 93–94 og Jón Jónsson frá Mýri, „Safn til landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi: Vatnabygðir vestasti hlutinn“, 62.

24 *Patience, Pride and Progress*, 123–124.

25 „One of Canada's Most Honoured Geologists, Raymond Thorsteinson, O.C., Ph.D., F.R.S.C.“, 6. Eins og fram kemur í greininni ferðadist Ray víða um norðurslóðir í starfi sínu, en hann var einn fremsti jarðfræðingur Kanada.

heimsótti t.d. Wynyard í ágúst 1912 og nefnir það í bréfi til Helgu systur sinnar að hann hafi hitt Petru (þ.e. Petrínu) og mann hennar.²⁶ Þar kemur fram að þau njóti velgengni og hafi keypt sér bíl. Þó svo að oft hafi verið langt milli íslenskra byggða innan Norður-Ameríku var hreyfanleiki milli byggðanna meiri og jafnvel þvert yfir landamærin, t.d. keypti Kristín, systir Steingríms, jörð við hliðina á jörð Steingríms og Petrínu árið 1913 eftir að hafa misst mann sinn en flutti síðan aftur til Mountain í Norður-Dakóta.²⁷

Bréf urðu helsti samskiptamiðill fjölskyldunnar við ættingja sem urðu eftir á Íslandi. Þó voru bréf ekki eini farvegurinn til að viðhalda tilfinningatengslum við Ísland og í því samhengi má nefna persónulega muni frá ástvinum, hárlokka og ljósmyndir. Í bréfi til Sigurgeirs biður Petrína hann um að senda sér yfirsængina úr dánarbúi móður þeirra (sem lést sama árið og Petrína fór vestur) og líka lokka úr hári hans og barna sinna.²⁸

Bréf til Fríðu

Hjá mörgum Íslendingum sem fluttu vestur urðu bréf mikilvægur þáttur í samskiptum við vini og ættmenn heima, sem og annars staðar í Norður-Ameríku, en Úlfar Bragason hefur nýlega tekið saman gott yfirlit um rannsóknir á bréfum vesturfara frá Íslandi og öðrum Evrópulöndum.²⁹ Varðveitt bréf Petrínu eru 14 talsins en fjögur þeirra eru stíluð á Sigurgeir bróður hennar og geymdi Arnfríður þau áfram eftir andlát hans. Hin tíu bréfin eru til Arnfríðar. Fimm bréf eru óheil en af tímasettu bréfunum er það elsta skrifað skömmu eftir komuna til Dakóta, 29. desember 1893. Petrína skrifaði sjálf öll bréfin en lét Steingrím skrifa nokkrar línur í fyrsta bréfinu og hvatti sömuleiðis Jón, elsta son sinn, til að skrifa Arnfríði frænku sinni, sbr. hér að neðan.

26 Jón Halldórsson, *Atríði ævi minnar*, 176.

27 *Reflections by the Quills*, 95.

28 Petrína Guðmundsdóttir til Sigurgeirs Guðmundssonar, 29. desember 1893.

29 Úlfar Bragason, *Frélsi, menning, framför*, 20–24. Sjá einnig Böðvar Guðmundsson, *Bréf Vestur-Íslendinga*, 3 bindi.

Auk þess að skrifast á við fjölskyldumeðlimi hafði Petrína óformlegan aðgang að Íslandsbréfum í gegnum tengslanet sitt í Ameríku. Í fyrrnefndu bréfi til Sigurgeirs segist hún ekki hafa fengið bréf að heiman í misseri en fengið aðgang að bréfum annarra: „Við höfum... frétt úr bréfum Helga og Þórarins eins og ævinlega. Svo lesum við ævinlega Björns Jónassonar bréf.“³⁰ Hér er um að ræða nágranna Petrínu en í öðru bréfi til Sigurgeirs kemur fram að bréf geti farið í dreifingu víðar en bara innan byggðarinnar:

Ég var núna að lesa bréf frá Jóni eldra Halldórssyni. Jón bróðir hans sendi mér það til að lesa. Jón er kjurr suður í Nebraska þar sem hann var. Hann er ríkur—á 3 hundruð gripi. Hann og börnin eiga 8 lönd. Halldóra er rík. Stína er ein í húsi sem hún á. Börn Jóns oft hjá henni. Sigurbjörg er dáin og tvær dætur hennar. Ég sá í þessu bréfi Jóns margt heimanad sem ég vissi ekki um því Helga var nýbúin að skrifa honum.³¹

Bjartsýni einkennir bréf Petrínu til Sigurgeirs og ljóst er að hún vill sýna bróður sínum jákvæða mynd af Ameríku. Hún nefnir oft skólagöngu í bréfum sínum og er greinilega umhugað um menntun barna sinna. Á þeim tíma voru fá tækifæri fyrir börn að stunda formlegt bóknám á Íslandi og sjaldgæft að venjuleg sveitafjölskylda eins og hennar ætti kost á að senda öll börnin í skóla en það var einmitt afrek Petrínu og Steingríms að allir þrír strákarnir komust í framhaldsskóla í Norður-Ameríku. Draumurinn um menntun barnanna gæti hafa verið sterkur hvati til hreyfings fyrir foreldrana en tilgangur bréfanna er ekki aðeins að halda sambandi við bróðurinn, enda má sjá að Petrína hvetur Sigurgeir til þess að flytja vestur svo að Fríða litla geti einnig gengið í skóla. Skrifar Petrína:

30 „[V]ið höfum samt freitt úr brjefum Helga og Þórarins eins og ævinlega svo lesum við ævinlega Björs [svo] Jónassonar brjef.“ Petrína Guðmundsdóttir til Sigurgeirs Guðmundssonar, 29. desember 1893, 3v. Hér er væntanlega átt við Helga Stefánsson (hálfbróður Jóns Stefánssonar, Þorgils gjallanda), Þórarin Stefánsson og Björn Jónasson frá Narfastöðum.

31 „[E]g var núna að lesa brjef frá Jóni eldra Halldórssini Jón bródir hans sendi mjer það til að lesa Jón er kjur sudurí Nebraska þar sem hann var hann er ríkur á 3 hundruð gripi hann og börnin eiga 8 lönd Halldóra er rík Stína er ein í húsi sem hún á börn Jóns oft hjá henni Sigurbjörg er dáinn og tvær dætur hennar eg sá í þessu brjefi Jóns mart heimanad sem eg vissi ekki um því Helga var nfbúinn að skrifa honum“. Petrína Guðmundsdóttir til Sigurgeirs Guðmundssonar, 16. apríl 1907(?), 7v.

Eldri drengir mínir eru á skóla á hverjum degi. Hann stendur í tvo 6 mánuði. Ég veit ekki hvert við látum Pétur ganga. Ekki vantar að hann vilji það. Steini [Þorsteinn] ætlar að ganga vel við enskuna. Hann er gefnastur fyrir bókina af þeim. Við höfum oft sagt að það hefði verið gaman og gagn að láta Fríðu þína ganga á þennan skóla.³²

Þrjú bréf berast Sigurgeiri frá Dakóta. Langt hlé verður hins vegar á bréfasamskiptum við Sigurgeir þegar fjölskylda Petrínu lendir í erfiðleikum og engin bréf eru send frá Minnesóta-ríki eða Winnipegosis. Í bréfi frá Petrínu sem er dagsett 16. apríl og líklega sent árið 1907 frá Sleipni P.O. (síðar Wynyard) segir frá högum fjölskyldunnar í Saskatchewan og útskýrir hún þar að einhverju leyti hvað hefur gengið á í millitíðinni en leggur áherslu á velgengni fjölskyldunnar við núverandi aðstæður. Hún lýsir Vatnabyggðinni á mjög jákvæðum nótum og óskar þess að hann og Fríða komi. Í Vatnabyggðinni búa nú margir af ættingjum og kunningafólki þeirra og þegar hefur verið stofnað lestrarfélag og keyptar íslenskar bækur og blöð í stórum stíl: „þessi fjarski sem keyptur er af íslenskum bókum – Þó eru þær miklu dýrari hér en heima. Við lesum Akureyrarblöðin, Ísafold og Eimreiðina“.³³

Óljóst er hvort Sigurgeir hafi nokkurn tíma svarað þessu bréfi en í bréfi til Arnfríðar dagsettu 17. mars 1908 kemur fram að bréf hefur borist þeim frá Arnfríði sem vekur mikla gleði. Petrína þakkar fyrir ljósmyndirnar sem Arnfríður sendir og svarar með fréttum af vinum og vandamönnum í Ameríku. Petrína skrifar annað bréf 10. janúar 1910 og vonar að Arnfríður hafi það gott en hefur ekki fengið nýlega bréf frá henni. Í millitíðinni hefur frændi þeirra, Þorlákur Jónasson frá Grænavatni, flutt til Vatnabyggðar.

Í öðru ódagsettu bréfi til Arnfríðar segir Petrína að hún hafi lesið ljóð eftir unga frænku sína í vikublaðinu *Lögbergi* og fengið staðfest-

32 „[E]ldri drengir mínir eru á skóla á hverjum deii hann stendur í 6 mánuði eg veit ekki hvert við látum Pjetur ganga ekki vantar að hann vilji það Steini ætlar að ganga vel við enskuna han er gjefnastur firir bókina af þeim við höfum oft sakt að það hefði verid gaman og gagn að láta Fríðu þína ganga á þennan skóla“. Petrína Guðmundsdóttir til Sigurgeirs Guðmundssonar, 29. desember 1893, 3r. Pétur er fjögurra ára þegar bréfið er skrifað.

33 „[Þ]essi fjarski sem kjefur er af íslenskum bókum þó eru þær miklu dýrari hjer en heima við lesum Akureirarblöðin Ísafold og Ejmreiðina.“ Petrína Guðmundsdóttir til Sigurgeirs Guðmundssonar, 16 apríl 1907(?), 4r.

ingu frá Þorláki Jónassyni að Arnfríður sé skáldkonan Fríða.³⁴ Því miður hefur fyrri hluti bréfsins glatast og ekki kemur fram á varðveitta blaðinu um hvaða ljóð er að ræða en það hlýtur að vera meðal fyrstu ljóða Fríðu sem birtust á prenti því bréfið er skrifað fyrir andlát Sigurgeirs 12. febrúar 1911.³⁵ Hugsanlega er það ljóðið „Ísland í fornöld“, sem birtist í *Óðni* í mars 1906 en var endurprentað í *Lögbergi* 24. maí sama ár.³⁶ Petrína biður Fríðu um að senda sér ljóðin sem hún yrkir og á væntanlega við handskrifað afrit, enda voru aðeins stök kvæði eftir Fríðu farin að birtast í blöðum.

Petrína vill ekki að Arnfríður sýni öðrum „þetta klór“ eins og hún kallar skriftina sína.³⁷ Þetta er eina bréfið sem Petrína vill ekki að fari í almenna dreifingu og það kann að vera vegna einhvers sem er getið í þeim hluta bréfsins sem hefur farið forgörðum. Þó er líklegra að það sé af tillitssemi við bróður sinn en í bréfinu óskar Petrína þess heitt að frænkan sjálf væri komin til hennar og ekki bara ljóðin. Ljóst er að Sigurgeir hefur tekið afgerandi ákvörðun um að vera um kyrrt en Petrínu dreymir um að Arnfríður geti komið og ekki síst vegna þess að Petrína er sívinnandi en er farin að þreytast.

Í öðru ódagsettu bréfi sem var skrifað á pálmasunnudegi kemur fram að Arnfríður hefur nýlega orðið fyrir sárum ástvinamissi og hefur að því virðist ákveðið að flytja til Petrínu og Steingríms í Wynyard. Petrína hripar í flýti bréf til að láta frænkuna vita að hún og Steingrímur séu að gera ráðstafanir um að senda fargjaldið.³⁸ Trúlega var það andlát Sigurgeirs sem hefur orðið Arnfríði svo þungbært. Fátt kemur fram í bréfinu af fréttum sem gæti staðfest þessa tímasetningu en Petrína nefnir þó að prentari í Wynyard ætli að gefa út íslenskt blað. Prentarinn mun vera Sveinn Oddsson en fáar heimildir hafa varðveist um blaðið. Í bókinni *Saskatchewan Icelanders* kemur aðeins fram að það hafi verið skammlíft en ekki hvað blaðið hafi heitið eða nákvæmlega hvenær það kom út.³⁹

34 Petrína Guðmundsdóttir til Arnfríðar Sigurgeirsdóttur, ódagsett, 1r.

35 Ekki er hægt að tímasetja bréfið mjög nákvæmlega en það var greinilega ritað fyrir andlát Sigurgeirs í febrúar 1911 því Petrína biður kærlega að heilsa honum.

36 Arnfríður Sigurgeirsdóttir [Fríða, dulnefni], „Ísland í fornöld“, 2.

37 Petrína Guðmundsdóttir til Arnfríðar Sigurgeirsdóttur, ódagsett, 1v.

38 Petrína Guðmundsdóttir til Arnfríðar Sigurgeirsdóttur, skrifað í „Viniard á pálmasunnudag“, 1r.

39 Lindal, *The Saskatchewan Icelanders: A Strand of the Canadian Fabric*, 161.

Þar sem bréf Fríðu hafa ekki varðveist er erfitt að vita hversu langt hún var komin með áætlun sína um að fara til Saskatchewan eða á hvaða tímapunkti hún hætti við, en ákvörðunin um að flytja vestur í kjölfar föðurmissis var greinilega ekki tekin í skyndi. Frænka hennar hafði lengi bent á kosti þess fyrir hana að flytja, m.a. vegna draumsins um skólagöngu og betri menntun. Sem vinnumaður gat Sigurgeir faðir hennar aldrei kostað Arnfríði til náms eða veitt henni efnahagslegt öryggi en í endurminningum Arnfríðar kemur fram að samband feðginanna hafi verið umhyggjusamt.⁴⁰

Á Íslandi vann Arnfríður áfram sem vinnukona, komin yfir þrítugt. Hún gat unnið fyrir sér en fékk sjaldan tækifæri á Íslandi til að fá útrás fyrir skáldskapargáfuna eða að komast í annað starf en húsmennsku. Hún hafði alist upp við stéttarmun og það að vera ekki nema „vinnumannsdóttir“ í augum samfélagsins eins og hún fjallar sjálf um í æviminningum sínum.⁴¹ En báðar konurnar vissu að til þess að geta farið vestur yrði hún að kveðja föður sinn. Hann hafði þegar orðið fyrir þeirri sáru reynslu að missa konu sína og yngri dóttur skömmu eftir að tvö systkini hans fluttu til Ameríku og sem óbreyttur vinnumaður á sextugsaldri stóð hann höllum fæti í samfélaginu, ekki síst eftir að þau Sigurður og Guðfinna fóstursystir hans hættu búskap á Arnarvatni.

Afgerandi þáttaskil í lífi Arnfríðar urðu í nóvember 1911, eða níu mánuðum eftir andlát Sigurgeirs þegar hún giftist bóndasyninum Þorláki Jónssyni á Helluvaði. Elsti sonurinn Jón fæddist 17. maí 1912 og hugsanlegt er að áform hennar um að fara til Ameríku hafi að einhverju leyti orðið til þess að þau Þorlákur tóku saman sumarið 1911 og gengu í hjónaband. Hún yrkir um ástina á eiginmanni sínum í minningarkvæði og segir m.a.: „Guði sé þökk, þú varðst á mínum vegi“ enda gaf hann henni „hlut í sælu sumranna“.⁴² Hjónin fluttu á Skútustaði í Mývatnssveit og eignuðust þar þrjú börn, þau Geirfinn (1914–1942), Málmfríði (1917–1982) og Kristínu (1920–2009).

Bréfin halda áfram að berast frá Petrínu eftir að Arnfríður giftist en tónninn breytist eftir að litla frænkan verður eiginkona og móðir.

40 Sbr. Arnfríður Sigurgeirsdóttir, *Séð að heiman*, 32.

41 Arnfríður Sigurgeirsdóttir, *Séð að heiman*, 34.

42 Arnfríður Sigurgeirsdóttir, *Séð að heiman*, 177–178.

Petrínu er ljóst að Arnfríður ætlar ekki vestur úr þessu en hún nýtur þess samt að skrifast á og skiptist á fréttum. Tilfinningaleg bönd milli kvennanna tveggja eru greinileg í bréfunum. Fyrri heimsstyrjöldin setti strik í reikninginn en að minnsta kosti þrjú bréf til Fríðu eru skrifuð á tímabilinu 1917–1921 og innihalda fyrst og fremst fréttir af henni og hennar fólki og kveðjur til Fríðu og annarra á Íslandi. Í einu ódagsettu bréfi er vikið að því að hún sé að verða sjóndöpur og líklegt er að hún hafi hætt að geta skrifað til Fríðu á allra síðustu árum sínum, en hún dó 21. janúar 1928.

Strákarnir mennta sig, kvænast og fara að eignast börn og Petrína tjáir þakklæti til tengdadaðra sinna fyrir að veita sér mikla hjálp. Hún hefur sérstakt dálæti á Lissí konu Péturs en í því samhengi kemur skýrt fram að Petrína kann mjög takmarkaða ensku: „Okkur þykir mjög vænt um hana. Hún getur ekki verið okkur betri. Við verðum sjaldan ráðalauser að skilja hvar aðra. Ekki skaltu halda að ég skilji ensku eða tali nema einstaka orð“.⁴³

Ekki var óalgengt að íslenskir innflytjendur sem komu vestur á fullorðinsárum lærðu enga eða nánast enga ensku. Jón Halldórsson skrifar árið 1914 um annan vesturfara að „hann er eins og margir landar, skeytti ekki um að læra ensku [...] getur síðan ekki talað við sonarkonur sínar og því síður við barnabörn sín; er svo í rauninni einstæðingur og vill helst vera milli landa“ og bætir við „sá sem best talar ensku, talar fyrir heilu ættina“.⁴⁴ Bréf Petrínu gefa þó aðra sýn þar sem hún leggur áherslu á gagnkvæman skilning kvennanna sem byggist ekki á tungumálakunnáttu. Petrína virðist vilja fullvissa Arnfríði um að hún sé ekki lengur eina konan í fjölskyldunni og fái þann stuðning sem Arnfríður geti ekki veitt henni.

Bréfið sem hér um ræðir er skrifað rúmlega tuttugu og fimm árum eftir komu Petrínu til Norður-Ameríku og sýnir hvernig skrif Íslendinga – og ritmenning fyrstu kynslóðarinnar – heldur áfram að takmarkast nær eingöngu við íslenskt ritmál á þeim slóðum þar sem íslenskir innflytjendur eru fjölmennastir en hverfur nánast með næstu kynslóð. Hlutverk handskrifaðra texta á íslensku á borð við

43 „[O]kkur þykir mjög vænt um hana hún gjetur ekki verid okkur betri vid verðum sjaldan ráðalauser að skilja hvar aðra ekki skaltu halda að eg skili ensku eða tali nema einstaka ord.“ Petrína Guðmundsdóttir til Arnfríðar Sigurgeirsdóttur, 22. maí [1919], 2v.

44 Jón Halldórsson, *Atíði ævi minnar*, 177.

bréf er þó smám saman að breytast og handskrifað efni að heiman verður eins og hárlokkar eða yfirsæng, mikilvæg efnisleg tenging við fortíðina.

Fimm bréf berast Arnfríði frá Jóni syni Petrínu og Steingríms, þar af tvö sem eru skrifuð fyrir andlát Sigurgeirs (eitt er dagsett 16. mars 1908, en í hitt vantar fyrsta blaðið) og þrjú sem eru talsvert yngri eða frá tímabilinu 1928–1932. Fram kemur að þau Arnfríður léku sér saman sem börn, enda voru þau á sama reki, en bræðurnir Þorsteinn og Pétur voru mun yngri. Áhugavert er að bera saman bréf Petrínu og Jóns þar sem hann fjallar meðal annars um bréfaskriftir sínar og móður sinnar. Jón er opinskárri um erfiðleikana sem hann og aðrir innflytjendur hafa upplifað í árána rás. Lýsingar af fyrstu árunum í Ameríku bregða upp mynd af miklu erfiðari aðstæðum en Petrína segir frá í sínum bréfum og hann er einn til frásagnar um hrakninga þeirra í Minnesóta. Segir hann berum orðum að fjölskyldan hafi búið þar við sultarmörk, en að foreldrarnir hefðu hlíf sonunum við matarskorti eftir bestu getu.⁴⁵

Þegar bréf Petrínu og Jóns sonar hennar eru borin saman sést að hún hikaði mjög við að skrifa um eigin erfiðleika og kaus heldur að rjúfa tengsl sín við ættmenn á Íslandi um margra ára skeið. Það var aðeins þegar Petrína vonaðist raunverulega til þess að Arnfríður kæmi til sín til Kanada að hún tjáði sig um erfiðari hlið þess að vera innflytjandi – um þreytuna og löngunina til þess að sameina fjölskylduna aftur á ný. Það var líka Jón sem útskýrði fyrir frænkunni að Petrína hefði alla tíð átt mjög erfitt með skriftina, enda væntanlega sjálflærð með öllu. Skort á næði til þess að skrifa átti hún sammerkt með Fríðu skáldkonu sem þurfti eins og frænkan í Kanada að skrifa og yrkja í hjáverkum. Drengir í annars veikri stöðu í samfélaginu gátu fengið félagslega viðurkenningu og jafnvel frí frá öðrum verkefnum til þess að stunda skriftir en slíkt var tæplega í boði fyrir konur eins og Petrínu eða Arnfríði.⁴⁶ Arnfríður fékk góða hvatningu frá öðrum til þess að yrkja og skrifa, m.a. frá Petrínu frænku sinni í

45 „Þar [í Roseau County í Minnesóta] áttum við aumu æfina, og það veit jeg nú að þar sultu foreldrar mínir, þaug höfðu samt einhvern veg til þess að láta okkur hafa svo ofan í okkur að ekki kirkti vöxt, við erum allir stærri menn en í meðal lagi.“ Jón Steingrímsson til Arnfríðar Sigurgeirsdóttur, 12. maí 1928, 2v–3r.

46 Sbr. Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, *Minor Knowledge and Microhistory: Manuscript Culture in the Nineteenth Century*.

Kanada. Aftur á móti eru skrif Petrínu sprottin af löngun til þess að halda í tengslin við ættmenn og nærsamfélagið sem hún skildi eftir á Íslandi og eru í vissum skilningi efnisleg framlenging á þeim taugum sem hún ber til sinna nánustu þar.

Þær sem fara og þær sem fara hvergi

Í umræðunni um fólksflutninga er efnahagsleg afkoma efst á baugi. Ofangreindar rannsóknir Sigríðar Matthíasdóttur og Þorgerðar Einarsdóttur varpa ljósi á það hvernig atvinnutækifæri buðust íslenskum konum í Norður-Ameríku. Störf fólust oft í umönnun og húshjálpi í þéttbýli en vesturferðir gátu verið undankomuleið fyrir konur úr stétt einhleypra vinnukvenna sem vildu brjótast úr víta-hring fátæktar.⁴⁷ Aftur á móti voru konur undir félagslegum þrýstingi úr ýmsum áttum. Vissulega var fjárhagsleg og félagsleg áhætta fólgin í því að fara vestur um haf en ákvörðun ógíftrar og sjálfmenntaðrar vinnukonu um að fara úr húsmennsku til þess að freista gæfunnar í öðru landi stríddi einnig gegn ákveðnum félagslegum gildum þess tíma. Það þótti göfugt fyrir fólk á þrítugs- og fertugsaldri að giftast og stofna eigið sveitarheimili eftir að hafa verið í vist hjá öðrum um tíma en einstaklingar sem „komust undan“ vinnuskuldum sínum með öðrum hætti voru oft litnir hornauga.⁴⁸

Fátæka vinnukonan Helga í *Vonum* Einars H. Kvarans flýr frá Íslandi með því að ginna einfaldan vinnumann til þess að borga far-gjaldið.⁴⁹ Helga slítur tengslin við unnustann og ættjörðina um leið og hún stígur fæti á kanadíska grund en glæsilegur klæðaburður hennar í Winnipeg endurspeglar skort á öllum tilfinningum til alls þess sem hún „Nellie“ skildi eftir heima á Íslandi.⁵⁰ Bréf Petrínu sýna aftur á móti hvernig konur gátu að einhverju leyti styrkt stöðu sína og ættingja sinna með því að rækta sambönd þvert á landamæri og ekki síst þegar bregðast þurfti við áföllum.

47 Um kjör vinnukvenna sjá einnig Guðný Hallgrímsdóttir, *A Tale of a Fool?: A Microhistory of an 18th-Century Peasant Woman*.

48 Sbr. Guðmundur Hálfðanarson, „Social Distinctions and National Unity: On Politics of Nationalism in Nineteenth-Century Iceland“, 763–779.

49 Um söguna, sjá Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, „Icelandic Immigrants, Modernity, and Winnipeg in Einar Hjörleifsson Kvaran's *Hopes*“, 126–142.

50 Sbr. Bertram, *The Viking Immigrants: Icelandic North Americans*, 47–52.

Í erindi sem skáldkonan Fríða hélt á Slægjufundi Mývetninga um kveðskap um Mývatnssveit tekur hún upp hanskann fyrir þá sem hafa flust í þéttbýli í atvinnuskyni, en stofnað þar áttthagafélög. Alþýðuskáldkonunni sárnar þegar hún heyrir „menntamenn“ fleygja því fram að slíkt fólk hafi ekki minnsta vit á ættjarðarást og hugsni bara um nærumhverfi bernskunnar. Fríða telur að áttthagaást sé eins og lítill lækur sem fellur í stærra fljót ættjarðarástar en „aldrei hef ég gengið þess dulin, að höfundur ljóss og lífs leggur hverju barni í brjóst fræ ástar og ræktarsemi til þess, er annaðist það ósjálfbjarga, og stöðva þeirra, er veittu því skjól og yndi í bernsku“.⁵¹ Hún bætir við að hún tryði betur afdalastúlkunni sem fórnaði ástarhamingju sinni til þess að annast veika, gamla móður sína í Garðshorni til að sinna ættjörð sinni „en þeim, sem yfirgefa farlama föður og móður og ganga á mála hjá Goðmundi á Glæsisvöllum, í von um fé og frama.“⁵²

Í þessum orðum má greina einlæga afstöðu Fríðu til sambands lands, fjölskyldu og einstaklings. Tryggð við fjölskylduna (og sér í lagi við foreldrana) vegur þyngra en hagar eða ástir einstaklingsins en velgengni landsins er fólgin í því að hlúa vel að nærsamfélaginu. Þjóðin er einfaldlega heildin sem samanstendur af öllum brotunum.

Ljóst er að „nærsamfélag“ Fríðu við upphaf 20. aldar náði yfir fleiri lönd en Ísland. Stór hluti ættingjanna bjó í Vesturheimi og hún fór að rækta sambandið við þau í auknum mæli á fullorðinsárum sínum. Ákveðin togstreita virðist hafa verið milli föður hennar og frændfólksins sem vildi að hún kæmi einnig vestur og fengi betri tækifæri til þess að menntast og fá góða atvinnu. Það kom aldrei til greina að yfirgefa föðurinn að honum lifandi en við fráfall hans varð hún ein eftir og hafði fá tækifæri í heimasveitinni sem einstæð kona. Ættingjarnir vildu strax grípa hana í áfallinu og aðstoða með því að koma henni til sín í Kanada og nokkuð ljóst er að hún hefði þegið boðið hefði ástin ekki bankað á dyr á örlagastund og skapað um leið nýja möguleika á öruggri stöðu í samfélaginu. Heima á Skútustöðum gat hún sest um kyrrt, en það að Petrína og Steingrímur í Saskatchewan voru fús til þess að hjálpa henni styrkti tvímælalast stöðu skáldkonunnar í Mývatnssveit þar sem hún hafði raunverulegt val um sína framtíð.

51 Arnfríður Sigurgeirsdóttir, *Séð að heiman*, 127–128.

52 Arnfríður Sigurgeirsdóttir, *Séð að heiman*, 128.

Búferlaflutningum yfir Atlantshafið er gjarnan lýst sem ferli þar sem einstaklingur tekur ákvörðun um að yfirgefa endanlega „heimalandið“ og leita á náðir ákveðins „móttökulands“ – ekki síst vegna þess að landið er sú stjórnsýslueining sem er fyrirferðarmest í lífi þverþjóðlegrar fjölskyldu. Stjórnsýsluleg landamæri hafa hins vegar takmarkað vægi í lífi og ljóðum Fríðu sem er bundnust af félagslegri stöðu sinni á hverjum tíma.

Sujatha Fernandes hefur bent á að ekki sé síður þörf fyrir flóknar frásagnir af reynslu manneskjunnar utan hringiðu heimsins en þeim miðlægu veitum sem bjóða upp á vandlega matreiddar sögur sem ögra ekki ríkjandi kerfi samfélagsins eða setja spurningarmerki við valdaójafnvægi og viðteknar skoðanir.⁵³ Auðvelt er að setja fram sögur um einstaklinga sem vilja hefja „leit að betra lífi“ í öðru landi, en þá er hætt við að horft sé fram hjá öðrum mikilvægum þáttum sem tengjast ekki efnahagsástandi, t.d. löngun til að sameinast öðrum í fjölskyldunni í kjölfar áfalls. Togstreitan fyrir Fríðu eftir föðurmissinn snýst kannski ekki svo mikið um valið milli Íslands og annars lands heldur um það hvort hún sem sjálfmenntuð skáldkona í heimi þar sem mjög hallar á hlut kvenna geti fundið sér samastað við litla lækinn sinn eða hvort hún þurfi að fara þaðan út í hina stóru veröld.

53 Fernandes, *Curated Stories: The Uses and Misuses of Storytelling*.

HEIMILDIR

- Aðalheiður B. Ormsdóttir. „Þá var ekki latína stúlknafeða: kvenréttindakonan Þórdís Eggertsdóttir“. Í *Kvennaslóðir*, 111–122. Ritstj. Anna Agnarsdóttir. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001.
- Arnfríður Sigurgeirsdóttir [Friða, dulnefni]. „Ísland í fornöld“. *Lögberg* (24. maí 1906): 2.
- Arnfríður Sigurgeirsdóttir. *Séð að heiman: ævisögubættir, minni og ljóð*. Akureyri: Norðri, 1952.
- Bertram, L. K. *The Viking Immigrants: Icelandic North Americans*. Toronto: University of Toronto Press, 2020.
- Birna Bjarnadóttir. „Another Emigrant Ship Crossing the Atlantic: The Poetics of Migration in the Poetry of Undína and Stephan G. Stephansson“. Í *The Icelandic Heritage in North America*, 143–160. Ritstj. Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason. Winnipeg: University of Manitoba Press, 2023.
- Birna Bjarnadóttir. „Við erum hér en hugur okkar er heima: um líf og skáldskap Undínu“. *Stuðlaberg 2* (2020): 27–29.
- Boyd, Monica og Elizabeth Grieco. „Women and Migration: Incorporating Gender into International Migration Theory.“ *Migration Information Source* (2003). Sótt 15. ágúst 2023 á <https://www.migrationpolicy.org/article/women-and-migration-incorporating-gender-international-migration-theory>
- Bryceson, Deborah Fahy. „Transnational Families Negotiating Migration and Care Life Cycles Across Nation-state Borders“. *Journal of Ethnic and Migration Studies* 45, 16 (2019): 3042–64. <https://doi.org/10.1080/1369183X.2018.1547017>
- Böðvar Guðmundsson. *Bréf Vestur-Íslendinga*. 3 bindi. Reykjavík: Mál og menning, 2001–2021.
- Carter, Sarah. *Lost Harvests: Prairie Indian Reserve Farmers and Government Policy*. Montreal: McGill-Queen's University Press, 1990.
- Christou, Anastasia og Elenore Kofman. *Gender and Migration*. IMISCOE Research Series. Cham: Springer, 2022.
- Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon. *Burt og meir og bæjarleið: dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari bluta 19. aldar*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 5. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001.
- Eyford, Ryan. *White Settler Reserve: New Iceland and the Colonization of the Canadian West*. Vancouver: UBC Press, 2016.
- Fernandes, Sujatha. *Curated Stories: The Uses and Misuses of Storytelling*. Oxford: Oxford University Press, 2017.
- Finnbogi Hjálmarsson. „Safn til landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi: landnáms-sögubættir frá Íslendingum í Winnipegosis.“ *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar* 36 (1930): 56–121.
- Glick, Jennifer E. „Connecting Complex Processes: A Decade of Research on Immigrant Families.“ *Journal of Marriage and Family* 72 (June 2010): 498–515. <https://doi.org/10.1111/j.1741-3737.2010.00715.x>

- Guðlaug Gísladóttir. „Það var vel artað barn og hafði fengið hreina sálu: fyrsta þýdda barnabókin á íslensku.“ *Jón á Bægisá* 4 (1999): 29–36.
- Guðmundur Hálfðanarson. „Social Distinctions and National Unity: On Politics of Nationalism in Nineteenth-Century Iceland.“ *History of European Ideas* 21.6 (1995): 763–779.
- Guðný Hallgrímsdóttir. *A Tale of a Fool?: A Microhistory of an 18th-Century Peasant Woman*. London: Routledge, 2019.
- Guðrún Björk Guðsteinsdóttir. „Icelandic Immigrants, Modernity, and Winnipeg in Einar Hjörleifsson Kvaran's *Hopes*.“ Í *The Icelandic Heritage in North America*, 126–142. Ritstj. Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason. Winnipeg: University of Manitoba, 2023.
Danska er bæði erlent mál og fleytimál á Íslandi, en er danska erlent mál eða annað mál í Færeyjum? Þar þróast danskan frá því að vera annað mál yfir í að verða erlent mál, og þar með líka fleytimál. Finnland hefur tvö opinber tungumál, finnsku og sænsku. Sænska er viðurkennd sem minnihlutamál og menntakerfið kemur til móts við það með kennslu í tungumálinu sem móðurmáli, og/eða fyrsta máli,

en að auki er sænska kennd sem erlent mál og annað mál. Enn fremur gegnir sænska hlutverki sem fleytimál yfir til grannmálanna dönsku og norsku. Öll norrænu tungumálin hafa einnig hlutverk sem annað mál fyrir þau sem ekki hafa norrænt fjölskyldubakland, því þar eru minnihlutamóðurmálin ekki norræn tungumál.

2. Námskrár til kennslu í dönsku og sænsku

Tungumálakennsla í Danmörku, Íslandi, Færeyjum og Finnlandi fylgir opinberum námskrám (t.d. lögum um skóla og námskrá). Erfitt er að bera saman námskrár fyrir tungumál á Norðurlöndum, því þær eru ólíkar í framsetningu, umfangi, hversu ítarlegar þær eru, sem og hvernig áherslur eru milli fyrir mæla annars vegar og leiðbeininga hinsvegar.

Í grunnskólum Danmerkur skal uppfylla markmið í dönsku-kennslu á eftirfarandi hátt: „Í námsgreininni dönsku eiga nemendur að kynnst skandinavísku málunum og hinu norræna menningar-samfélagi“ (grein 3). Skil eru gerð milli tungumáls og menningar í fyrstu með áherslu á hlustun og tal og síðan læsi). Hvergi í hinum bindandi ákvæðum er þó nánar tilgreint hvað felst í hugtakinu „hið norræna samfélag“.

Í íslensku námskránni er notað hugtakið „menningarlæsi“ (d. *kulturliteracy*), sem bæði tekur til tungumáls og menningar. Sömu ákvæði gilda fyrir erlendu tungumálin ensku og dönsku (norsku/sænsku). Í færeyskum lögum um skóla á að læra dönsku (vel og ræki-lega) á grundvelli markmiða móðurmálstileinkunar. Áður fyrr tilgreindi námskráin að kenna skyldi dönsku frá 1. bekk (7 ára), en frá árinu 2022 hefur dönskukennsla hafist í 3. bekk og haldið áfram út grunnskólann. Danska er ekki lengur skyldunámsgrein á framhaldsskólastigi þótt námsgögn séu á dönsku og ætluð til kennslu í Danmörku. Námsgreinin danska er því í þróun frá því að vera annað mál yfir í að verða erlent mál.

Í tungumálakennslu í Finnlandi er greint á milli A og B tungumála þar sem einkum er lögð áhersla á munnlega færni. Kennsla í A-tungumáli hefst í 3. bekk (9 ára), B-tungumál í 6. bekk (12 ára). Um það bil 90% af nemendum velja ensku sem A-tungumál og

sænsku sem B-tungumál. Auk tungumálsins eiga nemendur að kynnast menningu annarra Norðurlanda, sænska hluta Finnlands, Svíþjóðar og hinum Norðurlöndunum.

3. Blind sjónarhorn í námsgögnunum sem rannsökuð voru

Hvernig hefur svo til tekist að innleiða inntak Helsinkisáttmálans í námsgögnin sem skoðuð voru? Sjónum hefur ekki verið beint að innri fjölbreytni tungumála og menningar innan norrænu þjóðanna og heldur ekki að Norðurlöndunum sem heildar eða svæðis með ýmis sameiginleg einkenni (d. *identitetsmarkører*), ef miðað er við heiminn utan Norðurlanda.

Tungumál innflytjenda eru ekki nefnd í neinu af þeim námsgögnum sem til athugunar voru.

Ekkert námsgagnanna vekur t.d. athygli á því að Álandseyjar, rúmlega 6000 eyjar, þar sem íbúarnir tala aðallega sænsku, eru hluti af lýðveldinu Finnlandi, en hafa sjálfstjórnarþing með eigin löggjafarvaldi og eru því í raun sérstök þjóð.

Bæði Færeyjar og Grænland eiga sögulega arfleifð sem danskar nýlendur, en efni um þau tengsl hafa ekki ratað inn í þau námsgögn í dönsku sem greind voru, sem að öðrum kosti gæti aukið skilning á stöðu tungumálanna (færeysku og grænlensku) í dag.

Í Færeyjum eru notuð dönsk námsgögn til dönskukennslu sem ætluð eru móðurmálskennslu danskra nemenda í Danmörku og bera því glögglega vitni, enda hvergi minnst á færeyska tungu, menningu eða samfélag í þessum námsgögnum.

Fjölbreytni varðandi tungu og menningu er nánast ekki fyrir hendi í íslensku námsgögnunum sem ætluð eru til dönskukennslu, og eru því vanhöld á að nýta og miðla dönsku (norsku/sænsku) sem fleytimáli í skandinavísku samhengi. Íslensku textarnir eru óstaðsettir í rúmi, þ.e. þeir gætu átt sér stað hvar sem er í hinum vestræna heimi. Það er í andstöðu við finnska námsefnið sem inniheldur kerfisbundnar og tiltölulega gagnlegar upplýsingar um landafræði, náttúru, áhugaverða staði, matarhefðir og ýmsar frægar persónur. Í

finnska námsefninu eru gefin dæmi um orð, orðtök og textabrot á dönsku, íslensku, norsku og samísku. Færeyska og grænlenska eru nefnd en tungumálin og löndin tvö fá hvort um sig umfjöllun um sín sérstöku einkenni sem minnir helst á upplýsingar ætlaðar ferðamönnum og bera keim af staðlaðri framsetningu. Sjónarhorn danska námsefnisins, sem er skáldsaga og ekki eiginlegt námsefni, er Danmörk séð utan frá með augum ungs hælisleitanda. Reglurnar sem gefa „aðgang að Danmörku“ beina athyglinni að kafaískum lögum sem gilda um flóttamannapólitíkina í Danmörku. Hvernig Norðurlöndin birtast í dönsku námsefni er ekki til umfjöllunar í þessum hluta verkefnisins.

4. Ný hugsun, ný þróun

Ef niðurstöður greininga í rannsókninni eru dæmigerðar fyrir námsgögn á Norðurlöndum má slá því föstu að þær mæti alls ekki væntingum Helsinkisáttálans frá 1962 um miðlun tungumála, menningar og samfélaga á Norðurlöndum. Það er fjarri því að markmiðin séu í sjónmáli. Skortur á fjölbreytileika í tungumála- og menningarlegu tilliti í norrænum námsgögnum veikir innsýn og þátttöku í norrænu samstarfi. Löndin fimm og sjálfstjórnarsvæðin þrjú eiga sameiginlega sögu, menningu, samfélagsgerð, stjórnarfar og að vissu leyti tungumál. Löndin eru auðugri vegna tilflutnings fólks frá öllum heimshlutum sem í senn auðgar og ögrar norræna velferðarkerfinu. Þessi staða gæti svo hæglega verið stökkpallur fyrir námsgagnaframleiðslu.

Í rannsóknarverkefninu (Risager (red.) 2022, s. 201) bendum við á þrenns konar nálgun á nýrri hugsun og nýrri þróun: 1) að fjalla um Norðurlönd sem eitt svæði; 2) að varpa ljósi á tungumála- og menningarlega fjölbreytni á Norðurlöndum; 3) að hvetja nemendur til að taka virkan þátt sem borgarar í eigin landi, á Norðurlöndum og í umheiminum. Þessum hugmyndum er hér varpað fram til að veita innblástur.

Mælt með til áframhaldandi lestrar

Nordisk Ministerråd og Nordisk Råd (2018). *Helsingforsaftalen. Samarbejdsoverenskomst mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige*. <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1250811/FULLTEXT01.pdf>

Karen Risager (red.) (2022). *Sproglig og kulturel mangfoldighed i læremidler til sprogundervisning i Norden. Dansk og svensk som fremmedsprog, andetsprog, førstesprog, nabosprog og transitsprog*. Reykjavík: Islands Universitet, Vigdís Finnbogadóttir Institut. Í bókinni eru greinar eftir Pál Isholm; Bergþóru Kristjánsdóttir; Eeva-Liisa Nyqvist; Þórhildi Oddsdóttir; Olly Poulsen; Brynhildi Önnu Ragnarsdóttir; og ritstjórnann Karen Risager. Bókina má sækja á <https://vigdis.hi.is/wp-content/uploads/2022/11/sprogligt-rafr.pdf>

*Þýtt úr dönsku: Þórhildur Oddsdóttir og
Brynhildur Anna Ragnarsdóttir*

Pýðingar

Um Cristinu Civale

Ég skrifa af því að aðrar gerðu það á undan mér.
Mig dreymir, ég elska og er aldrei ein.¹

Argentínski rithöfundurinn, blaðamaðurinn og menningarfrömuðurinn Cristina Civalé (f. 1960) lauk BA-gráðum í fjölmiðlun og bókmenntafræði frá Buenos Aires-háskóla árið 1985 og framhaldsnámi í handrita- og kvikmyndagerð frá San Antonio de los Baños kvikmyndaskólanum á Kúbu, árið 1988.² Eftir hana liggur fjöldi myndverka bæði í heimalandinu og á Spáni. Sjónvarpsería hennar Innan frá (*Desde adentro*), sem *Canal 13* sýndi í Argentínu, vann til fjölda verðlauna. Civalé hefur starfað sem pistlahöfundur hjá dagblöðum og tímaritum eins og *Página 12*, *Gente* og *Diario Perfil* í Argentínu, *Elle* og *El País* á Spáni og *Elle* og *II Manifiesto* á Ítalíu. Síðasta áratuginn hefur hún verið ritstjóri menningartímaritsins *Gazpacho* sem Menningarmiðstöð Spánar í Buenos Aires gefur út og skrifað pistla fyrir *Ñ*, menningarkálf stórblaðsins *Clarín*. Menningar- og þjóðfélagsmál eru henni hagleikin þótt aðaláhersla pistlaskrifa hennar í seinni tíð sé innan kvikmyndarýni.

Civalé á að baki fjölskrúðugan rithöfundaferil. Hún kom fyrst fram á ritvöllinn með útgáfu þriggja skáldsagna á tíunda áratug síðustu aldar (þ.e. *Hijos de la mala madre* (1993), *Chica fácil* (1995) og

1 „Escribo porque antes otros lo hicieron [...] soñé y amé y no estuve más sola” (sjá: <https://www.amazon.com/-/es/Cristina-Civale/dp/9871583095>).

2 Civalé hefur leikstýrt bæði stutt- og heimildamyndum. Meðal þeirra eru: *Un hombre en el pasillo* (1987) ásamt *Mucho macho*, *Todos los hombres son mortales*, *Yo no soy una cualquiera* og *Indulto no*, frá tíunda áratug síðustu aldar. Að auki hefur hún tekið þátt í gerð sjónvarpsseríanna *De poeta y de loco* (1996) og *Laura y Zoe* (1998) og skrifaði handrit kvikmyndarinnar *Un argentino en Nueva York* (1997) ásamt Graciela Maglie.

Perra virtual (1998)). Bækurnar ollu miklu fjaðrafoki vegna hispurslausra frásagna af lífi kvenna á barmi taugaáfalls, eins og kvikmyndaleikstjórinn Almódovar orðaði það á sínum tíma. Kvenpersónur umræddra verka eru lauslátar, hefnigjarnar og ákafar. Þær drekka ótæpilega og neyta eiturfylla, þær láta sig viðhorf annarra engu varða og gera lítið úr atgervi og áhrifum karla. Þær ögra viðteknum hugmyndum um konuna sem göfuga, hreinlynda og heilsteypta veru sem setur þarfir og langanir annarra umfram sínar eigin um leið og þær gangast við skorti á eftirtektarverðum fyrirmyndum.

Í kjölfarið gaf Civalé út bækur sem byggðust á rannsóknarblaðamennsku með sjálfsævisögulegu ívafi. Meðal þeirra eru *Þrælar: Aðkallandi skýrsla um flóttafólk á Spáni* (*Esclavos: informe urgente sobre la inmigración en España*, 2004); *Argentínskur iðnaður: Samtímalist í smíðum* (*Industria argentina: arte contemporáneo en construcción*, 2007); *Vitnisburðir frá landamærum: ferðir um mörk tilverunnar* (*Crónicas desde la frontera: viajes al mundo trans*, 2008); og *Þúsund og ein nótt: Saga einnar nætur í hafnarborginni* (*Las mil y una noches, una historia de la noche porteña*, 2011). Árið 2019 kom svo út bókin *Brjóstalist: Konur sem breyttu lista-sögunni* (*El arte en tetas. Mujeres artistas que cambiaron la historia del arte*, 2019).

Cristina Civalé hefur einnig verið atkvæðamikil á vettvangi fagurbókmennta. Eftir hana liggja smásagnasöfnin *Fylliríssögur* (*Cuentos alcohólicos*, 2009) og *Örþamingja og aðrar sögur* (*Microfelicidad y otros relatos*, 2013), auk skáldsagnanna: *Þú verður maður lífs míns* (*El hombre de mi vida serás tú*, 2002); *Vertu sæl Ameríka* (*Adiós América*, 2005); og *Börn: Langt frá Disneylandi* (*Niños. Lejos de Disneylandia*, 2006). Síðustu verk hennar, sem öll hafa komið út hjá Milena Caserola útgáfunni, eru skáldsögurnar *Konurnar* (*Las tipas*, 2014); *Kunnugleg saga* (*Una historia familiar*, 2016); og *Mögulegir glæpir* (*Los crímenes posibles*, 2022).

Frásagnarmáti Civalé er ögrandi, snarpur og óvæginn. Hún fangar athygli lesenda með því að beina sjónum að skúmaskotum sem fáir fjalla um og gerir það með því að afhjúpa veikleika sögupersóna sinna sem birtast gjarnan í formi öfundar, óöryggis og heiftar – jafnvel illsku. Margar þeirra – sem oftast eru konur – falla gjarnan á eigin bragði og þurfa að horfast í augu við hvernig áform þeirra misheppnast. Verkin spretta úr stórborgarsamfélagi þar sem almennt

vantraust ríkir meðal íbúa og fjölskyldubönd hafa gliðnað. Samskipti kynjanna eru oftast en ekki byggð á fölskum forsendum, brostnum vonum og vansæld, og hver og einn olnbogast áfram í einstæðings-skap. Mistök, vonbrigði og jafnvel afhroð eiga við um sögulok margra verka Civalé en þrátt fyrir það er tónninn hvorki vonleysis-legur né mótaður af uppgjöf. Því er glettinn hæðnistónn og um-burðarlyndi gagnvart breyskleika sögupersónanna ráðandi í verkum hennar.

Í verkum sínum vinnur Civalé síendurtekið með mörk, viðmið og andstæður. Framsetning hennar á flæðandi landamærum snilli og brjálsemi, heilbrigðis og fíknar, minnis og gleymsku leiða lesandann að ákallandi spurningum um mörk lífs og dauða, ástar og haturs, góðs og illis og þess sem er viðtekið og bannað. Um eigin skrif segir Civalé:

Skriftir móta allt sem ég geri og orðin hríslast um mig. Ég skapa, legg til, virkja hugmyndir og held sífellt áfram. Eftir mig liggja annálar, erótískar sögur, frásagnir af skipbrotum og spennandi skáldsögur sem daðra jafnt við melódrama og ádeilu. Það að skrifa gerir mér kleift að leika mér, láta mig hverfa, ljúga, uppgötva, kanna, veita andspyrnu og horfa út fyrir eigið sjálf en kafa jafnframt í það. Ég skrifa af því að aðrar gerðu það á undan mér.³

Sögurnar sem hér birtast eru úr smásagnasafninu *Fylliríssögur* (*Cuentos alcohólicos*, 2009) og afhjúpa hversdagslegar aðstæður þar sem vonir standa til þess að áfengi töfri fram tilveru sem vert er að lifa í og laði fram sögur sem verðskulda það að vera sagðar.

3 Fengið af <https://www.amazon.com/-/es/Cristina-Civale/dp/9508520965>. Þýðing mín.

Malbec¹

Eldsnemma hvern laugardagsmorgun pakkaði mamma niður í tösku fyrir mig áður en hún fór á aukavakt í vinnunni. Þetta var alltof stór taska fyrir það sem hún taldi mig þurfa að taka með mér í skemmtigarðinn. Í hana fóru grænu baðfötin með hvítu tunglunum og gamla slitna brúna handklæðið sem hún hafði hætt að nota á baðherberginu. Í töskuna fóru einnig sandalarnir sem ég fékk í jólagjöf, gúmmíteygja í síða, hrokkna hárið mitt sem féll niður á bak og lítið hulstur með greiðu. Ég hefði líka viljað hafa sápu, sjampó og sólarvörn meðferðis en ég var svo hrædd við mömmu mína að ég þorði ekki að biðja um það. Hún var bara þannig. Á þessum tíma var hún þrjátíu og fimm ára og ég átta. Ef ég vogaði mér að biðja um einhvern óþarfa þegar við fórum í bæinn að versla átti hún það til að taka svo fast um lærið á mér að mar kom fram eftir alla fimm fingur hennar. Það þurfti ekki að vera annað en minnsta krús af ískurli eða *Jack*-súkkulaði, sem mig langaði svo mikið í af því að mér þótti gaman að safna litlu dýrunum sem leyndust í pakkanum. Oft þegar hún kom að mér þar sem ég lék mér með fallegustu dúkkuna mína, þessa sem talaði þegar ég togaði í snúru, hótaði hún að senda mig í heimavistarskóla ef ég togaði of fast. Vegna alls þessa kvartaði ég ekki út af töskunni. Mamma átti það til að kalla mig dekurdrós og græn augu hennar loguðu af bræði og skutu gneistum og fylltu mín af tárur.

Ég fór í skemmtigarðinn með pabba. Á laugardögum lokaði hann varahlutaverslun sinni þrátt fyrir að mamma heimtaði að hann hefði opið. Við vorum ekki efnuð. Þess vegna fór hún í vinnuna og hann með mig í garðinn. Í sannleika sagt átti hann engra annarra kosta vól

1 Cristina Civalé, *Microfelicidad y otros relatos*, Buenos Aires: Milena Caserola, 2013, bls. 315-323.

en að taka mig með af því að þau gátu ekki skilið mig eina eftir heima. Það sem hann raunverulega vildi var að skilja mig eftir, spila *botsía* við vini sína og borða steik. Honum þótti léttsteikt bris með chimichurri-sósu² afar gott og hann bað mömmu reglulega um að útbúa chimichurri með mikilli myntu. Það gerði hún eftir að hafa undirbúið kvöldverðinn, á meðan hann sat og reykti filterslausar sígarettur. Chimichurri-sósan var stolt móður minnar. Hún geymdi hana í litlum glerflöskum undan hóstasaft. Hún fjarlægði einfaldlega merkimiðann og sótthreinsaði flöskurnar vandlega. Pabbi gekkst upp í því að monta sig af sósunni við vini sína, en öfugt við móður mína upplifðu þeirra eiginkonur frelsi þessa laugardaga sem eiginnmenn þeirra fóru í garðinn til að spila *botsía*.

Alla laugardaga upp úr klukkan tíu tókum við pabbi strætó sem stoppaði fimm húsaröðum frá blokkinni þar sem við bjuggum, í Lerma og Córdoba hverfinu við útjaðar Villa Crespo. Mamma hafði tekið strætó klukkan hálfátta til að fara á þessa aukavakt og auðvitað hafði hún pakkað í töskuna mína. Hún hafði líka lagt fötin sem ég átti að klæðast þennan dag á stólinn í herberginu mínu. Þegar hún gerði það fannst mér alltaf eins og litirnir pössuðu ekki saman og heildarmyndina skorti fágun. Hvorki ég eða pabbi náðum að kveðja hana þennan dag. Við sváfum enn og þessa daga hagaði hún sér eins og auðmjúk eiginkona og þorði ekki að vekja okkur. Það var alger undantekning þegar hún kom heim úr vinnunni og færði mér *Jack*-súkkulaði og lagði þannig sjálfviljug til hlut í safn mitt af plastdýrum.

Hvað strætóinn varðaði var stoppistöðin tíu húsaröðum frá garðinum og við þurftum að klöngrast yfir stokka og steina að ánni, því til þess að komast þangað þurfti líka að taka ferju. Garðurinn stóð við Tigre-ána og tilheyrði starfsmannafélagi vinnustaðar mömmu, banka, þar sem hún starfaði sem aðstoðarkona eins af framkvæmdastjórunum. Ég vissi aldrei nákvæmlega hvað hún gerði en hún eyddi nánast öllum dögum þar, frá mánudegi til laugardags frá átta að morgni til sjö að kveldi og eftir það sá ég hana varla þar sem hún fór að heimsækja móður sína og kom heim rétt í tíma til að

2 *Mojellas con chimichurri* er argentínskur kjötréttur. Hann er samsettur úr léttsteiktu brisi í sósu sem gerð er úr fersku kryddi, hvítlauk og olíu. https://www.mbl.is/matur/frettitir/2017/05/02/argentinsk_kjotsosa_sem_fer_vel_med_kroppinn/

útbúa kvöldverðinn, þvo diskana, búa til chimichurri-sósu og koma mér í háttinn.

Í skemmtigarðinum leið mér eins og ég hefði einhver áhrif. Risavöxnu svæðin sem lágu niður að Lujan-ánni, breiðu göngustígarnir umkringdir trjám, ferjan sem flutti okkur frá einum bakka að hinum. Tigulegu marmaratröppurnar, tennisvellirnir sem ég steig aldrei fæti á og bátarnir sem ég sigldi aldrei með. Fólkið sem sótti garðinn var ólíkt því sem ég átti að venjast og í augum barnsins var það fjarlægt, glæsilegt og óaðgengilegt vegna klæðaburðar og fágæðrar framkomu. Allt þetta hjálpaði mér að takast á við einmana-leikann sem þessar ferðir í garðinn fylltu mig. Þar átti ég enga vini, átti ekki samskipti við neinn og sat ein á bekk á meðan pabbi og vinir hans léku *botsía*, leik sem ég skildi aldrei almennilega. Ég skildi aldrei hvenær pabbi tapaði og hvenær hann vann. Og það merkilega var að honum fannst þetta ekkert skemmtilegt. En til þess að geta verið í þessum draumaheimi þoldi ég gjaldið sem það kostaði, einsemdina og skilningsleysið.

Þegar tími var kominn til að grilla, afhentu pabbi og vinir hans öðrum hópi völinn og færðu sig yfir að grillunum. Sá úr hópnum sem hafði komið fyrstur hafði tekið það frá. Það var sjaldan sem faðir minn mætti fyrstur. Hópurinn settist við borðið og á meðan þeir gæddu sér á innmatnum, krydduðum pylsum, blóðpylsum og brisi, biðu þeir spenntir eftir steikinni og stundum fylgdi biti af lund. Það sem aldrei vantaði hins vegar voru tvær fimm lítra flöskur af rauðvíni. Innihaldið var þambað úr plastglösum og yfirleitt langaði þá í meira. Þeir voru ekki erfiðir með víni, það versta sem gerðist var að þeir lentu í hávaðarifrildi um pólitík. Enginn lét hendur skipta, enginn kastaði upp og enginn varð sérlega árásargjarn. Ég borðaði hálfa pylsu og sat við hliðina á pabba og hlustaði á samræðurnar eða hrópin ef því var að skipta. Það var skemmtilegt, en stundum þegar þeir voru svona háværir í langan tíma skammaðist ég mín og sat þögul eins og gröfin og velti fyrir mér hvað allt þetta fagaða fólk í kringum okkur hugsaði um þessi niðurlægjandi hróp og köll.

Einn laugardaginn gat pabbi ekki leikið *botsía* þar sem enginn af félögum hans mætti í garðinn. Pabba fannst þetta mjög óþægilegt og reyndi að koma sér inn í aðra hópa sem voru að spila en það gekk ekki. Þetta voru lokaðir hópar og þeir vildu ekki hafa hann með.

Álútur beindi hann því athyglinni að grillinu og byrjaði að undirbúa steikina. Í þetta skiptið grillaði hann bara steik og tæmdi heila vínflösku. Ég elti hann hvert fótmál. Hann settist pirraður niður og hrinti mér frá sér þannig að ég missti jafnvægið og datt næstum á gólfið. Þegar ég gerði mér grein fyrir því að félagsskapur minn skapraunaði honum settist ég við borðið sem við höfðum valið þennan dag og beið eftir því að hann rétti mér minn bita af steikinni. Við borðuðum í þögn. Pabbi greip aðra flösku og fyllti plastglasið sitt. Hann drakk næstum hálfa flösku í viðbót. Því næst féll hann sofandi fram á borðið eins og hann væri dauður. Fyrst brá mér en það varði aðeins í fáeinar mínútur því að þegar lágværar hrotur fóru að berast frá honum skildi ég að það var vínið sem hafði komið honum í þetta ástand meðvitundarleysis.

Mig langaði hvorki að hrista hann eða kalla nafn hans til að vekja hann. Ég var alltaf hrædd við viðbrögð foreldra minna þegar ég óskaði einhvers. Svona svaf hann í tvo tíma á meðan ég virti hann fyrir mér með meiri skömm en ég upplifði yfir hrópunum sem stundum bárust frá vinahópnum. Ég sat eins og steingervingur þessar tvær klukkustundir og fylgdist með því hvernig fágæðri meðlimir starfsmannafélagsins gengu hjá og hvísluðust á um eitthvað sem ég ímyndaði mér að hafi verið um pabba minn, sem lá þarna fram á borðið. Þegar hann vaknaði greip hann um handlegginn á mér. Hann lét mig klæða mig í fötin yfir sundfötin og leyfði mér ekki að fara í skóna. Ég var þess vegna í sandölunum og það var erfitt að ganga yfir grjótið á óhentugum skónum á leiðinni að strætónum sem flutti okkur heim.

Eins og alla aðra laugardaga komum við heim um sjöleytið. Mamma hafði komið fyrr heim þennan dag og var að strauja fötin sem hún hafði þvegið í vikunni. Pabbi heilsaði henni með snöggum kossi á kinnina og hljóp beint inn á baðherbergi. Á bak við lokaðar dyrnar heyrðum við hann kasta upp. Mamma hélt áfram að strauja og lét sem hún heyrði ekkert en ég tók eftir því að hún sperrti eyrun við hvert hljóð sem barst frá baðherberginu. Í fjórða eða fimmta skiptið sem hann kastaði upp, leit hún á mig og spurði hvar taskan mín væri. Mér til mikillar skelfingar uppgötvaði ég að ég hafði gleymt henni við hliðina á borðinu þar sem pabbi hafði setið og drukkið, og tekið þennan blund sem hafði valdið mér meiri skömm

en nokkuð annað sem hann hafði gert í lífinu. Ég reyndi að stama út úr mér svari og útskýra hvað hafði gerst; vínið, blundurinn, snögg brottförin en mamma var þegar komin með hægri höndina yfir lærin á mér á meðan hún hvæsti:

„Vanþakkláta krakkaskömm. Það tók mig tvo laugardaga að vinna fyrir þessari tösku.“ Ég laut höfði og beit á jaxlinn til að þola högginn. Pabbi kom út af baðherberginu einmitt þegar mamma sló síðasta höggið.

„Ef þú ert slegin, sláðu þá fastar“ skipaði hann mér.

Umhugsunarlaust hlýddi ég honum og sló mömmu mína utan undir eins fast og ég gat. Hún varð eldrauð á kinninni, jafnrauð og fæturnir á mér. Mamma hörfaði undan mér. Ég veit ekki hvort hún var hissa eða skammaðist sín. Pabbi leit á hana og hvarf út um dyrnar. Mamma hélt áfram að strauja og af og til strauk hún vangann sem virtist aumur. Pennan dag kom pabbi óvenju seint heim.

Við fórum aldrei aftur í garðinn. Pabbi hætti að spila *botsía* og hóf að hafa opið í versluninni á laugardögum. Mamma hélt áfram að vinna yfirvinnu en nú tók hún bara hálfar vaktir. Hvað mig varðar hafði mamma varla fengið fyrstu launin eftir atvikið með löðrunginn þegar hún færði mér tösku, alveg eins og þá sem ég hafði týnt. Það sama kvöld henti ég henni í ruslið. Með öllu sem í henni var.

Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr frummálinu

Bloody Mary¹

Við hittumst á hverju föstudagskvöldi klukkan sjö á *happy hour* á bar við San Martín-götu. Leiðir okkar lágu saman fyrir tæpu ári þar sem við skoðuðum geisladiska í Zivals-búðinni á horni Callao- og Corrientes-götum. Við kynntumst þó fyrst fyrir rúmum tíu árum þegar við stunduðum nám í félagsfræði við háskólann og urðum góðir vinir síðustu þrjú árin. Við hittumst ekki aftur fyrr en þennan dag í plötubúðinni. Við heilsuðumst eins og við hefðum hist í gær. Samstundis mynduðust þægileg kunnuglegheit á milli okkar og okkur leið eins og vinirnir sem við höfðum verið í skólanum. Ólíkt flestum karlmönnum sem ég þekki hafði hann hvorki bætt á sig aukakílóum né misst hárið á þessum árum. Við vorum bæði skilin. Hann fyrir fjórum mánuðum við kærustu sína til margra ára og ég fyrir sex mánuðum við manninn sem ég varð ástfangin af. Daginn sem við hittumst gengum við niður Corrientes-götu og töluðum viðstöðulaust. Við reyndum að vinna upp tímann sem við höfðum ekki hist og gátum ekki munað af hverju. Áköf sögðum við hvort öðru hvað á daga okkar hefði drifið. Þannig fór að við settumst niður á bar við San Martín-götu og fengum okkur kaffi, hvern kaffibollann á fætur öðrum. Þegar við kvöddumst ákváðum við að hittast á *happy hour* næsta föstudag. Með þeim óformlega hætti var lagður grunnur að vikulegum fundum okkar.

Eftirsjá einkenndi fundi okkar frekar en erótískur eða rómantískur undirtónn. Við hittumst til að drekka. Við vorum bæði vængbrotin og biðum eftirvæntingarfull þessara föstudagseftirmiðdaga, þar sem við veltum okkur til skiptis upp úr eigin óhamingju og sambandslitum. Ég held að okkur hafi fallið vel að velta okkur upp úr óförum

1 Cristina Civalé, *Microfelicidad y otros relatos*, Buenos Aires: Milena Caserola, 2013, bls.331–339.

okkar, að kvarta eins og þessi síendurtekna saga væri hinn eini sanni drifkraftur lífs okkar. Það var afsökun fyrir því að hlusta á ópreytingandi raddir okkar tjá sömu orðin, sömu réttlætningar. Það var betra en að tala við sjálfan sig úti á götu eða fyrir framan spegilinn. Annað skipti ekki máli. Við spurðum einskis, hvorugt okkar dirfðist að gagnrýna eða spyrja hver bæri ábyrgð á því sem gerst hafði. Við töldum það sjálfgefið að við værum fórnarlömb duttlungafullra örlaga sem hefðu látið reiði sína bitna á okkur og tveir af útsendurum þeirra hefðu eyðilagt líf okkar.

Venjulega drukkum við tvær umferðir á *happy hour* og okkur líkaði hugmyndin um að prófa mismunandi drykki. Fyrir skilnað var hvorugt okkar vant að drekka annað en miðlungsdýr vín, svo fundirnir snerust um að sefa sorgir okkar í fínun kokteilmum.

Feimnin rjátlaðist af vini mínum í seinni umferð *happy hour* og þá rifjaði hann upp fyrir mér í smáatriðum, næstum eins og hann væri að endurupplifa augnablikið, kvöldið sem hann kom heim til sín og öll raftækin voru horfin, allt frá skröltandi örbylgjuofninum sem þau fengu í brúðargjöf til glænýja sjónvarpsins sem hann var enn að borga af. Á stofuborðinu fann hann skilaboð skrifuð með áberandi rauðu bleki á nýlegt yfirlit yfir sameiginlega bankareikninginn, sem undirstríkuðu hin óvæntu sambandsslit. Á bakhlið yfirlitsins las hann texta með upphrópunarmerkjum sem hann túlkaði sem skipun. Þar stóð að hann ætti ekki að leita hennar, honum ætti ekki að detta það til hugar, því að á þessu augnabliki væri hún komin langt í burtu og sæi glottandi fyrir sér andlit hans. „Tíkin stal öllu frá mér“, hrópaði hann á þessu augnabliki sögunnar og bætti því við niðurbrotinn og snöktandi að þennan dag hefði úrslitaleikur Libertadores-deildarinnar farið fram. Hann bætti við að sökum þess að hann var óvænt yfirgefinn og umfram allt vegna sjónvarpsleysis, varð hann að horfa á leikinn á reykfylltum bar – á þeim tíma var enn leyfilegt að reykja á börum – og aldrei gleymdi hann að bæta við hversu mikið hann hataði tóbaksreyk.

Hann var kominn á fjórða drykk og með tilþrifum sagði hann síendurtekið sömu söguna. Það var ekki fyrr en að við kvöddumst með fólkskum kossi á kinnina, að mér tókst að segja mína sögu, segja honum – eða öllu heldur endurtaka – að ég hefði loks haft hugrekki til að yfirgefa manninn minn þegar hann braut á mér vinstri úln-

liðinn í þriðja skiptið. Hann tók þá hönd mína, þá sem hafði brotnað þrisvar sinnum og kyssti hana eins og heiðursmaður. Að því loknu skildu leiðir og við fórum að telja niður dagana til næsta *happy hour*.

Tilviljanakenndri röð atburða var þó hvergi nærri lokið. Á fjögurra daga tímabili misstum við bæði vinnuna. Hann hjá ráðgjafafyrirtæki þar sem hann hafði starfað í rúm tíu ár og ég á mannauðsdeild rannsóknarstofu. Fyrirtækið framleiddi ýmsar vörutegundir en var frumkvöðull í framleiðslu mangósjampós. Þó að það hafi ekki verið góðar fréttir að missa vinnuna á okkar aldri – við vorum næstum fertug – hættum við ekki okkar *happy hour* helgisið. Við hættum einungis að hittast á barnum á San Martín-götu og fórum að hittast heima hjá okkur. Við skiptumst á, einn föstudag heima hjá honum, annan heima hjá mér. Hann átti hugmyndina. „Til þess að spara“, lagði hann til, og þar sem mér fannst það ekki svo vitlaust, samþykkti ég umyrðalaust.

Þetta kvöld hittumst við heima hjá mér. Þetta var ekki bara einhver dagur. Við fögnuðum föstudagsfundum okkar til hálfis árs og af því tilefni ákvað ég að útbúa nokkra *Bloody Mary*-drykki, drykkinn sem innsiglaði þennan helgisið sem fundir okkar voru.

Ég fletti uppskriftinni upp á netinu og gætti þess að hún væri sú rétta: vodka, kældur tómatsafi, skvetta af sítrónusafa, önnur af Worcestershire-sósu, nokkrir dropar af Tabasco, örlítið af salti og cayenne-pipar. Á meðan ég kannaði hvernig ætti að blanda drykkinn komst ég að uppruna hans. Nafnið var kennt við Maríu Tudor, dóttur Hinriks VIII, og blóðugar ofsóknir sem hún háði á Englandi gegn hverjum þeim sem ekki var mótmælandi. Ég fann líka mismunandi og hrollvekjandi útgáfur sem tengdu nafn drykkjarins við djöfullegar þjóðsögur, fullar af skelfingu og dauða, þjóðsögur sem ráðlögðu meðal annars að segja ekki „Bloody Mary“ fyrir framan spegil vegna þess að það eitt kallaði fram djöfulinn. Mér fannst þetta hlægilegt. Engu að síður, til að forðast yfirnáttúruleg óhöpp, ákvað ég á síðustu stundu að útbúa suðurameríska útgáfu drykkjarins. *Bloody Mary* með tekíla í stað vodka og án áhvílandi bölvunar. Tekíla var ekki til í áfengisbirgðum mínum og þótt stuttur tími væri til stefnumótsins varð ég að fara og kaupa tekíla. Það var ekki auðvelt að finna flösku af Los Valientes. Ég fór í þrjár verslanir og fékk tekílað svo að lokum í verslun sem var í fjörutíu mínútna akstursfjar-

lægð frá heimili mínu. Ég kom til baka rétt tímanlega til að útbúa drykkina. Ég hellti réttu magni af tekíla í hristarann, bætti við Tabasco, sítrónusafa og dropum af Worcestershire-sósu, stráði ögn af salti yfir og þegar ég ætlaði að leggja lokahönd á drykkinn með örliðlum pipar, rann hristarinn til og skall í gólfið á sama augnabliki og vinur minn hringdi dyrabjöllunni. Ég reyndi að vera róleg. Ég andaði djúpt, sagði við sjálfa mig að ég myndi bæta úr þessu fljótlega og fór niður til þess að opna dyrnar. Ég sagði honum að fara upp í íbúðina og lofaði honum að ég kæmi aftur innan fimm mínútna. Án nokkurra útskýringa – sem hann bað annars ekki um – skildi ég hann eftir við lyftuna á meðan ég hljóp í búðina handan við hornið til að kaupa pipar, bara einhvern pipar.

Ég var komin til baka innan fjögurra mínútna. Hann var að skoða bækurnar mínar, við brostum hvort til annars án þess að segja nokkuð og ég fór inn í eldhús til þess að ljúka við undirbúninginn og setti glösin sem ég hafði keypt daginn áður á bakka. Á meðan ég síslaði þetta, bárust einkennilegar raddir úr stofunni. Ég gat ekki greint hverjum þær tilheyrðu. Í eina sekúndu hugsaði ég um djöfullega bölvun en vísaði þeirri hugsun strax á bug og ákvað að trúa því að það sem ég heyrði bærst frá nálægri íbúð.

Ég setti glösin á bakkann, skildi eftir fullan kokteilhristara og bjó mig undir að fagna loksins afmælinu okkar. Um leið og ég gekk út um eldhúsdyrnar efaðist ég ekki lengur. Raddirnar komu í raun úr stofunni, nánar tiltekið úr sjónvarpinu, frá íþróttafréttamanni sem lýsti fótboltaleik með tilþrifum.

Ég horfði hissa og spyrjandi á hann en hann skynjaði það ekki vegna þess að augu hans voru límd við sjónvarpið.

Ég lagði bakkann frá mér á sófaborðið.

– Usss, usss, usss – hreytti hann út úr sér pirraður.

Ráðvillt og án þess að hafa áætlun um það hvernig ég ætti að bregðast við hegðun hans tókst mér að ná fjarstýringunni sem var við hliðina á honum í stólnum. Hann teygði hönd sína ósjálfrátt í átt að hönd minni – þeirri sem hélt á fjarstýringunni – og, sneri hana af svo miklu afli að ég æpti af sársauka og fjarstýringin féll í gólfið. Það var vinstri höndin, sú sem hann var vanur að kyssa eins og herramaður. Ópið rann saman við langvinnt og ósvífið öskrið í honum vegna marksins sem var skorað. Þegar fagnaðarlátunum lauk tók hann upp

glasið sitt til að hefja helgisiðinn, og kvarta muldrandi eins og alltaf. Ég stóð upp úr stólnum, gekk að sjónvarpinu og slökkti á því með ómeiddu hendinni.

– Farðu – skipaði ég honum, á meðan ég sótti fjarstýringuna af gólfinu. Ég þrýsti á hnappinn til þess að athuga hvort hún virkaði eftir fallið. Kveikti, slökkti, kveikti og slökkti aftur. Hún virkaði fullkomlega. Það var eins og hann væri að bíða og sjá hvort fjarstýringin virkaði eða hvort ég myndi hafa kveikt á sjónvarpinu, vongóður um að ég hætti athugun minni svo hann gæti staðið upp og kysst slasaða hönd mína. Ég leyfði honum það ekki. Mér virtist augljóst að helgisiður okkar hefði fengið skyndilegan endi.

– Farðu – endurtók ég með ákveðinni röddu, án nokkurrar gremju.

Þá fyrst fór hann, tómlátur. Með gagnkvæmu tómlæti heyrði ég varla þegar hurðin lokaðist, útbjó íspoka og hugsaði ekki um hann aftur. Ég drakk hægt og rólega allan *Bloody Mary*-drykkinn sem ég hafði útbúið, naut hans í hægindastólnum mínum á meðan ég strauk úlnliðinn.

Ég var hvorki sár né hissa. Hvorki á honum né á mér. Þeir voru hver öðrum líkir. Það blasti við. Annað skipti ekki máli.

Ég fann ekki mikið til í hendinni. Ég þurfti því ekki að huga að endurhæfingu vegna fjórða beinbrotsins og það var, frekar en nokkuð annað, raunverulegur sigur.

Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr frummálinu

Höfundar, þýðendur og ritstjórar

Bergþóra Kristjánsdóttir (f. 1952) lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Árósum, Danmarks Institut for Pædagogik og Uddannelse 2006 og er nú lektor emeritus í dönsku sem öðru máli og tvítyngi sama stað (DPU). Bergþóra hefur skrifað bækur og greinar um menntun í fjölmenningarlegu samfélagi. Netfang: *bekr@edu.au.dk*

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir (f. 1949) lauk meistaraþrófi í menntunarfræðum frá Háskóla Íslands. Hún starfaði sem dönskukennari, norrænn kennsluráðgjafi, námsefnishöfundur og síðast forstöðumaður Tungumálavers Reykjavíkurborgar. Netfang: *brynhildurannar@gmail.com*

Cristina Civalé (f. 1960) er argentínskur blaðamaður og rithöfundur.

Erla Erlendsdóttir (f. 1958) lauk doktorsprófi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barselóna og er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands. Netfang: *erlaerl@hi.is*

Geir Þ. Þórarinnsson (f. 1978) er aðjunkt í klassískum málum við Háskóla Íslands. Hann lauk MA-prófi í klassískum fræðum og heimspeki fornaldar frá Princeton-háskóla í Bandaríkjunum. Netfang: *gtt@hi.is*

Hólmfríður Garðarsdóttir (f. 1957) lauk doktorsprófi í spænsku, með áherslu á bókmenntir Rómönsku-Ameríku, frá Texas-háskóla í Austin árið 2001. Hún er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands. Netfang: *holmfr@hi.is*

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir (f. 1985) er aðjunkt í rússnesku við Háskóla Íslands. Hún lauk BA-gráðu í almennum málvísindum frá Ríkisháskóla Sankti-Pétursborgar 2011, meistaraþrófi í almennum

málvísindum frá Háskóla Íslands 2014 og doktorsprófi í íslenskri málfræði frá sama skóla 2023.

Katelin Marit Parsons (f. 1985) er adjunkt við Íslensku- og menningardeild við Háskóla Íslands og ritstjóri gagnagrunnsins Handrit íslenskra vesturfara (vesturheimur.arnastofnun.is). Hún lauk doktorsprófi í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands árið 2020. Netfang: *kmparsons@hi.is*.

Lara Wilhelmine Hoffmann (f. 1990) er nýdoktor við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi frá Hug- og félagsvísindasviði við Háskólann á Akureyri árið 2022. Netfang: *laraw@hi.is*.

Marion Lerner (f. 1968) lauk doktorsprófi í norrænum fræðum frá Humboldt-háskóla í Berlín, MA-prófi í menningarfræði frá sama háskóla og MA-prófi í þýðingafraeði frá Háskóla Íslands. Hún er dós-ent í þýðingafraeði við Háskóla Íslands. Netfang: *marion@hi.is*.

Markus Hermann Meckl (f. 1967) er prófessor við Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Netfang: *markus@unak.is*.

Oddný G. Sverrisdóttir (f. 1956) lauk doktorsprófi í þýskum fræðum, málvísindum og norrænu frá Westfälische Wilhelms-háskólanum í Münster og er prófessor í þýsku við Háskóla Íslands. Netfang: *oddny@hi.is*

Yvonne Höller er prófessor í sálfræði við Háskólann á Akureyri. Hún lauk doktorsprófi í sálfræði frá Háskólanum í Salzburg árið 2010 og Dipl.Eng.-gráðu í tölvunarfræði frá sama skóla árið 2012. Netfang: *yvonne@unak.is*.

Þórhildur Oddsdóttir (f. 1953) lauk MA-prófi í dönsku með áherslu á kennslufræði tungumála frá Háskóla Íslands og er fv. adjunkt í dönsku við sama skóla. Netfang: *thorbild@hi.is*